



1. hefti TÍMARIT 5. árg  
**LÖGRÉTTU**  
Félags laganema við Háskólann í Reykjavík

HÖFÐABORGARSAMNINGURINN  
EFTIR *Erlend Gíslason*

A

SKATTALEG HEIMILISFESTI  
EINSTAKLINGA - Á ÍSLANDI  
EFTIR *Jón Elvar Guðmundsson*

B

SKATTAREGLUR OG EES-  
SAMNINGURINN  
EFTIR *Önnu Lindu Bjarnadóttur*

C

VIÐURLÖG VIÐ SAMKEPPNISBROTUM  
EFTIR *Rögnu Björk Ragnarsdóttur*

D



Kredítkort, endurgreiðslukort, afsláttarkort  
og Vildarkort Icelandair - allt í einu korti.

 **eKORTIN**

 **KAUPPING**  
Hugsum lengra



**Fáðu borgað þegar þú borgar með e-kortinu frá Kaupþingi**

**e-kortin** eru fyrir þá sem kjósa sveigjanleika í greiðslum, vilja hagræði af kortanotkun sinni og njóta um leið fríðinda á ferðalögum.

**e-Vildarkort** færa þér endurgreiðslu og vildarpunkta í sömu færslunni.

Kynntu þér kosti **e-kortanna** á [www.kaupthing.is/ekortin](http://www.kaupthing.is/ekortin)  
eða í þjónustuveri Kaupþings í síma 444 7000

<b>A</b>	HÖFÐABORGARSAMNINGURINN EFTIR <i>Erlend Gíslason</i> .....	9
<b>B</b>	SKATTALEG HEIMILISFESTI EINSTAKLINGA - Á ÍSLANDI EFTIR <i>Jón Elvar Guðmundsson</i> .....	33
<b>C</b>	SKATTAREGLUR OG EES-SAMNINGURINN EFTIR <i>Önnu Lindu Bjarnadóttur</i> .....	53
<b>D</b>	VIÐURLÖG VIÐ SAMKEPPNISBROTUM EFTIR <i>Rögnu Björk Ragnarsdóttur</i> .....	59

## ÚTGEFANDI

Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík

## RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR

Gunnar Örn Petersen

## RITNEFND

Hrafnhildur Sæberg Þorsteinsdóttir

Páll Jónsson

Þorvaldur Hrafn Yngvason

## RITRÝNINEFND

Guðmundur Sigurðsson, formaður

Guðrún Gauksdóttir

Hákon Árnason

Jakob R. Möller

Oddný Mjöll Arnardóttir

## PRÓFARKALESTUR

Arnar Eggert Thoroddsen

## HÖNNUN OG UMBROT

Hörður Kristbjörnsson

## HEIMILISFANG OG NETFANG

Tímarit Lögréttu

Ofanleiti 2

103 Reykjavík

ritnefnd@logretta.is

## RITRÝNDAR FRÆÐIGREINAR

Erlendur Gíslason: Höfðaborgarsamningurinn um alþjóðleg réttindi í hreyfanlegum tækjum og bókun er varðar loftför og búnað í loftförum

Jón Elvar Guðmundsson: Skattaleg heimilisfesti

# MEISTARANÁM

## VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- Rannsóknartengt meistaranám til ML-gráðu.
- Reiknað er með að námið taki tvö ár.
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Markmið námsins er að þjálfra og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragna.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðsviði.

## YFIRLIT YFIR KJÖRGREINAR OG MÁLSTOFUR Í MEISTARANÁMI 2008-2010

### HAUST 2008

Kjörgreinar/málstofur	Kennarar
Advanced Legal English	Erlendína Kristjánsson
Alþrotaráæði II	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðavískeypti	Þóris Ingadóttir og James H. Mathis
Evrópuréttur á sviði fjármálaþjónustu	Hallgrímur Asgeirsson
Evrópuréttur IIA/Free movement of goods and adjacent areas	Peter Chr. Dyrberg
Evrópuréttur III/Competition Law	Peter Chr. Dyrberg
Gagnaflutningur og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Óddný Mjöll Arnardóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Guðrún Gauksdóttir
Málstofa II í stjórnsýslurétti	Margrét Vala Kristjánsdóttir
Endurskoðun og eftirfylgni stjórnvaldsáskráðana	Ragnhildur Helgadóttir og Sigurður Tómas Magnússon
Málstofa í botarétti	Guðmundur Sigurðsson
Málstofa í fjármálarétti	Páll Þórhalsson
Málstofa í stjórnskipunarrétti	Ragnhildur Helgadóttir
Málstofa um höfundarrétt	Rán Tryggvadóttir
Málstofa um stjórnhætti hlutfélaga	Áslaug Björgvinsdóttir
Neytendamarkaðsréttur	Gísli Tryggvason
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition	Þóris Ingadóttir
Umhverfisréttur	Ragna Arnadóttir og Sigríður Auður Arnardóttir
Útanríkismál Íslands	Guðni Th. Jóhannesson
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (I)	Þóris S. Gunnarsson
ML ritgerð	
Starfsnám	

### VOR 2009

Kjörgreinar/málstofur	Kennarar
Alþjóðadómstolar og frísamlegar úrtausnir deilumála	Þóris Ingadóttir
Alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir	Áðalsteinn E. Jónsson og Einar Páll Tammim
Alþjóðlegir og innlendir fjármagnunarsamningar	Áðalsteinn E. Jónsson
Alþjóðlegur skattaréttur	Gunnar Gunnarsson
Bandískri réttarsaga	Steinn Jóhannsson og John A. Prinsner
réttarkerfi og lög	Teemu Ruskola
Business & Economic Law in China	Hallgrímur Asgeirsson
Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða	Hallgrímur Asgeirsson
Evrópuréttur IIB/Free movement of persons, services and capital	Peter Chr. Dyrberg
Evrópuréttur IV/The State and Competition	Peter Chr. Dyrberg
Gagnaflutningur og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Hagnýtt réttarheimseki	
Hagnýtt samningaréttur	Áðalsteinn Leifsson og Guðrún B. Birgisdóttir
Hugverkarréttarsamningar	Jón Vilberg Guðjónsson og Rán Tryggvadóttir
Ísensk stjórnmál	Guðni Th. Jóhannesson
Málstofa í almenntryggingarétti	Guðmundur Sigurðsson og Ragnhildur Helgadóttir
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthias G. Pálsson
Málstofa: Auðlindir og stjórnsýsla	Elin Smáradóttir og Margrét Vala Kristjánsdóttir
Frá hugmynd til framkvæmdar	Steinninn Guðbjartsdóttir og Valgerður Valdimarsdóttir
Skuldaskilarettur	Þóris Ingadóttir
Vátryggingaréttur	Þóris Ingadóttir
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (II)	Þóris S. Gunnarsson
ML ritgerð	
Starfsnám	

### HAUST 2009

Kjörgreinar/málstofur	Kennarar
Alþrotaráæði I	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðleg lausafjárkaup	Þóris S. Gunnarsson
Alþjóðlegur skattaréttur II	Gunnar Gunnarsson
Einkaleyfaréttur	Jón Vilberg Guðjónsson
Evrópskur fjármálaréttur	Páll Þórhalsson
Evrópuréttur á sviði fjármálaþjónustu	Hallgrímur Asgeirsson
Evrópuréttur IIA/Free movement of goods and adjacent areas	Peter Chr. Dyrberg
Evrópuréttur III/Competition Law	Peter Chr. Dyrberg
Fjárskiptaréttur	Jóhanna H. Halldórsdóttir og Sigurjón Ingavason
Gagnaflutningur og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon
Hlutverk verjanda í opinberum málum	Björn L. Bergsson og Guðrún Sesselja Arnardóttir
Lagakenningar	Arnar Þór Jónsson og Davíð Þór Björgvinsson
Legal Communication	Peter Chr. Dyrberg
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd	Óddný Mjöll Arnardóttir
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Óddný Mjöll Arnardóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Guðrún Gauksdóttir
Málstofa um stjórnhætti hlutfélaga	Áslaug Björgvinsdóttir
Neytendamarkaðsréttur	Gísli Tryggvason
Sjó- og flutningaréttur	Einar Baldvin Axelsson og Guðmundur Sigurðsson
Stjórnsýsluréttur II	Margrét Vala Kristjánsdóttir
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition	Þóris Ingadóttir
Útanríkismál Íslands	Guðni Th. Jóhannesson
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (II)	Þóris S. Gunnarsson
ML ritgerð	
Starfsnám	

### VOR 2010

Kjörgreinar/málstofur	Kennarar	Kjörgreinar/málstofur	Kennarar
Alþjóðastofnanir	Þóris Ingadóttir	Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir	Ólafur Haraldsson, Garðar Ó. Gíslason og Kristín Ewald
Alþjóðlegur einkamálaréttur	Herdis Hallmársdóttir og Gagnýn Ólafur Jónsson	Mannréttindi í vískeyptum	Páll Asgeir Davíðsson
Lagaskil og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon, Svala Ólafsdóttir og Björn Þorvaldsson	Málstofa í stjórnsýslurétti	Margrét Vala Kristjánsdóttir, Sesselja Erla Arnadóttir og Særun María Gunnarsdóttir
Business & Economic Law in China	Teemu Ruskola	Málstofa um auðlindir	Margrét Vala Kristjánsdóttir og Guðrún Gauksdóttir
Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða	Hallgrímur Asgeirsson	Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthias G. Pálsson
Evrópuréttur IIB/Free movement of persons, services and capital	Peter Chr. Dyrberg	Réttarsaga	Guðni Th. Jóhannesson og Ragnhildur Helgadóttir
Evrópuréttur IV/The State and Competition	Peter Chr. Dyrberg	Réttarsálfraði	Jón Vilberg Guðjónsson og Rán Tryggvadóttir
Fjárfestingafélag, verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir	Tómas Njáll Möller	Verktaka- og útbósréttur	Óthar Örn Petersen
Gagnaflutningur og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon	Vörumerkjarettur	Rán Tryggvadóttir
Hagnýtt samningaréttur	Áðalsteinn Leifsson og Guðrún B. Birgisdóttir	Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (III)	Þóris S. Gunnarsson
Heilbrigðisréttur	Dagga Pálsdóttir	ML ritgerð	
Ísensk stjórnmál	Guðni Th. Jóhannesson	Starfsnám	

Umsóknarfestur um inngöngu í meistaranámið haustið 2008 er til og með 31. mars.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík: [www.hr.is/lagadeild](http://www.hr.is/lagadeild)



# FRÁ RITSTJÓRA

Gunnar Örn Petersen

Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík, fagnar fimm ára afmæli sínu 8. mars næstkomandi. Félagið hefur vaxið hratt og varð strax í forystu nemendafélaga við Háskólann í Reykjavík. Tímarit Lögréttu er án efa flaggskip félagsins - táknið um það mikla og öfluga starf sem þar er unnið. Tímaritið hefur vaxið og eflst frá fyrstu útgáfu og æ fleiri höfundar sýna því áhuga að birta verk sín í ritinu. Strax í upphafi var grunnurinn lagður að því að í ritinu skyldu birtast vönduð skrif tengd lögfræði og í pistli fyrsta ritstjóra tímaritsins var skýr ritsjónarstefna mörkuð. Í tímaritinu skyldu birtast þrenns konar greinar. Í fyrsta lagi ritryndar fræðigreinar sem fela í sér sjálfstæða fræðilega rannsókn höfundar og nýtt framlag til þekkingar á lögfræðilegum viðfangsefnum. Í öðru lagi óritryndar greinar, t.a.m. styttri greinar, dómaumfjallanir og greinar um lagalega hlið mikilvægra málefna liðandi stundar. Í þriðja lagi útdrættir úr ritgerðum nemenda við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þessi þrískipta uppbygging er nú að festa sig í sessi og er óhætt að segja að hún kristallist í þessu hefti. Það er skýr stefna núverandi ritnefndar að efni blaðsins eigi að vera sem fjölbreyttast og teljum við því afar mikilvægt að hlúa að öllum greinaflokkunum þremur.

Til að ná fyrrnefndu markmiði um vandaðar ritryndar greinar var mótað sérstakt ritryñiferli sem stöðugt er í þróun og endurskoðun. Fyrir útgáfu þessa heftis hætti störfum fyrri ritryñinefnd sem skipuð var þeim Símoni Sigvaldasyni, Gizuri Bergsteinssyni og Kristínu Benediktssdóttur eftir tveggja ára gott starf fyrir Tímarit Lögréttu og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Samhliða því að skipa nýja ritryñinefnd var starfsemi nefndarinnar breytt verulega með það að markmiði að bæta ritryñiferlið enn frekar. Nefndina skipa nú fjórir ritryñendur og einn sérstakur verkefnastjóri sem einnig er formaður nefndarinnar. Ritryñiferlið

er tvíblint, þ.e. hvorki ritryñendur né höfundar vita deili hver á öðrum. Verkefnastjórinn er tengiliður milli þeirra og sér um að ferlið gangi vel og snuðrulaust. Í hinni nýju ritryñinefnd sitja Dr. juris Guðrún Gauksdóttir, Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir, Jakob R. Möller hrl. og Hákon Árnason hrl. Formaður nefndarinnar og verkefnastjóri er Dr. juris Guðmundur Sigurðsson.

Á vordögum 2007 urðu mikil tímamót í sögu lagadeildar HR. Voru þá í fyrsta skipti útskrifaðir nemendur úr meistaranámi í lögfræði. Ritnefnd Tímarits Lögréttu óskar þessum nemendum hjartanlega til hamingju með þennan merka áfanga um leið og hún vill þakka þeim fyrir að hafa tekið þátt í því frumkvöðlastarfi sem unnið hefur verið við deildina. Af þessu tilefni fannst ritnefndinni við hæfi að setja á fót nýjan þátt í blaðinu, þátt sem stefnt var á í upphafi en getur nú fyrst orðið að veruleika. Framvegis munu því birtast greinar úr meistaraaritgerðum nemenda við skólann. Fyrstu ritgerðina á Ragna Björk Ragnarsdóttir og fjallar hún um viðurlög við samkeppnisbrotum.

Þá eru tvær ritryndar greinar í blaðinu. Fyrst ber að nefna ritrynda grein Erlendar Gíslasonar um svokallaðan Höfðaborgarsamning um alþjóðleg réttindi í hreyfanlegum tækjum og bókun er varðar loftför og búnað í loftförum. Næst ber að nefna ritrynda grein Jóns Elvars Guðmundssonar um skattalega heimilisfesti. Greinin er að nokkru leyti hugsuð sem andsvar við grein Ásmundar G. Vilhjálmssonar sem birtist í síðasta hefti Tímarits Lögréttu.

Þá ber að nefna grein Önnu Lindu Bjarnadóttur um skattareglur og EES-samninginn í ljósi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. janúar 2007 í málinu nr. E-3650/2006.

Að lokum vil ég ítreka þakkir til fráfarandi ritryñinefndar og bjóða nýju nefndina velkomna til starfa.



## LIGGUR TÆKIFÆRIÐ ÞITT Á BORDINU HJÁ OKKUR?

Vegna mikillar eftirspurnar leitum við að öflugum einstaklingum á skrá.

Capacent Ráðningar sérhæfir sig í störfum fyrir einstaklinga með háskólamenntun. Til okkar leita öflugustu fyrirtæki landsins eftir fólki í hvers kyns störf. Við óskum eftir efnilegum útskriftarnemum á skrá fyrir mörg af áhugaverðustu fyrirtæki landsins.

Ef þú telur þig vera tilbúinn í slaginn fyrir nýtt og spennandi starf á fjölbreyttum vinnumarkaði, þá leitum við að þér. Fyrsta skrefið er að útbúa góða ferilskrá, skrá þig á heimsíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is), og senda ferilskrána til okkar.

Við hlökkum til að taka á móti þér.

Capacent Ráðningar er stærsta ráðningarstofa landsins og leggur mikla áherslu á trúnað við umsækjendur og fyrirtæki.

Við beitum faglegum vinnubrögðum og störfum eftir ákveðnum verkferlum sem tryggja gæði þjónustunnar.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR







**Erlendur Gíslason,**  
hæstaréttarlögmaður hjá LOGOS  
lögmannsþjónustu og stundarkennari við  
lagadeild HR

# HÖFÐABORGAR- SAMNINGURINN

*um alþjóðleg réttindi í hreyfanlegum tækjum  
og bókun er varðar loftför og búnað í loftförum<sup>1</sup>*

<b>I</b>	<b>INNGANGUR</b>	10
<b>2</b>	<b>HVAÐ ER HÖFÐABORGARSAMNINGURINN?</b>	11
<b>3</b>	<b>MARKMIÐIN MEÐ GERÐ HÖFÐABORGARSAMNINGSINS</b>	12
<b>4</b>	<b>RÉTTINDI SEM NJÓTA VERNDAR SAMKVÆMT SAMNINGNUM</b>	15
<b>5</b>	<b>GILDISSVIÐ SAMNINGSINS</b>	15
	5.1. Andlag	16
	5.2. Landfræðileg tenging við samninginn	16
	5.3. Er um að ræða samning, sem stofnar alþjóðleg réttindi?	17
	5.4. Formskilyrði	18
<b>6</b>	<b>ÚRRÆÐI KRÖFUHAFA</b>	20
	6.1. Úrræði veðhafa:	20
	6.2. Úrræði seljanda og leigusala	21
	6.3. Sérstök úrræði samkvæmt flugvélabókuninni, háð bókunum aðildarríkja	22
<b>7</b>	<b>BÓKANIR VIÐ SAMNINGINN</b>	23
	7.1. Opt-in Declarations	24
	7.2. Opt-out Declarations	24
	7.3. Skyldubundnar bókanir	24
<b>8</b>	<b>GILDISSVIÐ SAMNINGSINS GAGNVART GENFARSAMNINGNUM OG AFSTAÐAN GAGNVART ELDRI RÉTTINDUM</b>	25
<b>9</b>	<b>ALÞJÓÐLEGA RÉTTINDASKRÁIN</b>	27
<b>IO</b>	<b>ERU EFNI TIL AÐ ÍSLAND GERIST AÐILI AÐ SAMNINGNUM?</b>	29
<b>II</b>	<b>LOKAORÐ</b>	31

<sup>1</sup> Convention on International Interests in Mobile Equipment and Protocol thereto on Matters Specific to Aircraft Equipment.

## 1. INNGANGUR

Í grein þessari er fjallað um alþjóðlegan samning um svokölluð alþjóðleg réttindi í hreyfanlegum tækjum og bókun er varðar loftför og búnað í loftförum, en samningurinn var undirritaður í Cape Town í Suður-Afríku þann 16. nóvember 2001 og tók gildi 1. mars 2006. Samningurinn og bókunin um loftför og búnað í þeim fela í sér mikilvæg nýmæli á sviði skráningar réttinda yfir loftförum í þeim ríkjum, sem gerst hafa aðilar að samningnum. Unnt væri að rita í löngu máli um efnisatriði samningsins og þau fjölmörgu lögfræðilegu álitafæni, sem á getur reynt við beitingu og túlkun hans. Ekki verður ráðist í slíka umfjöllun á þessum vettvangi og því ljóst að grein þessi er engan veginn tæmandi lýsing á efnisþáttum samningsins, heldur er henni einungis ætlað að vera yfirlit yfir helstu efnisatriði samningsins og þau nýmæli, sem felast í honum, auk þess að kanna stuttlega, hvort efni séu til þess að Ísland gerist aðili að samningnum.

Núverandi fyrirkomulag á skráningu réttinda í loftförum styðst ekki við samræmt kerfi á alþjóðlega vísu. Fyrir hendi er svokallaður Genfarsamningur um viðurkenningu réttinda í loftförum, sem gerður var í Genf 19. júní 1948 og tók gildi 1953<sup>2</sup>. Hann hefur ekki náð þeirri útbreiðslu, sem vænst var, en alls 89 ríki hafa gerst aðilar að honum, auk þess sem hann þykir ekki svara nægilega þörfum viðskiptalífsins fyrir fjármögnun loftfara né vernda nægilega réttarstöðu þeirra, sem eiga hagsmuni í loftförum og tengdum hlutum. Nánar verður vikið að því á þessum síðum. Í ríkjum, sem ekki eiga aðild að Genfarsamningnum, gildir aðeins landsréttur um stofnun, skráningu og réttarvernd hvers kyns réttinda yfir loftförum og engin samræmd né gagnkvæm viðurkenning milli ríkja á slíkum réttindum. Það sem einkennir einkum viðskipti með

loftför og setur mark sitt á hagsmuni þeirra, sem láta fé í slíkar fjárfestingar, er það hve miklir hagsmunir eru í húfi og hve hreyfanlegir þær eignir eru, sem fjárfest er í. Sú spurning, sem allir bankar og aðrar fjármálastofnanir spyrja sig er: Hvernig getur bankinn best verndað fjárhagslega hagsmuni sína í tilteknu loftfari, ef það er stutt í fjarlægðu landi eða álfu, t.d. þegar skuldariinn verður ógjaldfær og hvernig getur bankinn öðlast sem besta tryggingu fyrir því, að hann geti endurheimt þá fjármuni, sem settir hafa verið í þessa mjög svo hreyfanlegu eign?

Höfðaborgarsamningurinn varð til í þessu umhverfi, sem lýst hefur verið, sem svar við þörf á samræmdu kerfi um stofnun, skráningu og réttarvernd fjárhagslegra réttinda yfir hreyfanlegum tækjum. Samningurinn var undirritaður 16. nóvember 2001 í lok ráðstefnu sendierindreka, sem haldin var í Cape Town í Suður-Afríku í október og nóvember 2001 undir merkjum Alþjóðflugmálastofnunarinnar (ICAO) og Alþjóðastofnuninni um samræmingu einkaréttar (UNIDROIT). Hér verður vísað til samningsins ýmist sem samningsins eða Höfðaborgarsamningsins og til bókunarinnar sem bókunarinnar eða flugvélabókunarinnar. Forsagan að undirbúningi samningsins og bókunarinnar nær aftur til ársins 1988, er settur var á fót að undirlagi UNIDROIT vinnuhópur er skyldi kanna þörfina á að setja samræmdar reglur um tryggingarréttindi í viðskiptum með ýmis konar tæki milli landa. Vinna þessa hóps miðaði snemma að því að setja á fót almennan samning og að við hann yrðu bókanir, sem tækju hver og ein til sértækra atriða er vörðudu mismunandi tegundir tækja. Að því er varðaði loftför og búnað í þeim var sett á fót undirnefnd (Aviation Working Group – AWG), sem í voru fulltrúar stórra framleiðenda í flugíðnaði og fjármálastofnana og átti undirnefndin samstarf við Alþjóðasamband flugfélaga (IATA<sup>3</sup>). Höfðaborgarsamningur-

<sup>2</sup> Convention on the International Recognition of Rights in Aircraft.

<sup>3</sup> International Air Transport Association.

inn og bókunin eru þannig ávöxtur samstarfs alþjóðastofnananna UNIDROIT og ICAO með stuðningi IATA og AWG. Eftir umfangsmikið starf við gerð samningstextans, sem unnið var í ýmsum nefndum og vinnuhópum, var endanlegur texti samningsins og bókunarinnar samþykktur í Cape Town í nóvember 2001 eins og áður segir. Gert er ráð fyrir að samþykktar verði sjálfstæðar bókanir vegna annars konar hreyfanlegra tækja, svo sem járnbrauta og eigna í geimnum („space assets“) og tækjabúnaðar þeim tengdum. Ráðstefna (Diplomatic Conference) sem haldin var í Lúxemborg 12. til 23. febrúar 2007 samþykkti nýlega bókun við Höfðaborgarsamninginn um alþjóðleg réttindi í hreyfanlegum tækjum tengdum járnbrautum. Vinna við gerð bókunar vegna eigna í geimnum er skemmra á veg komin.

Í þessari grein verður fjallað um eðli og markmið Höfðaborgarsamningsins sem alþjóðlegs samnings (kaflar 2 og 3), réttindi sem falla undir samninginn (kafla 4), gildissvið samningsins og inntak hugtaksins „alþjóðleg réttindi“ (kafla 5), vanefndaúrræði kröfuhafa (kafla 6), heimildir ríkja til að gera bókanir við samninginn (kafla 7), gildissvið samningsins gagnvart Genfarsamningnum frá 1948 og afstaðan gagnvart eldri skráðum réttindum (kafla 8). Stuttlega verður vikið að hinu rafræna skráningarkerfi og skráningarskilyrðum (kafla 9) og loks nokkrar hugleiðingar um hugsanlega aðild Íslands að Höfðaborgarsamningnum (kafla 10).

Ekki eru tók á því á þessum síðum að tæpa á öllum þáttum samningsins og því verður m.a. ekki fjallað um réttaráhrif alþjóðlegra réttinda gagnvart þriðju aðilum, framsal réttinda og aðilaskipti, réttarstöðu eftirlitsstofnunarinnar (Supervisory Authority) og skráningaradilans (Registrar) né heldur ábyrgð skráningaradilans. Þessir þættir biða umfjöllunar við annað tilefni.

## 2. HVAÐ ER HÖFÐABORGARSAMNINGURINN?

Höfðaborgarsamningurinn er í eðli sínu rammisamningur, sem einn og sér hefur ekki réttaráhrif hvað varðar einstakar tegundir hreyfanlegra tækja og búnaðar, sem hann fjallar um, fyrr en jafnframt hefur verið gerð bókun um tiltekna tegund tækja og búnaðar. Þannig hefur samningurinn almenna þýðingu fyrir hverja hinna þriggja tegunda hreyfanlegra tækja, sem í honum er fjallað um, þ.e. loftför, járnbrautir og eignir í geimnum, en ákvæðum hans verður ekki beitt um hvern flokk, nema fyrir liggja bókun um viðkomandi flokk, sem kveður á um gildistöku samningsins hvað þann flokk tækja varðar. Þannig getur ekki komið til þess, að ríki fullgildi einungis Höfðaborgarsamninginn sem slíkan, heldur aðeins samninginn ásamt bókun, er taki til flugvélatengdra hluta, járnbrauta eða eigna í geimnum. Kveðið er á um það í Höfðaborgarsamningnum að hann og bókanir við hann skuli lesnir og túlkaðir sem eitt skjal og reynist vera ósamræmi milli texta samningsins annars vegar og bókunarinnar hins vegar, þá skuli bókunin vera réttþærri<sup>4</sup>.

Þetta tveggja skjala kerfi samnings og bókana hefur ýmsa kosti<sup>5</sup>:

- *Samræmdar reglur gilda um alla þrjá flokka tækja að því leyti sem ekki er þörf sérstakrar umfjöllunar í bókun í stað þess að gera aðskilda samninga um hvern flokk;*
- *Þessi aðferð kemur í veg fyrir ósamræmi í reglum milli flokkanna þriggja og tryggir samræmda túlkun á þeim reglum, sem eru flokkunum þremur sameiginlegar og ekki er fjallað um í bókunum;*

<sup>4</sup> 6. grein samningsins.

<sup>5</sup> Sir Roy Goode, CBE, QC, Convention on International Interests in Mobile Equipment and Protocol thereto on

Matters Specific to Aircraft Equipment, Official Commentary, bls. 7.

— Sér tækum reglum er varða hvern og einn flokk eigna er haldið utan megin texta samningsins og þess í stað komið fyrir í sérstöku skjali, bókun. Þannig helst samningstextinn óhreyfður, jafnvel þótt breyta þyrfti efni bókunar vegna sérstakra sjónarmiða er varða viðkomandi flokk eigna.

Þrátt fyrir framangreint hefur einnig verið útbúinn samandreginn texti samningsins og bókunarinnar til að auðvelda yfirsýn yfir heildartextann.

Höfðaborgarsamningurinn og bókunin tóku gildi þann 1. mars 2006 eða fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir voru þrjú mánuðir frá því lögð var fram staðfesting um þriðju fullgildingu samningsins að því er tekur til flugvélabókunarinnar. Fyrir ríki sem síðar gerast aðilar að samningnum tekur hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því viðkomandi ríki fullgildir samninginn í tengslum við bókun um tiltekinn flokk tækja<sup>6</sup>.

### 3. MARKMIÐIN MEÐ GERÐ HÖFÐABORGARSAMNINGINS

Helstu markmið með gerð samningsins og flugvélabókunarinnar voru þessi:

- Að mæla fyrir um stofnun alþjóðlegra réttinda („international interest“) í loftförum, flugvélahreyflum og þyrlum, sem viðurkennd væru í öllum aðildarríkjum samningsins;
- Að veita kröfuhöfum ákveðin grundvallar réttarræði vegna vanefnda og gjaldþrota og skjótavirk bráðabirgðarræði;
- Að setja á fót rafræna, alþjóðlega skrá fyrir skrásetningu alþjóðlegra réttinda, þannig að þriðju aðilum væri gert kunnugt um tilvist réttindanna og forgangur þeirra tryggður gagnvart síðar skráðum réttindum, óskráðum réttindum og gagnvart þrotabúi skuldara;
- Að tryggja með gerð bókunar um hverja tegund

hreyfanlegra tækja að þörfunum á hverju sviði væri fullnægt;

- Með þessu móti að veita þeim sem hyggjast festa fé í verðmætum, hreyfanlegum tækjum næga vissu um að hagsmunir þeirra séu tryggðir og þannig auðvelda þeim ákvörðunina um fjárfestinguna, lækka fjármagnskostnað og auka verðmæti skuldarskjala, sem tryggð eru í hreyfanlegum tækjum.

Hér er notast við hugtakið „alþjóðleg réttindi“ yfir það sem í samningstextanum heitir „international interests“. Ekki er hafið yfir gagnrýni hvaða orðnotkun er höfð á íslensku um þetta enska hugtak. Orðið „interests“ getur þýtt í sinni víðtækustu merkingu „hagsmunir“, en hér hefur hugtakið „réttindi“ orðið fyrir valinu. Það hvaða orð verður fyrir valinu á íslensku hefur ekki úrslitabýðingu fyrir túlkun á inntaki hugtaksins í íslenskri lögfræðiumfjöllun, þar sem inntakið ræðst alfarið af ákvæðum samningsins og bókunarinnar. Í kafla 5.3 að neðan er því nánar lýst hvaða réttindi falla hér undir, þ.e. veðréttindi lánadrottna og eignarréttindi leigusala og seljenda loftfara. Það má því gilda einu hvort hér á landi sé fjallað um þessi réttindi sem alþjóðlega hagsmuni eða réttindi, þar sem á endanum lýtur inntak þess hugtaks, sem verður fyrir valinu, efnisákvæðum samningsins og því um að ræða réttindi „sui generis“ ef svo má segja.

Ástæður þess, að ráðist var í gerð Höfðaborgarsamningsins og flugvélabókunarinnar voru einkum þær að reynslan hafði sýnt að það réttarástand, sem menn hafa hingað til búið við í alþjóðlegum flugrétti hvað varðar yfirfærslu eignarréttinda og stofnun tryggingaréttinda, hefur ekki verið heppilegt, þegar í hlut eiga jafn hreyfanleg verðmæti og loftför, þyrlur og hreyflar eru. Svo sem getið var að framan skiptast ríki í annars vegar aðildarríki Genfarsamningsins

um viðurkenningu réttinda í loftförum og hins vegar ríki, sem ekki eiga aðild að þeim samningi. Þessi tvískipting þýðir að í lagakerfum landa er ólík nálgun um það hvaða lögum eigi að beita um löggæringa um loftför og um hvernig stofnað sé til veð- og annarra tryggingarréttinda yfir loftförum. Innan hvers flokks ríkja, þ.e. innan eða utan Genfarsamningsins, gilda þar að auki ólík réttarkerfi, sem gera heildarmyndina enn ósamstæðari. Þannig kveða hefðbundin lagaskilaskjónarmið alþjóðlegs einkamálaréttar á um að beita eigi lögum þess lands, þar sem eign er staðsett („lex situs“ eða „lex rei sitae“), t.a.m. fullnustu tryggingarréttinda í eign. Hins vegar kveður Genfarsamningurinn á um að beitt skuli lögum þess lands þar sem tryggingarréttindi eru skráð („lex registrii“). Taka má dæmi um loftfar, sem skráð er á Íslandi, á því hvílir veð, skráð í réttindaskrá loftfara, og vélin flýgur daglega á alþjóðlegum flugleiðum án þess að eiga viðdvöl í skráningarlandinu Íslandi, svo sem mörg dæmi eru um. Komi til vanefnda skuldara og vélin yrði kyrrsett í fjarlægju landi, kemur ekki til stórra vandkvæða um það lögum hvaða lands skuli beita um fullnustu veðréttinda í vélinni, svo lengi sem vélin er staðsett í ríki sem á aðild að Genfarsamningnum. En jafnshjött og vélin er staðsett í ríki, sem ekki á aðild að þeim samningi, skapast álítaefni um það hvaða lögum skuli beitt, þar sem líkur eru fyrir því að lög þess lands, þar sem vélin er staðsett, viðurkenni ekki lagaval byggt á Genfarsamningnum og árekstur verður milli lex rei sitae og lex registrii. Hagsmunir lánardrottna eru þeir að hafa sem mesta vissu fyrir því, hver réttarstaða þeirra verði, komi til vanefnda skuldara og þeir þurfi að endurheimta loftfar í fjarlægju landi. Ljóst er að hefðbundin skjónarmið alþjóðlegs einkamálaréttar um lex rei sitae eru ekki vel nothæf um þessi hreyfanlegu verðmæti.

Genfarsamningurinn, sem áður er nefndur, hefur ekki náð að skapa það réttarkerfi

um stofnun, viðurkenningu, skráningu og fullnustu réttinda í loftförum, sem nægir til að slá á óvissu þeirra sem hagsmunir hafa af fjárfestingum í loftförum. Þegar hefur verið nefnt að Genfarsamningurinn hefur ekki náð verulegri útbreiðslu. Aðildarríkin eru 89 og í þeim hópi eru ekki ríki, sem verulega þýðingu hafa í alþjóðlegri flugstarfsemi. Þá eru takmarkanir á efnislegu gildissviði hans, sem ekki samrýmast þörfum tímans. Samkvæmt Genfarsamningnum eru viðurkennd sem réttindi í loftförum eignarréttur, leiguréttindi og veðréttur, en hins vegar eru engin ákvæði um réttarráðgjafi til að tryggja þessi réttindi, ef til vanefnda kemur. Genfarsamningurinn hefur fyrst og fremst að geyma ákvæði um lagaval milli landa („conflicts of law Convention“), en leysir ekki vandann, sem hlýst af því hve ólík réttarkerfi heimsins eru hvað varðar skráningu og fullnustu réttinda, þannig að fjárfestar fái fullvissu um að réttindi þeirra haldi vatni. Samningurinn tekur aðeins til loftfara með hreyflum áfestum, en ekki flugvélahreyfla einna, þannig að ekki verður stofnað til réttinda yfir hreyflum sérstaklega. Hin síðari ár hefur vægi flugvélahreyfla einna og sér sem eignarréttarlegs verðmætis og andlags tryggingarréttinda banka og fjármálastofnana aukist verulega. Hreyflar fela þannig í sér sjálfstæða eign, sem ekki þarf að vera bundin varanlegum tengslum við einn flugvélastökk, heldur geta færst á milli, gengið kaupum og sölum og verið háðir leigusamningum óháð flugvélastökkunum, sem þeir eru settir á, þótt jafnan sé algengast að þeir fylgi tilteknu loftfari til lengri tíma. Ekki aðeins tekur Genfarsamningurinn ekki til réttinda yfir hreyflum sérstaklega, heldur leiðir af ákvæðum hans, að hreyfill í eigu A, sem settur er á loftfar í eigu B, verður hluti af loftfari B og fellur t.a.m. undir veð, sem hvílir á loftfari B<sup>7</sup>. Loks er ekki um að ræða samræmda alþjóðlega skráningu réttinda í loftförum á grundvelli Genfarsamningsins,

7 e. "accession of title" eða "annexation of title".

heldur þarf að skrá réttindi sérstaklega í því ríki sem í hlut á. Allt þetta hefur leitt til þess að Genfarsamningurinn hefur ekki þótt lengur svara kalli tímans um samræmda skilgreiningu alþjóðlegra réttinda í loftförum og hreyflum, samræmda skrásetningu slíkra skýrt skilgreindra réttinda og samræmdar lágmarksreglur um fullnustu slíkra réttinda.

Af framangreindum sökum hefur skapast réttaróvissa meðal lánveitenda og annarra, sem fjármagna loftför, um möguleika á fullnustu réttinda þessara aðila í ólíkum lagakerfum. Þetta hefur leitt af sér, að bankar og aðrir hafa haldið að sér höndum um að veita fjármagni til flugstarfsemi, einkum til þróunarlanda, sem og leitt til hærri fjármagnskostnaðar vegna þeirrar auknu áhættu, sem talin er felast í umræddri réttaróvissu.

Höfðaborgarsamningnum var ætlað að sporna við þessari réttaróvissu. Ljóst er að forsenda þess að það beri árangur er að samningurinn nái meiri útbreiðslu en Genfarsamningurinn hefur náð.

Hverjum er ætlað að njóta góðs af samningnum?

Talið er að einkum framleiðendur loftfara, flugvélahreyfla og þyrlna sem og flugfélög og flugvélaeigufyrirtæki muni hafa hag af gildistöku samningsins og bókunarinnar.

Í tilviki flugfélaga og flugvélaeigufyrirtækja er talið, að fjármagnskostnaður þeirra vegna kaupa á loftförum kunni að lækka verulega með tilkomu Höfðaborgarsamningsins. Jafnframt muni aðgangur þeirra að lánsfé aukast og batna. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa gefið til kynna, að vegna þeirrar auknu tryggingar, sem þeir telja að fylgi skráningu réttinda í hina alþjóðlegu réttindaskrá, muni lántakar frá ríkjum sem eru aðilar að Höfðaborgarsamningnum njóta hagstæðari kjara á lánum svo nemi allt að 50 punktum.

Taka má dæmi af kaupum á Boeing 787-8 vél, en fyrstu vélar þeirrar tegundar munu verða afhentar 2008. Uppgefið listaverð slíkrar vélar er á bilinu 157 til 167 milljónir bandaríkjadala. Miðað við að 80% kaupverðsins sé lánað til 10 ára gæti sparnaður kaupanda af 50 punkta lægri vöxtum numið um 650.000 bandaríkjadöllum á ári eða 43 milljónum króna miðað við núverandi gengi. Það er ljóst, að slíkir fjármunir gætu nýst í ýmsar þarfir hjá flugfélögum og ekki á hverjum degi, sem aðild ríkja að alþjóðasamningi getur haft slík bein sparnaðaráhrif fyrir fyrirtæki í tiltekinni starfsemi.

Leiði lækkaður fjármagnskostnaður kaupenda loftfara til aukinnar eftirspurnar, liggur hagur framleiðenda í aukinni sölu og að markaðir fyrir loftför, hreyfla og þyrllur stækka.

Loks hefur verið bent á að ríki og opinberir aðilar muni hafa hag af samningnum með því að það regluverk, sem í honum felist, leiði til minni áhættu í opinberum útflutningslánum („Export Credit“). Í flestum framleiðslulöndum loftfara, hreyfla og annarra flugvélatengdra hluta, veita sérstakir útflutningslánaþjófir hagstæð lán til fjármögnunar á framleiðsluvörum viðkomandi lands, þ.á.m. í flugstarfsemi. Ljóst er að þessir opinberu og hálfopinberu þjófir munu bera minni áhættu í sinni lánastarfsemi, ef árangur verður af útbreiðslu Höfðaborgarsamningsins. Sama gildir um áhættu af lánastarfsemi banka og annarra fjármálastofnana. Ex-Im Bank í Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur undanfarin misseri boðið lægra áhættugjald af lánum sínum um sem nemur þriðjungu til skuldara, sem staðsettir eru í aðildarríkjum Höfðaborgarsamningsins<sup>8</sup>.

<sup>8</sup> Export-Import Bank of the United States, 30. mars 2007: <http://www.exim.gov/pressrelease.cfm/A45E77EE-DF56-CE48-084A25574AAEA175/> (sótt 12. ágúst 2007).

#### 4. RÉTTINDI SEM NJÓTA VERNDAR SAMKVÆMT SAMNINGNUM

Höfðaborgarsamningurinn kveður á um viðurkenningu og vernd fimm mismunandi tegunda réttinda<sup>9</sup>:

1. Alþjóðleg réttindi (e. „International interests“). Hér er um að ræða þá tegund réttinda, sem samningurinn lýtur fyrst og fremst að og þau réttindi, sem samningurinn og bókunin beinlínis kveða á um að skuli stofnuð í tengslum við hreyfanleg tæki. Svo sem nánar verður vikið að að neðan er hér um að ræða réttindi sem veðsali veitir samkvæmt veðtryggingarsamningi, réttindi sem veitt eru seljanda í skilyrtum kaupsamningi með eignarréttarfyrirvara<sup>10</sup> og réttindi leigusala samkvæmt leigusamningi.
2. Fyrirhuguð alþjóðleg réttindi (e. „Prospective international interests“). Réttindi sem ætlunin er að öðlast yfir skýrt skilgreindum, hreyfanlegum tækjum í ökominni framtíð, en eru enn ekki orðin alþjóðleg réttindi eins og þau eru skilgreind í samningnum, t.a.m. vegna þess að samningsskilmálar um þau liggja enn ekki fyrir eða væntanlegur skuldari og veðsali hefur enn ekki eignast þá eign, sem á að veðsetja. Í slíkum tilvikum er unnt að skrá fyrirhuguð alþjóðleg réttindi sem slík en þau öðlast ekki réttaráhrif fyrr en skilyrðin eru fyrir hendi til að hin alþjóðlegu réttindi stofnist (samningurinn um þau hefur verið undirritaður eða veðsalinn hefur öðlast eignarrétt yfir viðkomandi tæki) og þá teljast réttaráhrifin afturvirk frá þeim tíma er hin fyrirhuguðu alþjóðlegu réttindi voru skráð.
3. Innanlandsréttindi (e. „National interests“). Réttindi sem skráð eru í innanlands skráningarferfi aðildarríkis og væru skráningarhæf sem alþjóðleg réttindi nema

fyrir þá sök að viðkomandi ríki hefur gert fyrirvara við Höfðaborgarsamninginn samkvæmt 50. grein hans um að undanskilja innanlandsréttindi gildissviði hans.

4. Lögveðréttindi<sup>11</sup> (e. „Non-consensual rights“) eða réttindi, sem stofnast að innanlandsrétti og er veitt réttarvernd án skráningar. Hér er um að ræða réttindi, sem myndu að landsrétti hafa forgang fram yfir réttindi sambærileg alþjóðlegum réttindum og sem aðildarríki að Höfðaborgarsamningnum á þess kost að veita forgang með bókun samkvæmt 39. gr. samningsins, sem skilgreinir um hvaða réttindi er að tefla. Með slíkri bókun er þess háttar lögveðréttindum veittur slíkur forgangur fram yfir skráð alþjóðleg réttindi að því marki sem greinir í viðkomandi bókun.
5. Skráningarhæf lögveðréttindi (e. „Registrable non-consensual rights“). Með bókun við samninginn samkvæmt 40. grein hans getur aðildarríki kveðið á um að tiltekin réttindi, sem stofnast að landslögum, megi skrá í alþjóðlegu réttindaskrána. Þegar slík réttindi hafa verið skráð, er lítið á þau sem skráð alþjóðleg réttindi í skilningi samningsins. Hér getur verið um að ræða réttindi samkvæmt dómi, sem varðar þau tæki, sem samningurinn lýtur að, eða haldsrétt vörslu- eða viðgerðarmanns í tækjum á við loftfar eða hreyfil.

#### 5. GILDISSVIÐ SAMNINGSINS

Þegar efnisatriði samningsins eru skoðuð nánar, liggur beinast við að kanna hvenær hann eigi við, þ.e. hvert sé gildissvið hans.

Til þess að Höfðaborgarsamningurinn geti átt við um tiltekið loftfar, hreyfil eða þyrlu þurfa tiltekin gildisskilyrði að vera uppfyllt. Skilyrðin eru fjórþætt og lúta að því að (i) um þarf að vera að ræða andlag, sem heyrir

<sup>9</sup> Sir Roy Goode, CBE, QC, The Cape Town Convention on International Interests in Mobile Equipment: a Driving Force for International Asset-Based Financing, Uniform Law Review, 2002-1, bls. 6.

<sup>10</sup> “Title reservation agreement”

<sup>11</sup> Þar sem hugtakið “lögveð” hefur öðlast þegnrrétt í íslensku lagamáli yfir kröfur og réttindi, sem ekki byggjast á samningi, hefur það orðið fyrir valinu sem þýðing á hugtakinu “non-consensual rights”, sem tekur til krafna og réttinda sem ekki styðjast við samninga.

undir samninginn, (ii) ákveðin landfræðileg tenging þarf að vera við hann, (iii) um þarf að vera að ræða samning, sem stofnar eitthvert svokallaðra alþjóðlegra réttinda og loks (iv) þarf tilteknum formskilyrðum að hafa verið fullnægt. Verður nú vikið að hverju og einu þessara gildisskilyrða.

### 5.1. Andlag

Gildissvið samningsins er takmarkað við eftirtaldir tegundir eigna<sup>12</sup>:

1. Loftför, sem eru skilgreindar sem flugvélastrokkur ásamt áfestum hreyflum eða þylur;
2. Flugvélahreyfla;
3. Flugvélastrokkka án áfestrar hreyfla.

Saman eru þessar þrjár tegundir eigna skilgreindar sem loftfarshlutir („aircraft objects“) og þegar rætt er um loftfarshluti í þessari grein er það í þessari tilteknu merkingu.

Þó gildir samningurinn ekki um allar slíkar eignir, því auk þess er gert skilyrði um tiltekna lágmarksstærð viðkomandi eigna. Þannig þurfa flugvélastrokkar að vera að lágmarki gerðir til að flytja átta manns, þ.m.t. áhöfn, eða vörur að lágmarki 2.750 kg<sup>13</sup>. Einungis þotuhreyflar með yfir 1.750 punda þrýstikraft og túrbínuhreyflar yfir 550 hestafla flugtakskraft eða jafngildi þess falla undir gildissvið samningsins<sup>14</sup>.

Þá gildir það um alla flugvélastrokkka, að samningurinn undanþiggur gildissviði sínu þá, sem notaðar eru við hernaðar-, tolla- eða löggæslustörf<sup>15</sup>. Í þessu sambandi má minnast á það, að eftir brotthvarf bandaríska varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli hefur Landhelgisgæslan brugðist við og eftl þyrluflota sinn

með því að leigja björgunarþylur á alþjóðlegum flugvélamarkaði. Jafnvel að öðrum skilyrðum uppfylltum, ef Ísland gerðist aðili að Höfðaborgarsamningnum, væri leigusamningur um slíkar vélar og t.a.m. veðskjöl ekki skráningarhæf í hina alþjóðlegu réttindaskrá með vísan í þessa undantekningarreglu.

### 5.2. Landfræðileg tenging við samninginn

Til þess að samningurinn gildi um loftfarshlut og réttindi yfir honum, þarf að vera til að dreifa ákveðinni landfræðilegri tengingu viðkomandi loftfarshlutar eða aðila að réttindum um hlutinn við samninginn. Um er að ræða tvenns konar landfræðileg skilyrði:

1. Skuldarinn í samnings sambandinu er í ríki, sem á aðild að Höfðaborgarsamningnum („samningsríki“), þegar samningurinn er gerður<sup>16</sup>; eða
2. Flugvélastrokkur eða þyrla er skráð eða er ætlað að vera skráð í samningsríki<sup>17</sup>.

Staðsetning skuldara: Með skuldara er átt við skuldara veðskuldar samkvæmt samningi um veð í loftfarshlut, leigutaka samkvæmt leigusamningi eða kaupanda samkvæmt kaupsamningi með eignarréttarfyrirvara. Þegar einstaklingar eru annars vegar, er um að ræða lögheimili þeirra, en lögaðili telst staðsettur í aðildarríki, ef eitthvert eftirtalinnna skilyrða á við um hann:

- Skuldarinn er félag, sem er stofnsett í aðildarríki;
- Skuldarinn er með skráða skrifstofu eða aðsetur í aðildarríki;
- Megin stjórnarstofnanir skuldarans eru í aðildarríki;

<sup>12</sup> Bókunin, grein II, sbr. grein I (c). Greinar samningsins eru hér tilgreindar með arabískum tölustöfum, en greinar bókunarinnar með rómverskum með sama móti og gert er í skjölunum sjálfum.

<sup>13</sup> Ibid., grein I (e).

<sup>14</sup> Ibid., grein I (b).

<sup>15</sup> Ibid., grein I (e).

<sup>16</sup> Höfðaborgarsamningurinn, grein 31.

<sup>17</sup> Bókunin, grein IV 1.



— Skuldarinn er með starfsstöð í aðildarríki. Hafi skuldarinn fleiri en eina starfsstöð, telst hann hafa tengingu við samninginn, ef aðalstarfsstöð hans er í aðildarríki samningsins.

Tenging skuldara við aðildarríki er skilgreind með tiltölulega rúmu móti með það fyrir augum að ýta fremur undir heldur en að draga úr gildissviði Höfðaborgarsamningsins.

Um er að ræða lögheimili eða einhverja ofangreindra tenginga við aðildarríki, þegar samningur er gerður, en það haggar ekki skráningu í alþjóðlegu réttindaskrána, þótt lögheimili eða tenging við aðildarríki breytist síðar. Engu máli skiptir hvar kröfuhafinn að réttindunum er staðsettur, heldur ræðst gildissvið Höfðaborgarsamningsins eingöngu af staðsetningu skuldarans<sup>18</sup>. Þannig skiptir engu máli, þótt kröfuhafi að veðsamningi yfir loftfari sé með skráð aðsetur í aðildarríki samningsins; veðsamningurinn er engu að síður ekki skráningarhæfur í hina alþjóðlegu réttindaskrá. Eigi heldur skiptir það máli, þótt kröfuhafi hafi ekki aðsetur í samningsríki. Taka má dæmi af löggerningum milli Íslands og Írlands, en Írland er aðildarríki að Höfðaborgarsamningnum. Írskur banki lánar íslenskum flugvélar kaupanda fé til flugvéla kaupa gegn veði í vélinni. Kröfuhafinn er í samningsríki, en skuldarinn ekki og uppfyllir veðskjalið yfir vélinni ekki skilyrði til skráningar í alþjóðlegu réttindaskrána. Láni hins vegar íslenskur banki írskum kaupanda fé til flugvéla kaupa, er veðskjal yfir vélinni skráningarhæft í réttindaskránni vegna tengingar hins írsku skuldara við samningsríki. Leigi írski eigandinn vélina til íslensks flugfélags, telst íslenska flugfélagið skuldari í leigusamningnum og hann því ekki skráningarhæfur í réttindaskrána. Þannig getur fleiri en einn löggerningur varðað sama loftfarshlutinn, hver gerninganna stofnar til mismunandi réttinda yfir

hlutum, en aðeins sumir gerninganna verði skráningarhæfir, allt eftir staðsetningu aðilanna að viðkomandi samningum.

Skráningarland loftfars eða þyrlu: Auk framangreindrar tengingar skuldarans við aðildarríki samningsins, sem kveðið er á um í meginefni Höfðaborgarsamningsins sem skilyrði fyrir gildi samningsins, kveður IV. grein flugvélabókunarinnar að auki á um það tilvik, að Höfðaborgarsamningurinn gildi um samninga er varða þyrlur eða flugvéla-skrokka, sem tilheyra loftfari, sem skráð er í ríki, sem aðild á að Höfðaborgarsamningnum.

### 5.3. Er um að ræða samning, sem stofnar alþjóðleg réttindi?

Í kafla 4. að framan var að því vikið, að Höfðaborgarsamningurinn kveður á um vernd fimm tegunda réttinda, þ.á.m. svokallaðra alþjóðlegra réttinda. Hin alþjóðlegu réttindi, skilgreining þeirra, skilyrði fyrir stofnun þeirra, skráning, réttaráhrif og réttarvernd er í raun hornsteinn Höfðaborgarsamningsins. Með alþjóðlegum réttindum er átt við eftirtalin réttindi<sup>19</sup>:

1. Réttindi, sem stofnuð eru til handa veðhafa samkvæmt samningi sem stofnar veðréttindi („security agreement“);
2. Réttindi, sem seljandi á samkvæmt kaupsamningi með eignarréttarfyrirvara;
3. Réttindi, sem leigusali á samkvæmt leigusamningi;

Auk þess leiðir af III. grein flugvélabókunarinnar fjórðu tegund alþjóðlegra réttinda:

4. Réttindi kaupanda og seljanda samkvæmt samningi um beina sölu loftfarshlutar, sem gerir kaupanda loftfarshlutar kleyft að skrá

<sup>18</sup> Höfðaborgarsamningurinn, grein 3.2.

<sup>19</sup> Ibid., grein 2.2 (a)-(c).

*réttindi sín í hina alþjóðlegu réttindaskrá (þ.e. ekki takmarkað við kaupsamning með eignarréttarfyrrvara).*

Þau réttaráhrif, sem átt er við að framangreind réttindi hafi, eru þau sem kveðið er á um í samningnum og bókuninni, þ.e. vanefndaúrræði, skilyrði fyrir stofnun réttindanna og forgangsroðun og réttaráhrifin við gjaldþrot skuldara.

Í tilviki veðréttinda er um það að ræða að til þeirra telst fyrst stofnað með viðkomandi veðsamningi, en í næstu tveimur tilvikunum er um að ræða réttindi seljanda eða leigusala, sem eru til áður en samningurinn er gerður, þ.e. eignarréttur þeirra yfir viðkomandi hlut, sem þeir veita skuldara tiltekin takmörkuð eignarréttindi yfir. Þetta skýrir ólíkt orðalag í annars vegar t.l. i. og hins vegar t.l. ii. og iii.

Í Höfðaborgarsamningnum sjálfum eða bókuninni er ekki leitast við að kveða á um samræmdar skilgreiningar á hverju og einu framangreindra réttinda. Þannig er ekki kveðið á um hvað séu veðréttindi, réttindi samkvæmt kaupsamningi með eignarréttarfyrrvara eða leigusamningur, heldur er afmörkun inntaks þessara réttinda eftirlátn landsrétti í því landi þar sem á réttindin reynir. Það getur leitt til mismunandi niðurstöðu frá einu landi til annars. Slíkt var hins vegar talin raunhæfari lausn í stað þess að freista þess að gera málamíðlun um inntak réttindanna, sem að líkindum hefði orðið erfitt verkefni vegna ólíkra lagahefða í mismunandi réttarkerfum. Þannig skilgreina lög í ákveðnum ríkjum, t.a.m. Bandaríkjunum, ákveðnum fylkjum Kanada og í Nýja-Sjálandi, ákveðnar tegundir kaupsamninga með eignarréttarfyrrvara og leigusamninga sem veðréttindi. Önnur lagakerfi lita á seljendur samkvæmt kaupsamningum með eignarréttarfyrrvara og leigusala ótvírátt sem eigendur viðkomandi hlutar og gera skýr skil á milli veðsamninga annars vegar og

kaupsamninga með eignarréttarfyrrvara og leigusamninga hins vegar. Það, að eftirláta það hverju og einu ríki að skilgreina inntak réttindanna, hefur þau einu áhrif, að úrræðin, sem kröfuhafanum standa til boða samkvæmt Höfðaborgarsamningnum, styðjast við mismunandi ákvæðisamningsins. Eftildæmis reyndi á vanefndaúrræði seljanda samkvæmt samningi með eignarréttarfyrrvara fyrir dómstól í New York, yrði beitt ákvæðum 8. og 9. gr. Höfðaborgarsamningsins, en fyrir frönskum dómstól yrði beitt ákvæðum 10. gr. samningsins<sup>20</sup>.

Réttindin ná til þess, sem kemur í stað viðkomandi loftfarshlutar, einkum trygginga- eða eignarnámsbóta.

#### 5.4. Formskilyrði

Það er skilyrði fyrir því að réttindin samkvæmt kaflanum næst á undan njóti viðurkenningar og verndar sem alþjóðleg réttindi eftir Höfðaborgarsamningnum, að eftirtöldum formskilyrðum sé fullnægt<sup>21</sup>:

- (i) Samningurinn, sem stofnar til réttindanna, þarf að vera skriflegur;
- (ii) Réttindin varði loftfarshlut, sem veðsalinn, seljandinn eða leigusalinn hefur heimild til að ráðstafa („heimildarreglan“);
- (iii) Að unnt sé að skilgreina loftfarshlutinn í samræmi við bókunina, þ.e. að um sé að ræða loftfar, flugvélarhreyfil eða þyrllu;
- (iv) Þegar um veðsamninga er að ræða, að unnt sé að tilgreina veðskuldina, þó án þess að þörf sé á að tilgreina fjárhæð eða hámarksfjárhæð skuldar („tilgreiningarreglan“).

Að samningur sé skriflegur er túlkað rúmt og felur í sér hvers kyns skráð form, ápreifanlegt eða sem unnt er að gera ápreifanlegt og sem gefur til kynna án þess að dregið verði í efa að viðkomandi aðili hafi skuldbundið sig í samræmi við efni skjalsins. Þetta skilyrði er því ekki takmarkað við skjallæg gögn í

<sup>20</sup> Sir Roy Goode, CBE, QC, Official Commentary, bls. 60.

<sup>21</sup> Höfðaborgarsamningurinn, grein 7.

þröngri merkingu, heldur yrði þessu skilyrði fullnægt með rafrænum gögnum, sem varðveitt væru með varanlegu móti<sup>22</sup>.

Með „ráðstöfunarheimild“ er nær lagi að nægi að viðkomandi hafi umboð til ráðstöfunar, þar sem þessu skilyrði yrði talið fullnægt í tilviki umboðsmanns, sem falið er að ráðstafa loftfarshlut, en við ráðstöfunina færi hann út fyrir heimild sína samkvæmt samningi við umbjóðandann. Með ráðstöfunarheimild t.d. í tilviki leigusamnings þarf ekki að vera um að ræða einungis eiganda viðkomandi hlutar, heldur teldist skilyrðinu fullnægt þegar umráðamaður hlutar, t.d. leigutaki, ráðstafar honum á framleigu til framleigutaka, svo fremi sem samningur leigutakans við eigandann heimilaði slíka framleigu<sup>23</sup>.

Að því er varðar tilgreiningarregluna, þá verður í veðsamningi að vera unnt að skilgreina nægilega hver skuldin eða skuldirnar eru. Að ekki sé krafist tilgreiningar á tiltekinni fjárhæð eða hámarksfjárhæð gengur skemur en krafist er í reglum margra ríkja, þ.á m. hér á landi. Viða erlendis tíðkast það hins vegar að veðsamningum sé ætlað að tryggja allar fjárhæðir, sem veðhafi lætur veðsala í té, en fjárhæðin sé ekki þekkt, þegar samningurinn er gerður. Slíkir samningar myndu því uppfylla gildisskilyrði veðsamnings („security agreement“) samkvæmt Höfðaborgarsamningnum og myndu því stofna til alþjóðlegra réttinda, þótt ekki væri t.a.m. uppfylltar reglur íslensks réttar um stofnun fullgilds veðskjals. Endurspeglar þetta ljóslega sjálfstæða tilvist hinna alþjóðlegra réttinda óháð reglum viðkomandi landsréttar. Önnur ástæða þess að ekki er krafist tilgreiningar tiltekinna fjárhæðar, er að veðgerningum kann að vera ætlað að tryggja efnidir á annars konar skuldbindingum en beinum peningalegum skuldbindingum, þótt slíkum skuldbindingum yrði umbreytt í peningakröfu við fullnustu. Þetta ætti t.d.

við um skyldu skuldara að viðhalda loftfari á viðurkenndri viðhaldsstöð í því skyni að tryggja verðgildi þess. Við vanefnd slíkrar skyldu, myndi veðhafinn eignast peningalega kröfu á hendur skuldara sem næmi kostnaði hans við að koma loftfarinu í umsamið ástand eða verðrýrnun þess vegna vanefndarinnar.

Formskilyrðin að ofan eru nauðsynleg og um leið nægileg fyrir stofnun alþjóðlegra réttinda. Alþjóðleg réttindi samkvæmt Höfðaborgarsamningnum eru sjálfstæð réttindi, sem styðjast einungis við samninginn, og því er ekki heimilt að landsrétti að bæta við frekari formskilyrðum fyrir stofnun alþjóðlegra réttinda. Slík viðbótarskilyrði kæmu ekki í veg fyrir skráningu réttindanna og yrði horft framhjá þeim við mat á því hvort réttindi uppfylltu skilyrði fyrir skráningu í hina alþjóðlegu réttindaskrá<sup>24</sup>.

Skorti á formskilyrðin, er ekki um alþjóðleg réttindisamkvæmt Höfðaborgarsamningnum að ræða og hljóta þau því hvorki skráningu í alþjóðlegu réttindaskrána né hafa önnur réttaráhrif, nema sem tilvonandi alþjóðleg réttindi samkvæmt III. gr. bókunarinnar („prospective international interest“), sem geta verið skráð sem slík, en hins vegar ekki sem fullgild alþjóðleg réttindi fyrr en öllum formskilyrðum hefur verið fullnægt.

Það er ekki skilyrði fyrir stofnun alþjóðlegra réttinda í loftfarshlutum, að samningurinn hafi jafnframt réttaráhrif að landsrétti. Þar sem formskilyrði Höfðaborgarsamningsins eru hins vegar einföld er þess að vænta að í langflestum tilvikum verði jafnframt uppfyllt skilyrði að landsrétti til stofnunar réttinda yfir viðkomandi loftfarshlut. En jafnvel þótt því væri ekki að heilsa, þá leiðir hið sjálfstæða eðli hinna alþjóðlegra réttinda til þess að sé einungis formskilyrðum Höfðaborgarsamningsins fullnægt nægir það til þess að réttindin fáist skráð í alþjóðlegu réttindaskrána. Hins vegar gilda landsréttarreglur um ýmis form-

<sup>22</sup> Sir Roy Goode, CBE, QC, sama stað, bls. 66

<sup>23</sup> Ibid., bls. 67.

<sup>24</sup> Ibid., bls. 65.

skilyrði fyrir stofnun samnings, að því leyti sem ekki er á um það kveðið í Höfðaborgarsamningnum, svo sem að því er varðar hæfi til samningsgerðar, efnislegt gildi, ögildingarreglur um svik, mistök o.s.frv.<sup>25</sup>

## 6. ÚRRÆÐI KRÖFUHAFA

Í 3. kafla Höfðaborgarsamningsins er fjallað um úrræði kröfuhafa, ef skuldari vanefnir skuldbindingar sínar samkvæmt samningi, er fellur undir Höfðaborgarsamninginn, þ.e. veðsamningi, leigusamningi eða kaupsamningi með eignarréttarfyrirvara. Tekið er fram í 11. gr. samningsins, að aðilar samnings geti komið sér saman um hvaða tilvik skuli teljast til vanefnda. Þannig geta aðilarnir skilgreint tilvik sem vanefnd, sem ekki felur í sér brot á aðalskyldu skuldara samkvæmt samningnum, sem um ræðir, t.d. að það teljist vanefnd á veð- eða leigusamningi, ef skuldari eða leigusali kemst undir stjórn nýs eða nýrra meiri hluta eigenda. Hafi aðilarnir ekki komið sér saman um sérstaka samningsbundna skilgreiningu á vanefnd, þá er samkvæmt 11. gr með vanefnd átt við vanefndir af hálfu skuldara, sem rýra með verulegu móti kröfuréttindi kröfuhafans samkvæmt samningnum.

Í 3. kafla eru greint á milli úrræða veðhafa (8. og 9. gr.) annars vegar og seljanda samkvæmt kaupsamningi með eignarréttarfyrirvara og leigusala (10. gr.) hins vegar. Þá er sérstaklega fjallað um viðbótarúrræði samkvæmt landsrétti umfram úrræðin, sem kveðið er á um í samningnum (12. gr.) og bráðabirgðaúrræði meðan beðið er efnislegrar niðurstöðu dómstóls (13. gr.), en ákvæði 12. og 13. gr. eiga við jafnt fyrir veðhafa, seljanda og leigusala. Loks eru í kaflanum ákvæði um hvaða réttarfarsreglum skuli beitt (14. gr.) og heimildir aðila til að semja sig frá ákvæðum kaflans (15. gr.).

Hér á eftir verður vikið sérstaklega að þeim vanefndaúrræðum, sem

Höfðaborgarsamningurinn mælir fyrir um til handa kröfuhafa (8.-10. og 13. gr.).

### 6.1. Úrræði veðhafa

Vanefndaúrræðum veðhafa er í stórum dráttum skipt í fjóra flokka og í þeim felst rétturinn samkvæmt 8. gr. samningsins til að:

- (i) Taka yfir vörslur eða stjórn hins veðsetta;
- (ii) Selja eða leigja frá sér hið veðsetta;
- (iii) Innheimta eða taka við tekjum eða hagnaði, sem notkun eða umsjón með hinu veðsetta gefur af sér;
- (iv) Í 9. gr. samningsins er að auki kveðið á um heimild kröfuhafa til að fá útlagningu á eignarréttinum yfir hinu veðsetta samkvæmt heimild í samningi við skuldarann eða samkvæmt úrskurði dómstóls.

Kröfuhafinn á þess kost að neyta framangreindra úrræða án undanfarandi dómsúrskurðar, ef slíkt er sérstaklega heimilað í samningi aðilanna, eða að leita fyrst til dómstóla um að þeir heimili eða gefi fyrir mæli um eitthvert úrræðanna í tölulíðum (i)-(iv).

Sé ekki kveðið á um annað í 8. og 9. gr. er meginreglan sú, að veðhafi má neyta úrræðanna, sem þar eru upp talin, án þess að leita áður heimildar dómstóls. Það er hins vegar þekkt, að í ýmsum ríkjum er beiting umsaminna utanréttar vanefndaúrræða talin varhugaverð ef ekki ólögmat. Til þess að taka tillit til hagsmuna þeirra ríkja er í 54. gr. Höfðaborgarsamningsins kveðið á um heimild aðildarríkja til að gefa yfirlýsingu um að þeim heimildum í samningnum til beitingar úrræða án dómsúrskurðar, skuli einungis beitt að undangengnum dómsúrskurði.

Veðhafi hefur ekki sjálfkrafa heimild til að neyta utanréttarúrræða, heldur er það bundið við að sérstök heimild sé fyrir því í viðkomandi veðsamningi frá upphafi eða sem

<sup>25</sup> Ibid., bls. 66.

fengin hefur verið síðar frá veðskuldaranum.

Vanefndaúrræðum samkvæmt 8. gr. og bráðabirgðaúrræðum samkvæmt 13. gr. samningsins verður veðhafi að beita samkvæmt því sem sanngjarnt telst í viðskiptum (e. „commercially reasonable manner“). Ef tiltekin beiting vanefndaúrræða er í samræmi við ákvæði veðsamningsins, telst þeim beitt af sanngirni, nema slíkt ákvæði sé bersýnilega ósanngjarnt (e. „manifestly unreasonable“). Ákvæði í veðsamningi, sem er í samræmi við viðteknar venjur í alþjóðlegum viðskiptum, verður ekki talið bersýnilega ósanngjarnt.

### 6.2. Úrræði seljanda og leigusala

Ákvæði 10. gr. um vanefndaúrræði seljanda samkvæmt kaupsamningi með eignarréttarfyrrvara og leigusala samkvæmt leigusamningi er í alla staði einfaldara í sniðum en ákvæði 8. og 9. gr. Síðarnefndu ákvæðin eru ítarlegri, þar sem um úrræði veðhafa er að ræða, sem aðeins nýtur takmarkaðra eignarréttinda yfir loftfarshlut, meðan 10. gr. kveður á um úrræði þess, sem nýtur beins eignarréttar yfir viðkomandi loftfarshlut. Í fyrra tilvikinu þarf því að gæta að hagsmunum eigandans sjálfs og annarra, sem njóta takmarkaðra eignarréttinda yfir sömu eign, en í 10. gr. er það eigandinn sjálfur sem er einfaldlega að tryggja vernd hins beina eignarréttar, sem er rétthærri öllum takmörkuðum eignarréttindum yfir loftfarshlutnum.

Eigandi loftfarshlutar, sem látið hefur af hendi vörslur hlutarins með annað hvort kaupsamningi með eignarréttarfyrrvara eða leigusamningi, þarf ekki jafn fjölbreytt vanefndaúrræði og veðhafi. Úrræðin, sem eigandinn þarf, eru heimild til að rifta samningi og að tryggja endurheimtu á umráðum hins selda eða leigða. Viðsemjanda eigandans, þ.e. kaupandann eða leigutakann, varðar ekkert um sölu eða leigu eigandans á hlutnum í framhaldi af endurheimtu og slík ráðstöfun er ekki háð samþykki þeirra.

Að sama skapi hafa þeir ekkert tilkall til söluandvirðis hlutarins, sé hann seldur á ný, svo sem kann hins vegar að vera í framhaldi af nauðungarsölu að kröfu veðhafa.

Í 10. gr. er kveðið á um heimild seljanda eða leigusala til að rifta kaupsamningi eða leigusamningi og endurheimta vörslur eða stjórn viðkomandi loftfarshlutar.

Seljandinn eða leigusalinn getur neytt þessa úrræðis hvort heldur með eða án atbeina dómstóla, nema viðkomandi ríki hafi með yfirlýsingu samkvæmt 54. gr. samningsins gert það að skilyrði, að slíku vanefndaúrræði skuli einungis beitt með atbeina dómstóla.

Réttarstaða þeirra, sem njóta afleiddra réttinda frá kaupanda eða leigutaka, þ.e. ef kaupandi leigir vél eða leigutaki framleigir vél, fer eftir lögum viðkomandi lands. Þó tekur XVI. gr. flugvélabókunarinnar á þessari aðstöðu að því er varðar rétt skuldara til óskoraðra afnota (e. „right of quiet possession“ eða „quiet enjoyment“) og skilyrði fyrir því að hann njóti slíkra óskoraðra afnota. Sá, sem nýtur afleiddra réttinda frá kaupanda eða leigutaka, þ.e. leigutaki eða framleigutaki, telst skuldari í skilningi samningsins og ákvæðis XVI. gr. bókunarinnar. Að því tilskildu að hann sé ekki sjálfur í vanefnd á slíkur aðili samkvæmt síðastnefndu ákvæði rétt á óskoruðum afnotum loftfarshlutar gagnvart: (i) sínum kröfuhafa og eigendum hvers kyns réttinda, sem voru óskráð þegar hann öðlaðist umráð hlutarins, og (ii) gagnvart eigendum rétthærri réttinda að því leyti sem slíkir rétthafar hafa samþykkt. Þetta verður best skýrt með dæmi:

Leigusali A leigir loftfar til leigutaka (B). Alþjóðleg réttindi A eru skráð alþjóðlegri skráningu. Leigusamningurinn kveður á um að hvers kyns framleiga sé réttlægri og háð leigusamningnum. B framleigir vélina til C og C fær fram samþykki A fyrir framleigunni. C fær framleigusamninginn skráðan í alþjóðlegu skrána. A veitir bankanum D tryggingarréttindi í réttindum sínum sem leigusali. A vanefnir síðar lánasamning sinn

gagnvart D, sem leitar fullnustu í vélinni samkvæmt veðsamningi, sem er skráður síðar en framleigusamningurinn. C nýtur samkvæmt XVI. gr. bókunarinnar réttar til óskorðra afnota gagnvart A og gagnvart bankanum D, sem eignaðist réttindi sín eftir að framleigusamningurinn til C var skráður. – Væri aðstaðan sú, að A hefði ekki samþykkt framleiguna og B hefði vanefnt leigusamning sinn við A, gæti A endurheimt vélina frá C, þar sem vélin var við framleiguna háð skráðum réttindum A, sem eru hærri í réttindaröð og C naut ekki samþykkis frá A.

### 6.3. Sérstök úrræði samkvæmt flugvélabókuninni, háð bókunum aðildarríkja

Vanefndaúrræðin, sem rakin hafa verið að framan, byggjast á ákvæðum megintexta Höfðaborgarsamningsins. Auk þeirra gerir bókunin ráð fyrir að aðildarríkin geti með sérstökum bókunum samkvæmt XXX. gr. bókunarinnar valið að taka upp eftirtalin sérúrræði:

- (i) Heimild til afskráningar loftfars, IX. gr. 1.(a) í bókuninni, sbr. XIII. gr.
- (ii) Heimild til að flytja vél úr landi til annars lands, IX. gr. 1.(b) í bókuninni, sbr. XIII. gr.<sup>26</sup>

Nú þegar er það fastur þáttur í tryggingarráðstöfunum lánveitenda og leigusala loftfara gagnvart skuldurum og leigutökum á alþjóðlegum flugvéla-leigumarkaði, að skuldarinn og/eða leigutakinn veiti lánveitandanum og/eða leigusalanum þegar við upphaf leigutímans við afhendingu vélarinnar undirritaða óafturkræfa heimild eða umbod til að afskrá loftfarið og flytja úr landi, ef leigutakinn gerist sekur um vanefndir á leigusamningnum eða skuldarinn vanefnir lánsamninginn. Almennt eru slík umbod ekki lögð fram hjá flugmálastjórn

viðkomandi ríkis fyrir en á afskráningu reynir. Ákveðinnar óvissu gætir um raunveruleg réttaráhrif slíkra umboda, en ekki er vitað til þess að á slíka afskráningarheimild leigusala eða lánveitanda hafi reynt gagnvart íslenskum flugmálayfirvöldum. Með því að ríki veiti heimild fyrir þessum sérúrræðum með bókun samkvæmt flugvélabókuninni, er afskráningarheimild leigusala veitt aukið gildi, þar sem IX. og XIII. gr. bókunarinnar kveður á um skyldu ríkis til að verða við afskráningarbeiðni á grundvelli afskráningarheimildar frá leigutaka/skuldara, sem veitt er á grundvelli ákvæðisins. Afskráning loftfars á grundvelli slíkrar heimildar er háð því að réttindum í loftfarinu, sem eru rétt hærri en þess sem afskráir (t.d. réttur veðhafa), hafi verið aflétt eða handhafar þeirra hafi veitt samþykki fyrir afskráningu.

- (iii) Úrræði við gjaldþrot, gr. XI, 1. í flugvélabókuninni:

Sennilega eru ákvæði XI. gr. flugvélabókunarinnar um valkvæð réttarárræði við gjaldþrot meðal mikilvægustu og mest umræddu nýmæla samningsins og bókunarinnar, þegar kemur að þeirri viðleitni með samningnum að samræma réttarvernd kröfuhafa óháð landamærum í tilefni af gjaldþroti skuldara. Greinin kveður á um tvenns konar valkvætt regluverk fyrir úrræði kröfuhafa við gjaldþrot, sem veltur á bókun aðildarríkis um val á öðrum hvorum valkostinum eða þá hvorugum og gilda þá gjaldþrotareglur í landsrétti, ef hvorugur kosturinn verður fyrir valinu.

Leið „A“ hefur verið nefnd „harða leiðin“, en leið „B“ „mjúka leiðin“. Ef leið A er valin, þarf skiptastjóri yfir gjaldþrotabúi skuldara/leigutaka, sem hefur loftfar í sínum umráðum, að gefa til kynna innan þess frests,

<sup>26</sup> Saman er vísað til þessara heimilda sem "IDERA" ("Irrevocable Deregistration and Export Request Authorisation").

sem aðildarríki ákveður sem „biðtíma“ í bókun sinni, hvort hann hyggist bæta úr öllum vanefndum og samþykka að efna allar framtíðar skuldbindingar. Að öðrum kosti er skiptastjóranum skylt að gefa kröfuhafanum kost á að taka vörslur flugvélarhlutarins, þ.e. loftför, hreyfils eða þyrilu eftir því sem við á. Sé þessi leið valin hefur dómstóll í því landi, sem flugvélarhluturinn er staðsettur, enga heimild til íhlutunar. Í stuttu máli má segja að í leið A felist, að skuldari hafi um tvær leiðir að velja: Að bæta úr öllum vanefndum innan biðtímans eða skila flugvélarhlutnum.

Leið „B“ felur í sér, að gefi skiptastjóri kröfuhafa ekki kost á því innan biðtímans að taka vörslur flugvélarhlutarins eða að bæta ekki úr öllum vanefndum og samþykka að efna framtíðar skuldbindingar, þá má dómstóll heimila kröfuhafa að taka vörslur hlutarins samkvæmt þeim skilmálum, sem dómstóllinn setur, svo sem að setja tryggingu fyrir hugsanlegu tjóni. Í þessari leið felst, að bæti skuldari ekki úr öllum vanefndum eða skili flugvélarhlut innan biðtímans, má vænta íhlutunar þess dómstóls, sem bær er að fjalla um málið.

Leið A er afráttarlaust harðari gagnvart skuldara og ógjaldfæru búi hans heldur en leið B, þar sem hún veitir kröfuhafa skýrari stöðu um heimildir hans að loknum biðtímanum og án þess að dómstóll geti sett skilyrði fyrir vörslutöku kröfuhafa á viðkomandi flugvélarhlut. Höfðaborgarsamningurinn var gerður undir talsverðum áhrifum bandarískra aðila, þ.á.m. fjármálastofnana, sem var mjög í mun að tryggja skýrar og samræmdar reglur um úrræði banka og flugvélaeigenda, þegar sú staða væri uppi að loftfar eða aðrir flugvélarhlutar væru í vörslum ógjaldfærs flugfélags í erlendulandi með framandi reglum um endurheimt verðmæta við gjaldþrot. Leið A hefur verið nefnd bandaríska leiðin og þykir svipa til þarlendrar reglna. Ákveðnar fjármálastofnanir á Vesturlöndum og aðrir

aðilar mæltu sérstaklega með því fljótlega eftir að samningurinn lá fyrir árið 2001, að leið A yrði valin. Verður að skoða þau meðmæli í ljósi þess sem rakið var í upphafi greinarinnar, að markmiðið með samningnum var ekki síst að koma á samræmdu og skilvirkum alþjóðlegu réttarvörslukerfi á sviði alþjóðlegra fjárfestinga í flugi.

Af þeim 17 þjóðum, sem gerst hafa aðilar að samningnum, hafa 14 lagt fram bókun samkvæmt XXX. gr. bókunarinnar og valið leið A með biðtíma frá 30 dögum til 60 daga, ein þjóð hefur valið leið B, en tvær þjóðir, Bandaríkin og Írland, hafa valið hvoruga leiðina, þannig að þar gilda reglur landsréttar um endurheimt flugvélarhluta við gjaldþrot<sup>27</sup>. Flest ef ekki öll aðildarríkin, önnur en tvö síðast talin, teljast ekki til Vesturlanda og líkindi fyrir að þau hafi ekki yfir að búa þróuðum réttarkerfum á sviði gjaldþrotaréttar, a.m.k. á vestrænan mælikvarða. Líklegt er að ákvörðun mikils meirihluta þessara ríkja að velja leið A hafi markast af vilja til þess að uppfylla kröfur alþjóðlegra lánastofnana um skilvirk réttarúrræði til þess að auka líkurnar á að fyrirtæki í viðkomandi löndum ættu greiðari leið að lánsfé á hagstæðari kjörum, en ella hefðu staðið til boða.

## 7. BÓKANIR VIÐ SAMNINGINN

Svo sem þegar hefur komið fram, t.a.m. í síðasta kafla um réttarúrræðin við gjaldþrot, eru samningurinn og bókunin ekki hugsuð sem algerlega einsleitir og samræmdir gerningar í öllum aðildarríkjum þeirra, heldur er á ýmsum sviðum gert ráð fyrir að aðildarríkin velji að láta tiltekin ákvæði gilda en önnur ekki og velja þannig mismunandi leiðir við innleiðingu hans með því að gera bókanir við samninginn, þegar þau gerast aðilar eða síðar.

<sup>27</sup> Vísað er til lista að neðan yfir aðildarríki og m.a. val þeirra samkvæmt XI. gr. bókunarinnar.

Fyrirkomulag bókana við samninginn og flugvélabókunina er þrískipt. Í þessari grein er vikið að nokkrum valkvæðum ákvæðum, sem unnt er að fella inn í samninginn með bókun, en á þessum síðum er hvorki pláss né tilefni til tæmandi umfjöllunar um þetta efni. Í grófum dráttum er hið þrískipta bókanakerfi sem hér segir<sup>28</sup>:

*7.1. Tiltekin ákvæði gilda því aðeins að aðildarríki velji ákvæðin með bókun (e. „opt-in declarations“)*

Þetta á við um lögveðréttindi, hvort sem er skráð eða óskráð, sem ríki geta veitt forgangsstöðu með bókun þar að lútandi samkvæmt 39. og 40. gr. samningsins<sup>29</sup>. Sama gildir kjósi ríki að láta forgangsreglur samningsins gilda um eldri réttindi, sem þegar hefur verið stofnað til, sbr. 60. gr. samningsins<sup>30</sup>. Í flugvélabókuninni er að auki að finna heimildir til að láta sérákvæði gilda með bókunum þar að lútandi, svo sem á við um leið A eða B við gjaldþrot og fjallað var um að framan<sup>31</sup>, eða ef veita á afskráningar- og útflutningsheimildum („IDERA“) réttarvernd<sup>32</sup>.

*7.2. Önnur ákvæði gilda nema aðildarríki velji með bókun að láta ákvæðin ekki gilda (e. „opt-out declarations“)*

Samkvæmt 8., 9. og 10. gr. samningsins hafa leigusalar og lánveitendur heimildir til að beita vanefndaúrræðum án atbeina dómstóls, nema aðildarríki velji með bókun

að láta ákvæðin ekki gilda óbreytt og gera að skilyrði fyrir beitingu úrræðanna að beiðni þar að lútandi sé lögð fyrir bærán dómstól<sup>33</sup>. Sama gildir um beitingu bráðabirgðaúrræða („interim relief“) samkvæmt 13. gr. samningsins<sup>34</sup>. Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. samningsins gildir hann um löggerninga sem eiga sér stað alfarið innanlands í aðildarríki („internal transactions“), nema ríki ákveði með bókun að fella það ákvæði brott hvað varðar það tiltekna ríki.

*7.3. Skyldubundnar bókanir: Bókanir sem aðildarríki eða svæðisbundnu ríkjabandalagi er skylt að gera, hyggist þau gerast aðilar að samningnum*

Hyggist svæðisbundið ríkjabandalag gerast aðili að samningnum, en heimild er til slíks í 48. gr. samningsins, er því skylt að leggja fram sérstaka bókun til skýringar á þeim málaflokkum, sem falla undir samninginn og sem aðildarríki ríkjabandalagsins hafa framselt fullveldisrétt sinn yfir til viðkomandi ríkjabandalags. Á þetta ákvæði kann einkum að reyna komi til þess að Evrópubandalagið leiti aðilar að Höfðaborgarsamningnum, en það mun vera til skoðunar hjá stofnunum þess. Meðan niðurstaða þar að lútandi liggur ekki fyrir, virðast aðildarríki þess halda að sér höndum um að undirrita og fullgilda samninginn og flugvélabókunina. Aðeins eitt aðildarríki Evrópubandalagsins hefur gerst fullgildur aðili að Höfðaborgarsamningnum, en það er Írland og skýrist aðild þess einkum

**28** Um tæmandi yfirlit yfir bókanafyrirkomulagið vísast til viðauka X við skýringarrit Sir Roy Goode við samninginn, Convention on International Interests in Mobile Equipment and Protocol thereto on Matters Specific to Aircraft Equipment, Official Commentary, bls. 28-31 og 361-362.

**29** Öll 17 aðildarríkin hafa gert bókanir á grundvelli 39. eða 40. gr. eða hvorrar tveggja um að veita ákveðnum kröfum forgang með eða án skráningar fram yfir alþjóðleg réttindi. Þar er almennt um að ræða launakröfur starfsmanna, sem vinna um borð í loftfari, kröfur viðgerðarmanna/verkstæða, skattkröfur og kröfur samkvæmt dómi, svo það helsta sé nefnt.

**30** Sjá nánari umfjöllun í kafla VIII. að neðan. Fram að þessu hefur aðeins eitt af 17 aðildarríkjum (Mexíkó) gert bókun á grundvelli 60. gr., en í bókuninni fólst ekki að alþjóðlegum

réttindum væri veittur forgangur fram yfir eldri réttindi, heldur var með henni áréttáð að eldri réttindi héldu gildi sinu að landsrétti.

**31** XXX. gr. sbr. XI. gr. bókunarinnar.

**32** XXX. gr. sbr. XIII. gr. bókunarinnar.

**33** Bókun samkvæmt 2. mgr. 54. gr. Til þessa hafa öll aðildarríki lagt fram bókun samkvæmt 2. mgr. 54. gr., öll að frátöldum Írlandi, Kólombíu og Mexíkó, á þann veg að staðfesta, að í tilvikum þar sem samningurinn heimilar beitingu vanefndaúrræða án dómstólaihlutunar, heimili ríkið að úrræðunum sé beitt án ihlutunar dómstóla.

**34** Enn sem komið er hefur ekkert aðildarríki lagt fram bókun samkvæmt 55. gr. um að fella brott heimildir kröfuhafa til að grípa til skjótvirkra bráðabirgðaúrræða á grundvelli 13. gr. samningsins.



af því að Írland hýsir hina alþjóðlegu skráningu, sem fjallað er um að neðan í kafla 9. Að auki hafa Frakkland, Þýskaland og England undirritað samninginn án þess að hafa fullgilt hann, en tvö þau síðast töldu undirrituðu með bókun, þar sem fram kemur, að Evrópusambandið hafi forræði yfir ákveðnum málum, sem samningurinn og bókunin lúti að og að ákvörðun um undirritun samningsins og bókunarinnar af hálfu Evrópusambandsins verði tekin af þar til bærum stofnunun sambandsins í samræmi við ákvæði samningsins um stofnun Evrópusambandsins.

## 8. GILDISSVIÐ SAMNINGSINS GAGNVART GENFARSAMNINGNUM OG AFSTAÐAN GAGNVART ELDRI RÉTTINDUM

Samkvæmt XXIII. grein flugvélabókunarinnar gildir það fyrir aðildarríki að Höfðaborgarsamningnum, sem einnig er aðili að Genfarsamningnum, að hinn fyrrnefndi gengur framur að því er varðar loftför, eins og þau eru skilgreind í bókuninni, og loftfarshluti. Hins vegar hvað varðar réttindi, sem ekki falla undir Höfðaborgarsamninginn, þá gengur hann ekki framur Genfarsamningnum. Þessi forgangur Höfðaborgarsamningsins á aðeins við þegar í hlut eiga ríki, sem bæði eiga aðild að þeim samningi. Sé annað ekki aðili að honum, þá gildir Genfarsamningurinn að því tilskildu að ríkin eigi aðild að þeim samningi.

Það að Höfðaborgarsamningurinn gangi framur þýðir að þegar réttindi teljast alþjóðleg réttindi, þá gildir Höfðaborgarsamningurinn einvörðungu um stofnun þeirra, fullnustu, skráningu og rétthæð, þannig að þau verða eingöngu skráð í alþjóðlegu réttindaskrána, en ekki jafnframt í réttindaskrá samkvæmt Genfarsamningnum. Þetta þýðir, að eftir því sem tíminn líður og að líkindum æ fleiri ríki gerast aðilar að Höfðaborgarsamningnum, þá taki alþjóðlega

réttindaskráin hægt og sigandi við sem réttindaskrá af réttindaskrá samkvæmt Genfarsamningnum.

Réttindaskráin samkvæmt Genfarsamningnum verður áfram við lýði að því marki sem Genfarsamningurinn kveður á um réttindi, sem ekki er tekið á í Höfðaborgarsamningnum. Það er staðreynd að efnislegt gildissvið Höfðaborgarsamningsins annars vegar og Genfarsamningsins hins vegar fellur ekki að öllu leyti saman. Það, sem skilur samningana að, er einkum eftirfarandi:

- Hugtakið loftfar. Eitt hugtak í Genfarsamningnum, en skipt í flugvélastrokk annars vegar og hreyfla hins vegar í Höfðaborgarsamningnum.
- Réttindin, sem eru vernduð, eru ekki þau sömu í báðum samningum
- Skilyrði fyrir stofnun réttinda samkvæmt Genfarsamningnum fara að landsrétti skráningarríkis, en lútasjálftæðum skilyrðum samkvæmt Höfðaborgarsamningnum, sem rakin eru í samningnum sjálfum.
- Aðferðir við skráningu og staðsetningu skráningar eru gerólikar samkvæmt samningunum, annars vegar í skrá í hverju landi fyrir sig efir því hvert er þjóðerni loftfars og hins vegar í samræmdri, rafrænni og alþjóðlegri réttindaskrá.
- Samkvæmt VI. gr. Genfarsamningsins skiptir vitneskja aðila um betri rétt annarra máli, en gerir það ekki samkvæmt Höfðaborgarsamningnum.

Genfarsamningurinn og þar með réttindaskrá loftfara, sem starfrækt er á grundvelli hans, mun gilda áfram þótt ríki gerist aðili að Höfðaborgarsamningnum um tilvik sem falla utan Höfðaborgarsamningsins. Ef Íslandi gerðist aðili að Höfðaborgarsamningnum, myndi réttindaskrá loftfara, sem Syslu- maðurinn í Reykjavík annast um, eftir sem áður eiga við m.a. í eftirfarandi tilvikum:

- Eignarréttindi yfir loftfari, sem ekki byggjast á sölu loftfars, t.d. eignarréttur þess sem smíðar loftfar, en eignarréttur, sem þannig stofnast fellur ekki undir Höfðaborgarsamninginn.
- Réttarstaðan milli tveggja óskráðra réttinda, þar sem Höfðaborgarsamningurinn gildir því aðeins að réttindi séu skráð í hina alþjóðlegu réttindaskrá.
- Réttindi yfir loftförum, sem falla neðan stærðarviðmiða Höfðaborgarsamningsins.
- Höfðaborgarsamningurinn gengur aðeins framur Genfarsamningnum í samskiptum ríkja, sem bæði eru aðilar að Höfðaborgarsamningnum. Í samskiptum ríkja, þar sem aðeins annað er aðili að Höfðaborgarsamningnum, en bæði aðilar að Genfarsamningnum, mun sá síðarnefndi áfram gilda um réttarstöðu loftfara.

Orðalag XXIII. gr. bókunarinnar um að Höfðaborgarsamningurinn gangi framur, snertir aðeins ákvörðun þess, hvor samningurinn eigi við í tilteknu tilviki, en þýðir ekki að alþjóðleg réttindi samkvæmt Höfðaborgarsamningnum gangi framur eldri skráðum réttindum samkvæmt Genfarsamningnum. Um afstöðuna milli alþjóðlegra réttinda á grundvelli Höfðaborgarsamningsins annars vegar og eldri skráðra réttinda er fjallað í 60. gr. Höfðaborgarsamningsins.

Samkvæmt 60. gr. Höfðaborgarsamningsins gildir samningurinn ekki um eldri skráð réttindi, þ.á.m. réttindi skráð í réttindaskrár loftfara, sem starfræktar eru á grundvelli laga um lögfestingu ákvæða Genfarsamningsins, sbr. lög nr. 21/1966 hér á landi. Hins vegar geta aðildarríki að samningnum með sérstakri bókun við samninginn samkvæmt 60. gr. hans ákveðið að reglur hans um rétthæð réttinda („priority rules“) skuli einnig gilda um eldri réttindi,

þó þannig að samningurinn má ekki taka gildi um eldri réttindi fyrir en að a.m.k. þremur árum liðnum frá því bókunin tekur gildi. Þessi þriggja ára fyrirvari er hugsaður sem aðlögunartími fyrir handhafa eldri réttinda til þess að eiga þess kost að skrá réttindi sín í hina alþjóðlegu réttindaskrá innan frestsins og koma þannig í veg fyrir að réttindi þeirra víki fyrir yngri réttindum, þegar Höfðaborgarsamningurinn tekur gildi um eldri réttindi á grundvelli bókunarinnar. Við gerð samningsins voru uppi tvö andstæð sjónarmið hvað þetta varðaði<sup>35</sup>. Annars vegar voru þeir, sem töldu að sá sem hefði skráð rétt sinn fyrir gildistöku samningsins, ætti ekki að þurfa að endurskrá réttindi sín. Hins vegar það viðhorf, að rétthafar alþjóðlegra réttinda samkvæmt samningnum ættu ekki að vera um alla framtíð háðir betra rétti eldri réttinda, sem þeir ættu óhægt um vik með að afla upplýsinga um. Ákvæði 60. gr. fól í sér málamiðlun milli þessara ólíku sjónarmiða, þannig aðildarríkjum væri gefinn kostur á að koma í veg fyrir þá aðstöðu, að eldri réttindi í gildi við gildistöku samningsins hafi forgang um aldur og ævi fram yfir yngri réttindi, en að gefa handhöfum eldri réttinda hæfilegan aðlögunartíma til að tryggja réttindi sín í hinu nýja regluverki. Bókun samkvæmt 60. gr. getur afmarkað nánar að hvaða marki samningurinn gildir um eldri réttindi, þ.á.m. þannig að hann gildi aðeins um nánar tiltekin réttindi, en að önnur haldi gildi sínu óháð Höfðaborgarsamningnum. Bókun samkvæmt 60. gr. hefur þá þýðingu, að til þess að eldri réttindi haldi forgangsrétti sínum í loftfari, þarf handhafi réttindanna að skrá réttindin að nýju í hina alþjóðlegu réttindaskrá innan þess frests sem til þess er settur og ekki má vera skemmri en þrjú ár frá gildistöku bókunarinnar. Fari slík endurskráning fram innan frestsins, halda réttindin gildi sínu gagnvart yngri réttindum, jafnvel þótt þau

35 Sir Roy Goode, CBE, QC, Uniform Law Review, 2002-1, bls. 13.

hafi einnig verið skráð í réttindaskrána á undan endurskráningu hinna eldri réttinda í skrána.

Eins og fram kom í kafla 7.1 að framan hefur ekkert aðildarríkja samningsins farið þá leið að veita alþjóðlegum réttindum forgang fram yfir eldri, áður skráð réttindi og því hefur enn ekki reynt á þessa þriggja ára reglu.

## 9. ALÞJÓÐLEGA RÉTTINDASKRÁIN

Lýkilþáttur í Höfðaborgarsamningnum og án efa helsta nýmælið, sem hann hefur í för með sér, er hin alþjóðlega réttindaskrá, en samningurinn kveður á um<sup>36</sup> að hún skuli sett á fót í því skyni að skrá í hana (i) alþjóðleg réttindi, fyrirhuguð alþjóðleg réttindi og skráningarhæf lögveð, (ii) framsöl og fyrirhuguð framsöl á alþjóðlegum réttindum, (iii) yfirfærslu á alþjóðlegum réttindum fyrir aðilaskipti (e. „subrogation“) að lögum eða með samningi, (iv) tilkynningar um innanlandsréttindi og (v) samninga um forgangsroðun (e. „subordination“) einhverra framangreindra réttinda.

Höfðaborgarsamningurinn mælti fyrir um stofnun einnar, alþjóðlegrar réttindaskrár, en að heimilt væri að hafa aðskildar skrár fyrir hverja tegund hreyfanlegra tækja. Í framhaldi af ráðstefnunni í Höfðaborg í nóvember 2001 var ICAO falið sem eftirlitsaðila („Supervisory Authority“) að undirbúa uppsetningu réttindaskrárinnar, sem þurfti að vera tilbúin til að taka til starfa jafnskjött og samningurinn og bókunin hefðu öðlast gildi með nægilegum fullgildingum aðildarríkja. Í framhaldi af útboði á árinu 2004 varð írski félagið Aviareto<sup>37</sup> fyrir valinu til að gegna hlutverki skrásetjara („Registrar“) og er tölvubúnaður skrárinnar staðsettur í Dublin á Írlandi.

Skráningin í skrána er alfarið rafræn og sjálfvirk, þannig að við skráningu á sér ekki

stað nein mannleg ihlutun við að fara yfir skráningarumsóknir, færa inn skráningar, taka við leitarbeiðnum varðandi einstaka loftfarshluti eða að gefa út skráningarvottorð o.s.frv.

Um er að ræða það sem kallað er tilkynningakerfi, sem felst í því að í skránni er aðeins getið um tilvist tiltekinna réttinda, en engin skjöl að baki réttindunum eru lögð inn í skrána, hvorki skjallæg né á rafrænu formi. Af þessum sökum er rætt um tilkynningakerfi andstætt hefðbundnum þinglýsingakerfum, sem eru almennt skjalaskráningarkerfi, þar sem skjöl að baki réttindum eru afhent til varðveislu og þriðju aðilar geta flett þeim upp. Skráin staðfestir með rafrænum vottorðum að aðili hafi tilkynnt um alþjóðleg réttindi og í hvaða röð þau hafa verið tilkynnt, en veitir ekki sönnun um að alþjóðleg réttindi séu fyrir hendi. Þar sem engin skjöl eru lögð inn í skrána, þarf sá sem afla vill nánari upplýsinga um efni, inntak og rétthæð réttindanna að leita til viðkomandi aðila, sem tilgreindur er í skránni sem rétthafi eða skuldari.

Í 29. gr. samningsins eru reglur um forgangsroðun milli ósamþýðanlegra réttinda (e. „priority of competing interests“). Þar er slegið styrkari stoðum undir meginregluna, að fyrr skráð réttindi gangi fyrir síðar skráðum réttindum („prior tempore, potior juris“) en áður hefur þekkt. Gengið er lengra en almennt í þinglýsingarreglum flestra landa, með því að reglan gildir án undantekninga, þannig að grandvísi rétthafa um betri rétt annarra óskráðra réttinda skiptir ekki máli. Það að vitneskja eða vond trú skipti ekki máli gengur þannig þvert á ákvæði VI. greinar Genfarsamningsins og 21. gr. laga nr. 21/1966 um skrásetningu réttinda í loftförum, sem lögfest var hér á landi við innleiðingu Genfarsamningsins í íslenskan rétt.

36 Höfðaborgarsamningurinn, grein 16.

37 ([www.aviareto.aero](http://www.aviareto.aero)): Félagið er samstarfsverkefni SITA SC ([www.sita.aero](http://www.sita.aero)), sem er einn stærsti hugbúnaðarframleiðandi

í heimi fyrir flugstarfsemi, og írski ríkisins. Heimasiða alþjóðlegrar réttindaskrárinnar er: [www.internationalregistry.aero](http://www.internationalregistry.aero).

Samningurinn og bókunin mæla fyrir um að skráð sé eftir sérgreinanlegum loftförum og loftfarshlutum. Samkvæmt flugvélabókuninni ræðst sérgreiningin af nafni framleiðanda, framleiðsluradnúmeri og tegundarheiti ásamt þeim viðbótum, sem þörf er á til að tryggja nægjanleg sérkenni<sup>38</sup>. Þar sem um rafræna skrá er að ræða og til að fyrirbyggja misræmi í tilgreiningu loftfarshluta í skránni, var sú leið farin að leyfa ekki að notendur skráðu sjálfir inn lýsingar loftfarshluta, enda hætt við að innsláttarvillur og ólíkar ritvenjur kynnu að valda misræmi í upplýsingum, sem stöfudu frá skránni, þegar eftir væri leitað. Þess í stað miðast allar skráningar við fyrirfram innfærða fellista með nöfnum allra flugvélaframleiðenda og tegundarheitum á framleiðsluvörum þeirra. Við undirbúning skrárinnar var lagt í gríðarlega umfangsmikla vinnu til að tryggja að slíkir listar væru tæmandi og að samræmis væri gætt milli framleiðenda um tegundarlýsingar, allt í því skyni að tryggja áreiðanleika skrárinnar og þeirra upplýsinga, sem í hana fara og frá henni stafa.

Eins og fram er komið er áreiðanleiki og öryggi upplýsinga lykilatriði við starfsemi alþjóðlegu réttindaskrárinnar og forsenda fyrir góðum árangri af starfsemi hennar. Til að tryggja þetta mælti samningurinn og bókunin fyrir um að eftirlitsvaldið („Supervisory Authority“) skyldi setja reglur um starfrækslu skrárinnar, er tækju gildi samhliða því að bókunin gengi í gildi<sup>39</sup>. Reglurnar (e. „Regulations“) hafa verið settar ásamt sérstökum fyriræmum um starfshætti (e. „Procedures“), sem saman mæla fyrir um alla skilmála fyrir notkun skrárinnar, svo sem aðgengi, framkvæmd skráninga, breytingar og afskráningar, tilkynningar, leit í skránni, kvartanir til skrárinnar, gjöld, ábyrgð skrásetjarans og váttryggingar og svo mætti áfram telja.

Hver sem er getur leitað upplýsinga í skránni. Notendur skrárinnar, þ.e. þeir sem geta skráð alþjóðleg réttindi í skránni, kallast hins vegar skráðir notendur og skiptast annars vegar í viðskiptanotendur<sup>40</sup> sem eiga sjálfir í viðskiptum sem varða réttindin, t.d. flugfélög, og hins vegar fagnotendur<sup>41</sup>, t.d. lögfræðistofur eða aðrir sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd skuldara eða kröfuhafa að réttindum í skránni. Ítarlegur reglur gilda um aðgangsheimildir allra þessara aðila að skránni.

Að því er varðar aðgang notenda í hverju landi að réttindaskránni er að lokum mikilvægt að hafa í huga, að XIX. gr. flugvélabókunarinnar opnar fyrir þann möguleika, að aðildarríki ákveði með bókun, á hvaða tímamarki sem er, hvort heldur við undirritun eða fullgildingu samningsins eða síðar, að tilnefna ákveðinn aðila, einn eða fleiri, í viðkomandi ríki sem tengilið fyrir skráningar í alþjóðlegu réttindaskránni (e. „designated entry point“). Slík tilnefning getur mælt fyrir um skyldu til að skrá fyrir tilstilli tengiliðsins eða aðeins heimild og getur átt við um allar tegundir skráninga eða aðeins skráningu ákveðinna tegunda réttinda. Tilnefningin bindur þó ekki hendur annarra aðildarríkja sem óska að skrá innanlandsréttindi eða lögveðréttindi samkvæmt eigin reglum og geta þau ávallt skráð slík réttindi milliliðalaust. Ákvæðið hefur verið túlkað þannig, að það eigi aðeins við um tilnefningu af hálfu ríkis sem jafnframt er skráningarland viðkomandi loftfars eða þyrllu<sup>42</sup>. Þá getur tilnefning tengiliðs ekki verið gerð skyldubundin hvað varðar hreyfla, þar sem þeir lúta engri þjóðernisskráningu og tilheyrja ekki einu ríki umfram annað að því er skráningu varðar.

Af þeim 17 ríkjum, sem orðin eru aðilar að samningnum, hafa aðeins Bandaríkin gert bókun á grundvelli XIX. gr. bókunarinnar og tilnefndu flugmálastjórn sína í

<sup>38</sup> Bókunin, XX. grein, sbr. 6. mgr. 19. gr. samningsins.

<sup>39</sup> Höfðaborgarsamningurinn, 2. mgr. 17. gr., sbr. XVIII. gr. bókunarinnar.

<sup>40</sup> TUE eða “transacting user entity”.

<sup>41</sup> PUE eða “professional user entity”.

<sup>42</sup> Sir Roy Goode, CBE, QC, Official Commentary, bls. 212.

Oklahoma City, Oklahoma<sup>43</sup> sem tengilið fyrir skráningar, þannig að skylt er að allar skráningar hvað varðar loftför og þyrflur fari í gegnum tengiliðinn og almennum notendum er ekki heimilt að skrá milliliðalaust, nema þegar um hreyfla er að ræða.

## 10. ERU EFNI TIL AÐ ÍSLAND GERIST AÐILI AÐ SAMNINGNUM?

Þegar það er metið, hvort ástæða sé fyrir Ísland að gerast aðili að Höfðaborgarsamningnum og flugvélabókuninni, liggur fyrir að kostirnir, sem bent hefur verið á að fylgi aðild fyrir fyrirtæki í aðildarríkjum, eiga ekki síður við um íslensk fyrirtæki í flugstarfsemi en erlend fyrirtæki. Á Íslandi starfa nokkur flugfélög, sem gera út stór loftför og eins starfa hér sérhæfð fyrirtæki í kaupum og solum á loftförum án þess að vera flugrekendur. Allir þessir aðilar myndu njóta góðs af aðild Íslands að samningnum í formi betri kjara á lánamörkuðum.

Einnig mælir það með aðild að samningnum, að Genfarsamningurinn uppfyllir ekki lengur þær þarfir, sem nútíma flugvélaútskipti krefjast. Sama gildir um leið um þá innanlandslöggjöf, sem sett var á sínum tíma til innleiðingar á ákvæðum Genfarsamningsins, sbr. lög nr. 21/1966. Að framan var bent á að flugvélahreyflar væru í síauknum mæli orðnir sjálfstætt andlag fjárfestinga og eru leigðir út einir og sér og settir á loftför, sem eru í eigu annars aðila en hreyfileigandans. Ákvæði 22. gr. laga nr. 21/1966 samrýmast illa þessum veruleika og væri ótvíræður kostur í því að opna möguleika á sjálfstæðum skráningum hreyfla í hina alþjóðlegu réttindaskrá í stað þeirrar óvissu, sem getur komið upp í núverandi kerfi um eignarhald á hreyflum, sem festir eru á væng loftfars í eigu þriðja aðila.

Ekki liggja í augum uppi rök, sem beinlínis mæla gegn því að Ísland gerist aðili að samningnum.

Mat á samningnum og ákvörðun þess, hvort Íslands gerist aðili að honum hefur síðastliðið ár verið til skoðunar í samstarfshópi þriggja ráðuneyta, utanríkisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis. Því starfi er lokið, en þegar grein þessi er rituð er samningurinn til frekari athugunar hjá réttarfarsnefnd að beiðni dómsmálaráðherra.

Komi til þess að Ísland ihugi aðild þarf að taka afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða:

1. Skoða þarf, hvort breyta þurfi lagaákvæðum, sem eru ósamrýmanleg ákvæðum Höfðaborgarsamningsins. Hér koma til skoðunar ákvæði laga nr. 21/1966 um þýðingu vitneskju réttthafa um betri rétt og áður nefnt ákvæði um að hreyflar teljist hluti af hugtakinu loftfar í stað þess að teljast sjálfstæð eign. Að framan hefur verið rakið að gildissvið Genfarsamningsins og þar með reglna laga nr. 21/1966 um réttindaskrá fyrir loftför annars vegar og Höfðaborgarsamningsins hins vegar falli ekki saman og að Genfarsamningurinn muni áfram gilda á sviðum, sem Höfðaborgarsamningurinn tekur ekki til. Þegar af þessari ástæðu yrði það ótæk leið að breyta ákvæðum laga nr. 21/1966, sem eru ósamþýðanleg Höfðaborgarsamningnum, þar sem þau þurfa að gilda áfám í óbreyttri mynd um þau tilvik, sem enn falla undir það regluverk.

Hér er þó rétt að hafa í huga, að líkindi eru til þess að þýðing Genfarsamningsins yrði æði takmörkuð, gerðist Ísland aðili að Höfðaborgarsamningnum. Leiðir það af þeirri staðreynd að gildi samningsins getur byggst annars vegar á staðsetningu skuldarans, en einnig skrásetningarlandi loftfars. Flest loftför, sem tengdust Íslandi, myndu að líkindum tengjast landinu fyrir skrásetningu, t.a.m. loftför sem íslenskir flugrekendur kaupa eða leigja. Í þeim tilvikum væri tengingin við

Ísland bæði vegna staðsetningar skuldara og skráningarlands vélarinnar. Ósennilegt er að vél sem tengdist íslenskum aðilum uppfyllt ekki annað hvort skilyrðanna, að skuldarinn (lántaki eða leigutaki) væri hér staðsettur eða að vélin væri hér skráð. Í þeim fáu tilvika, þar sem því væri ekki að heilsa, ættu ákvæði Genfarsamningsins við og reglur á grundvelli hans yrðu að vera til staðar.

Telja verður líklegt að heppilegasta leiðin til að innleiða Höfðaborgarsamninginn væri að lögleiða hann í heild sinni, svo sem gert hefur verið áður um milliríkjasamninga. Þegar samningurinn ætti við, gengju ákvæði slíkra laga framur eldri lögum um skráningu réttinda í loftförum á grundvelli meginreglunnar um að ný lög gangi fyrir eldri.

2. Óhjákvæmilegt verður að ákveða hvaða bókanir eigi að gera við samninginn og hvernig þær verði útfærðar. Ljóst er að samningurinn er ekki óhagganlegt skjal, sem gildir eins í öllum ríkjum, heldur verður innleiðing hans með ólíku móti milli landa vegna möguleika ríkja á að aðlaga samninginn hagsmunum sínum og séradstæðum með bókunum við samninginn. Hér er ekki unnt að fjalla um þetta í löngu máli, en telja verður eðlilegt að afskráningar- og útflutningsheimildir („IDERA“) verði leyfðar með bókun þar að lútandi, sem og skjótavirk bráðabirgðaúrræði kröfuhafa, og að beiting vanefndaúrræða, sem samningurinn heimilar án ihlutunar dómstóla, verði ekki gerð háð dómstólameðferð hér á landi. Rétt er að lögveðum og slíkum kröfum verði veitt forgangsvernd. Sérstaklega verður að skoða hvort fara eigi annað hvort leið A eða B í gjaldþrotamálum eða styðjast við íslenska löggjöf í þeim málum. Þau aðildarríki, sem standa okkur næst, Írland og Bandaríkin, hafa valið síðastnefnda kostinn, að líkindum í þeirri trú, að löggjöf þeirra tryggi nægilega vernd

kröfuhafa við gjaldþrot. Það er mat mitt, að ákvæði XV. kafla gjaldþrotaskiptalaga (GPL) nr. 21/1991 (gagnkvæmir samningar) viki ekki svo verulegu nemi frá leið A samkvæmt flugvélabókuninni. Það sem skilur á milli er tímalengd biðtímans sem er fastákveðin í leið A, en ekki í GPL og að leið A girðir fyrir ihlutun dómstóla. Ég teldi því ekki ástæðu fyrir Ísland að velja aðra af leiðunum tveimur, heldur væru efni til að láta íslenska löggjöf gilda.

3. Loks yrði nauðsynlegt að taka afstöðu til þess, hvort tilnefna ætti einn tengilið hér á landi við alþjóðlegu réttindaskrána. Það er ekki skylda að gera bókun að þessu leyti. Ef engin bókun er gerð, þá geta viðskiptanotendur jafnt sem fagnotendur (TUE og PUE) tilkynnt um réttindi til skrárinnar. Hvort svo eigi að vera eða aðeins einn tengiliður, þarf að byggjast á rökstuddri ákvörðun og því þarf að taka afstöðu til þessa atriðis. Eigi að tilnefna einn tengilið, þarf að vera tryggt að starfsemi hans verði skilvirk og áreiðanleg, ella er betur heima setið en af stað farið. Náist ekki full skilvirkni, mun það leiða til tafa, sem leitt getur af sér tjón fyrir notendur, þ.e. flugfélög, lánveitendur og aðra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta. Tryggt yrði að vera, að aðgangur notenda væri jafn greiður og ef þeir gætu tengst skránni milliliðalaust. Rökin á bak við það, að hafa einn tengilið virðast vera þau, að gera aðildarríkinu kleift að fylgjast með skráningum, sem tengjast því ríki. Ekki getur búið að baki að tryggja réttar skráningar, því almennir notendur þurfa jafnan að uppfylla skráningarreglur réttindaskrárinnar. Rökin um eftirlit aðildarríkis með skráningum eru ekki ýkja sannfærandi, þar sem skráningar gegnum tengiliðinn eiga aðeins við um loftför, sem eru skráðar í landinu sem tilnefndi tengiliðinn, en ljóst er að alþjóðleg réttindi geta tengst kröfuhöfum eða skuldurum í viðkomandi

landi án þess að tengjast þarlendu loftfari og þyrftu því ekki að fara gegnum tengiliðinn<sup>44</sup>. Þar til færð verða fram gild rök fyrir því að takmarka aðgang notenda að réttindaskránni með tilnefningu eins tengiliðs, verður ekki séð að ástæða sé til að Ísland tilnefndi einn tengilið, ef til aðildar kæmi.

## 11. LOKAORÐ

Höfðaborgarsamningurinn er án efa einn athyglisverðasti milliríkjasamningur síðari ára. Með honum hafa einkaaðilar og opinberir í samvinnu komið á fót einstöku regluverki um vernd eigna- og kröfuréttinda á alþjóðlega vísu og fyrsta einkarekna, alþjóðlega réttindaskráin hefur hafið störf á grundvelli samningsins. Það verður að teljast mjög djarft skref að setja upp algerlega sjálfvirka og rafræna skrá af þessu tagi, sem styðst við fullkonnustu tækni og hugbúnað sem völ er á. Reynslan af starfrækslu skrárinnar eftir rúmlega eitt ár frá opnun hennar er góð, þrátt fyrir mikið álag í upphafi, þar sem notendur reyndust mun fleiri en vænst var. Mjög fróðlegt verður að fylgjast með því hvaða skref íslensk stjórnvöld taka á næstu misserum í tengslum við hugsanlega aðild að samningnum.

---

<sup>44</sup> T.d. íslenskur banki lánar íslenskum aðila fé til kaupa á loftfari, sem skráð er erlendis í ríki sem ekki á aðild að samningnum. Ef Ísland væri aðili, væru réttindi bankans

skráningarháef, en ekki skylt að fara í gegnum íslenska skráningartengiliðinn.







**Jón Elvar Guðmundsson hdl.,**  
LL.M í alþjóðlegum skattarétti,  
Einn af eigendum LOGOS lögmannsþjónustu,  
hefur kennt alþjóðlegan og evrópskan skattarétt  
viða auk þess að gefa út greinar um sama efni.

# SKATTALEG HEIMILISFESTI EINSTAKLINGA – Á ÍSLANDI

<b>I</b>	<b>INNGANGUR</b>	34
	1.1. Inngangur	34
	1.2. Helstu niðurstöður	35
<b>2</b>	<b>ÞRÓUN ÁKVÆÐA UM SKATTALEGA HEIMILISFESTI MANNA</b>	36
	2.1. Lög um tekjuskatt frá 1877	36
	2.2. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1921	36
	2.3. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1935	37
	2.4. Breytingarlög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1939	37
	2.5. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1954	37
	2.6. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1962, 1964, 1965 og 1971	38
	2.7. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1978	38
	2.8. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1981	39
	2.9. Breytingarlög frá 1995	39
	2.10. Núgildandi lög um tekjuskatt frá 90/2003	40
	2.11. Einkenni þróunar ákvæða um skattalega heimilisfesti einstaklinga	40
<b>3</b>	<b>EINSTAKLINGAR HEIMILISFASTIR HÉR Á LANDI</b>	41
	3.1. Heimilisfesti – þýðing lögheimilislaga	41
	3.2. Efnisreglur lögheimilislaga	41
	3.3. Þýðing tíma	42
	3.4. Óvissa um skattalega heimilisfesti	42
	3.5. Flutningur til Íslands	43
<b>4</b>	<b>EINSTAKLINGAR SEM FLYTJA ÚR LANDI</b>	43
	4.1. Skattaleg heimilisfesti þrátt fyrir flutning úr landi	43
	4.2. Skilyrði þess að skattaleg heimilisfesti falli niður	44
	4.2.1. Skattskylda	44
	4.2.2. Skattskyldu fullnægt	45
	4.3. Sönnun um skattskyldu	46
<b>5</b>	<b>EINSTAKLINGAR SEM DVELJA LENGUR EN 183 DAGA HÉR Á LANDI</b>	47
	5.1. Dvöl á Íslandi	47
	5.2. Hve langur er einn dagur?	47
	5.3. Hve langt er tólf mánaða tímabil	48
	5.4. Fjarvera frá Íslandi	48
	5.5. Dagsetning upphafs skattalegrar heimilisfesti	49
<b>6</b>	<b>EINSTAKLINGAR SEM STARFA UM BORD Í LOFTFARI EÐA SKIPI SKRÁÐU HÉR Á LANDI</b>	49
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARVALD RÍKISSKATTSTJÓRA</b>	50

## 1. INNGANGUR

### 1.1. Inngangur

Tílefni þessarar greinar er önnur grein sem birtist nýlega um sama efni<sup>1</sup>. Hér verður fjallað um reglur laga nr. 90/2003 um tekjuskatt (lög um tekjuskatt eða tekjuskattslög) um ákvörðun þess hvenær einstaklingur telst skattskyldur á Íslandi samkvæmt lögum um tekjuskatt af öllum sínum tekjum. Um þetta verður hugtakið skattalegt heimilisfesti notað þ.e. sá einstaklingur sem telst skattalega heimilisfastur á Íslandi ber hér fulla og ótakmarkaða skattskyldu eins og hún er skilgreind í lögum hverju sinni. Í nefndri grein um sama efni eru ákvæði tekjuskattslaga um skattalega heimilisfesti skýrð með allt öðrum hætti en gert er hér<sup>2</sup>. Í stað þess að gera athugasemdir við þá grein greinir höfundur ákvæðið með þeim hætti sem hann telur rétt en reynir jafnframt að benda á það hvar mismunur er milli skýringa og hvar þær fara saman. Til skýringar er rétt að nefna að í nefndri grein er lögð mikil áhersla á að eignarhald eða aðgangur að fasteign á Íslandi geti valdið skattalegri heimilisfesti einstaklings en hins vegar er reglum um lögheimili veitt lítið vægi. Höfundur er annarrar skoðunar að því er þetta varðar. Lesendum er svo látið eftir að meta gildi skýringanna. Með þessu vonast höfundur til þess að leggja sitt af mörkum varðandi skoðanaskipti á merkingu þeirra ákvæða laga um tekjuskatt sem hér eru til umfjöllunar. Svo það sé skýrt hver sé nálgun höfundar á efnið eru settir fram ákveðnir áherslupunktur varðandi skýringu sem höfundur telur til þess fallna að stuðla að rétttri niðurstöðu:

Lög um tekjuskatt þurfa að uppfylla skilyrði Stjórnarskrár, þ.e. ákvæði hennar um þrískiptingun ríkisvaldsins, sérstök ákvæði

um skatt og ákvæði hennar um eignarétt.

Með stjórnarskrárbreytingum frá 1995 var lögð sérstök áhersla á að skattamálum skuli skipað með lögum settum af Alþingi og að framsal skattlagningarvalds til stjórnvalda sé óheimilt;

- Af áherslu Stjórnarskrár á sett lög frá Alþingi og banni við framsali hlýtur að leiða að afstaða skattýfirvalda varðandi skýringu laga um tekjuskatt hefur ekki meira vægi en önnur viðurkennd lögskýring.
- Stjórnskipulegur grunnur laga um tekjuskatt gerir það því að verkum að leggja ber sérstaka áherslu á að ekki verði farið út fyrir texta þeirra við skýringu, jafnframt verða skýringar með vísan til laga og réttarframkvæmdar annarra ríkja gagnslitlar í þessu ljósi;
- Að því er varðar skattalega heimilisfesti er tilvísun til laga og réttarframkvæmdar annarra ríkja enn ómarktækari en ella þar sem að Ísland er eyja og sú staðreynd veldur því að flutningur til og frá landinu verður alla jafna fyrirhafnamikill og mikið til af áþreifanlegum gögnum um mögulega skattalega heimilisfesti. Aðstæður eru því allt aðrar en t.d. þegar norðurlöndin á meginlandi Evrópu eiga í hlut.
- Reglur laga um tekjuskatt að því er varðar skattalega heimilisfesti þarf því að skýra út frá orðanna hljóðan, íslenskum réttarheimildum og túlkunarreglum.

Á þessum grunni verður leitast við að greina ákvæði 1. gr. laga um tekjuskatt. Séu þessi viðmið höfð að leiðarljósi verður það t.d. ótæk skýring á 2. t.l. 1. mgr. 1. gr. tsl. að einstaklingur sem hefur verið skattalega heimilisfastur á Íslandi en flytur úr landi verði að ganga þannig frá sínum málum að hann hafi engan aðgang að íslensku húsnæði en verði ella heimilisfastur hér áfram<sup>3</sup>. Það er engin stoð fyrir slíkri afstöðu í texta ákvæðisins sem

<sup>1</sup> Ásmundur G. Vilhjálmsson, Tímarit Lögréttur, 3. hefti 4. árgangur, bls. 205-253, Full og ótakmörkuð skattskylda manna.

<sup>2</sup> Rétt er að vekja athygli á því að hér verður fjallað um ákvæði laga um tekjuskatt. Sérreglur geta að ákveðnu marki gilt, t.d. varðandi námsmenn, sbr. reglugerð nr. 648/1995 um

réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, sem og um íslenska starfsmenn alþjóðastofnana, en ekki er vikið að slíkum sérreglum nema sérstakt tilfelli sé til.

<sup>3</sup> Sjá andstæð sjónarmið hjá Ásmundi G. Vilhjálmssyni, sérstaklega bls. 222 – 233.

kveður þannig á um mögulega áframhaldandi skattskyldu eftir flutning af landi brott:

*Þeim sem heimilisfastir hafa verið hér á landi en flutt úr landi og fellt hafa niður heimilisfesti sitt hér, nema þeir sami að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.*

Í ljósi þessa ráða ákvæði 1. gr. laga um tekjuskatt uppbyggingu þessarar greinar, þannig verður leitast við að greina hvert ákvæði 1. gr. tekjuskattslaga fyrir sig og benda á innbyrðis samspil þeirra þar sem það á við. Rétt er að taka fram að lítið hefur reynt á nefnd ákvæði í framkvæmd<sup>4</sup> þó nokkur dæmi finnist um það hjá yfirskattanefnd og eitt dæmi hjá Hæstarétti.

### 1.2. Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður höfundar eru verulega frábrugðnar þeim sem fram koma í þeirri grein sem var tilefni þessa skrifa. Í hnotskurn má ráða niðurstöðum niður með sama hætti og 1. gr. tekjuskattslaga er upp byggð:

— Ákvæði 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt kveður á um hver sé skattalega heimilisfastur á Íslandi. Ákvæðið inniheldur ekki nákvæma skilgreiningu skattalegs heimilisfesti en hefur frá upphafi vísað með einum eða öðrum hætti til búsetu. Nú vísar ákvæði laga um tekjuskatt til lögheimilislaga og efnisreglur þeirra eru ráðandi við mat á því hvenær skattaleg heimilisfesti telst fyrir hendi. Þeim reglum verður beitt um þá sem búa hér á landi, og flytja hingað. Inntak hugtaksins um skattalegt heimilisfesti ræðst því af reglum um lögheimili með þeim frávikum sem leiðir af orðalagi laga um tekjuskatt og er það önnur niðurstæða miðað við þá grein sem varð tilefni þessa skrifa.

— Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt kveður á um hvenær skattalegri heimilisfesti einstaklings sem býr á Íslandi lykkr vegna brottflutnings. Ef einstaklingur flytur frá Íslandi verður hann áfram skattalega heimilisfastur í allt að þrjú ár. Undantekningin frá því er að skattaleg heimilisfesti fellur niður þá þegar að uppfylltu tvíþættu skilyrði, þ.e. (i) ef viðkomandi verður skattalega heimilisfastur samkvæmt almennum reglum þess ríkis sem flutt er til og (ii) viðkomandi fullnægir þar skattskyldu sinni. Eignarhald á fasteign eitt og sér skiptir engu máli að því er þetta varðar og er það öfug niðurstæða miðað við þá grein sem varð tilefni þessa skrifa.

— Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt kveður á um hvenær einstaklingur verður skattalega heimilisfastur á Íslandi þrátt fyrir að uppfylla ekki efnisskilyrði lögheimilislaga, sbr. 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna. Við mat á því hvenær 183 daga skilyrði laganna telst uppfyllt telst aðeins dvöl í fullan sólarhring nægja til að einstaklingur teljist dvelja hér einn dag. Þá miðast hvert tólf mánaða tímabil við upphaf og lok mánaða en ekki tilgreindra dagsetninga innan mánaða.

— Ákvæði 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt kveða á um mögulega skattalega heimilisfesti einstaklinga sem hafa jafnvel aldrei komið til Íslands. Að því er varðar starf í flugvél verður ekki séð að skilyrðum ákvæðisins verði fullnægt en að því er varðar starf um borð í skipi skráðu á Íslandi getur það komið til að einstaklingur sem aldrei hefur komið til Íslands verði hér skattalega heimilisfastur.

— Ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt veldur því að yfirskattanefnd og skattýfirvöld, önnur en ríkisskattstjóri, geta ekki lagt sjálfstætt mat á það hvenær einstaklingur er skattalega heimilisfastur á Íslandi. Hins vegar geta dómstólar lagt mat á það.

<sup>4</sup> Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 07-002 kemur fram takmörkuð umfjöllun um ákvæði 1. gr.

## 2. ÞRÓUN ÁKVÆÐA UM SKATTALEGA HEIMILISFESTI MANNA

Í þessum kafla er ekki reynt að skýra nákvæmlega inntak íslenskra laga um skattalegt heimilisfesti á þeim tíma sem þau voru í gildi, enda lagaumhverfið í heild annað í gildistið eldri laga og það getur haft áhrif á skilning hugtaksins. Látið er nægja að telja upp þau ákvæði sem hafa verið í gildi og þær breytingar sem hafa verið gerðar og benda á helstu atriði skattalaga að því er skattalega heimilisfesti varðar.

### 2.1. Lög um tekjuskatt frá 1877

Í lögum nr. 23/1877<sup>5</sup> er að finna fyrstu birtingarmynd íslenskra tekjuskattslaga um skattalega heimilisfesti, þ.e. 8. gr. laganna:

*Hver búsettur maður á Íslandi, sem tekjur hefir, þær er skattskyldar eru eptir undanfarandi greinum, skal greiða tekjuskatt, hvort heldur er karl eða kona, ungur eða gamall, og hverrar stjettar sem hann er...*

Fyrir utan tilvísun ákvæðisins til jafnræðis kemur fram í því að búseta einstaklings á Íslandi valdi skattskyldu viðkomandi vegna þeirra tekna sem taldar eru upp. Skattaleg heimilisfesti ræðst því af búsetu á Íslandi. Í frumvarpi<sup>6</sup> til laganna kemur fram að sjálfsagt sé að ekki verði lagður íslenskur skattur á aðra en þá sem búsettir eru á Íslandi eða fá héðan tekjur en þar með var vikið frá tillögum nefndar skipaðri samkvæmt úrskurði 29. október 1875 til að semja ný skattalög. Vék stjórnarráðið frá tillögunni þannig að sérstaklega var bætt inn í lagafrumvarpið búsetuskilyrði sem ekki var í nefndartillögu.

### 2.2. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1921

Í lögum nr. 74/1921 um tekjuskatt og eignarskatt var ákvæði um skattalega heimilisfesti á þann veg, sbr. 1. gr. laganna:

*Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skyldur, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum.*

*Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.*

Vísað er til heimilisfesti án nánari útskýringar í lögnum. Hins vegar virðist ljóst af 2. mgr. ákvæðisins að dvöl í landinu að staðaldri er lögð að jöfnu við heimilisfesti. Því virðist horft til þess hvort einstaklingur er staddur á Íslandi að jafnaði en ekki sett nein sérstök skilyrði í lögnum fyrir því hvar eða með hvaða hætti nákvæmlega sú dvöl er. Hins vegar virðast ákveðin skilyrði liggja til grundvallar í 2. mgr. laganna.

Horft er til skráðs heimilisfangs varðandi dvöl utan lands, þ.e. 2. mgr. ákvæðisins gerir ráð fyrir því að skattaleg heimilisfesti haldist en aðeins að því skilyrði uppfylltu að viðkomandi bregði eigi íslensku heimilisfangi sínu. Því liggur nokkur áhersla á form-skilyrðið um skráð heimilisfang. Mögulega fyllir það inn í hugtakið heimilisfesti, þ.e. ákveðin skilyrði laga á þessum tíma hefur þurft að uppfylla til að skrá heimilisfang og þau skilyrði geta ljáð heimilisfesti hugtakinu formlegt og efnislegt inntak.

Í frumvarpi<sup>7</sup> til laganna eru engar skýringar á ákvæðinu.

<sup>5</sup> Með stoð í lögum þessum var sett reglugjörð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/1921. Í 1. gr. hennar eru ákvæði um skattalega heimilisfesti einstaklinga, vísað er til dvalar, heimilis og heimilisfangs í ákvæðinu en ekkert er vikið að eignarhaldi á fasteign.

<sup>6</sup> Frumvarp til laga um tekjuskatt. Alþingistiðindi 1877, Fyrri partur, s. 305-311, sérstaklega 310 – 311.

<sup>7</sup> 33. löggjafarþing, frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, þskj. 7, Alþingistiðindi 1921 A, s. 53-86.

### 2.3. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1935

Í lögum nr. 6/1935<sup>8</sup> um tekjuskatt og eignarskatt breyttist ákvæði laganna um heimilisfesti og varð, sbr. 1. gr. laganna, þannig:

*Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a.m.k. 6 mánuði af skattárinu.*

*Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.*

Enn er vísað til heimilisfesti án nánari útskýringar í lögnum. Þó er bætt við efnislegu skilyrði fyrir því að skattalegt heimilisfesti geti verið fyrir hendi, þ.e. samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins þarf einstaklingur að vera heimilisfastur a.m.k. 6 mánuði af skattárinu til að teljast skattalega heimilisfastur á Íslandi. Þessi texti inniheldur tilvísun í sjálfan sig þannig að úr verða hringrök, þ.e. heimilisfesti er fyrir hendi ef heimilisfesti hefur verið fyrir hendi í 6 mánuði.

Skilyrðið um tíma skýrir því ekki beint hvað heimilisfesti merkir en sé 1. mgr. lesin

í samanburði við 2. mgr. virðist enn ljóst að vísað er til dvalar að skilyrðinu um heimilisfang uppfylltu. Af því leiðir að 6 mánaða dvöl á Íslandi, innan viðkomandi skattárs, að því gefnu að viðkomandi uppfylli skilyrði laga um heimilisfang olli því samkvæmt lögnum frá 1935 að skattaleg heimilisfesti taldist vera fyrir hendi.

Í frumvarpi<sup>9</sup> til laganna eru engar almennar skýringar á ákvæðinu en nýmælið um 6 mánaða heimilisfesti er skýrt þannig að verið sé að vernda þá sem flytja milli landa fyrir tvísköttun.

### 2.4. Breytingarlög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1939

Með lögum nr. 32/1939 var 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6/1935 breytt þannig að skilyrði 1. mgr. 1. gr. laganna um 6 mánaða heimilisfesti á Íslandi var fellt niður.

### 2.5. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1954

Lög nr. 46/1954<sup>10</sup> eru heildarlög um tekjuskatt og eignarskatt en 1. gr. þeirra er óbreytt frá fyrri lögum, þ.e. hún er samhljóða lögnum frá 1935 eftir að 6 mánaða heimilisfestis skilyrðið var fellt burt. Því hefur engin efnisleg breyting orðið á ákvæðinu frá 1921.

<sup>8</sup> Í tilefni af þessum lögum var gefið út bráfr fjármálaráðuneytisins, til skattanefnda og yfirskattanefnda um framkvæmd laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í 1 kafla þess er vikið að skattalegu heimilisfesti og er þar vísað til heimilisfesti og dvalar varðandi skattalega heimilisfesti en ekkert vikið að eignarhaldi á fasteignum. Í kjölfarið var gefin út reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 133/1936 og í 2. gr. hennar er vikið að skattalegu heimilisfesti, aftur er vísað til dvalar, heimilisfesti og heimilisfangs við mat á skattalegri heimilisfesti en ekki til fasteigna.

<sup>9</sup> 48. löggjafarþing, frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, þskj. 12, Alþingistiðindi 1934 A, s. 81-108, sérstaklega bls. 100.

<sup>10</sup> Reglugerð nr. 42/1954 um framlengingu og breytingu á reglugerð nr. 133/1936 um tekjuskatt og eignarskatt framlengdi eldri reglugerðarákvæðum að því er varðaði skattalega heimilisfesti óbreyttum.

## 2.6. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1962, 1964, 1965 og 1971

Með lögum nr. 70/1962<sup>11</sup> um tekjuskatt og eignarskatt var ekki gerð breyting á 1. gr. laganna utan þess að vísað var til eigna í 1. mgr. 1. gr. Annars er ákvæðið samhljóða ákvæðinu frá 1921. Hið sama gildir um lög nr. 55/1965 um tekjuskatt og eignarskatt, lög nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt og lög nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt.

## 2.7. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1978

Með lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt varð veruleg breyting á ákvæði 1. gr. laganna. Í ljósi sjónarhorns höfundar sem leggur litla áherslu á rétt annarra ríkja við skýringu og túlkun íslenskra skattalaga er rétt að geta þess að með þessum lögum er komin til fyrirmyndin að því ákvæði sem er í núgildandi lögum um tekjuskatt og voru þau samþykkt á Alþingi um 34 árum eftir að Ísland varð sjálfstætt ríki. Með þessari breytingu varð 1. gr. laganna þannig:

*Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum mönnum:*

1. Þeim sem heimilisfastir eru hér á landi.
2. Þeim sem heimilisfastir hafa verið hér á landi en flutt úr landi og fellt hafa niður heimilisfesti sitt hér, nema þeir sanni að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.
3. Þeim sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera hédan af landi vegna orlofs og þess háttar.
4. Þeim sem eigi falla undir ákvæði 1.-3. tl. þessarar greinar en starfa samtals lengur en 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.

Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hverjir skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. Við ákvörðun á heimilisfesti skal miðað við reglur laga um lögheimili, eftir því sem við á. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.

Efnislega virðist 1. mgr. 1. tl. 1. gr. laganna óbreytt frá fyrri reglu, þ.e. þeir einstaklingar teljast skattalega heimilisfastir hér á landi

<sup>11</sup> Í gildistíð laga nr. 70/1962 er sett reglugerð nr. 245/1963 sem hefur ekki verið formlega afnumin. Ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar fjallar um skattalega heimilisfesti: "Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í reglugerð þessari, að greiða skatt í ríkissjóð af öllum tekjum sínum og eignum, hvar og hvaðan sem tekna er aflað eða eignir eru. Heimilisfastur hér á landi skal í þessu sambandi teljast:

a. Íslenzkur ríkisborgari, sem hér á lögheimili, sbr. lög nr. 35/1960.

b. Íslenzkur ríkisborgari, sem flutt hefur hingað til þess að setjast hér að, þótt hann sé ekki búinn að fá hér lögheimili.

c. Erlendur ríkisborgari, sem hér hefur dvalið eigi skemur en í 6 mánuði. d. Ríkisfangslaus maður, sem hér á lögheimili.

Maður, sem hingað flytur, til þess að eiga hér heimili framvegis, skal talinn hér heimilisfastur frá lokum flutningadags og ber hann þaðan í frá ótakmarkaða skattskyldu hér, þ. e. hann er skyldur til að greiða hér skatt af öllum tekjum sínum, sem aflað er eftir flutningadag og eignum sínum eins og þær eru við næstu áramót eftir

flutningadag, hvar og hvaðan sem tekna er aflað eða eignir eru. Erlendur ríkisborgarar, ríkisfangslausir menn og aðrir, sem hér hafa dvalið í 6 mánuði eða lengur, skulu taldir bera hér ótakmarkaða skattskyldu frá því að dvalartími hófst.

Nú dvelst maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann hefði dvalist kyrr á landinu. Það skiptir eigi máli, hversu löng dvölin er erlendis (t.d. vegna kaupsyluferðar, námsdvalar, skemmtiferðar o.s.frv.) ef maðurinn verður eigi talinn hafa brugðið heimilisfangi sínu."

Reglugerðarákvæðið er áhugavert til hljóðsjónar þágildandi lögum, en það gerir greinarmun á stöðu einstaklinga eftir ríkisfangi og huglægri afstöðu. Í ákvæðinu er hins vegar ekki lögð áhersla á eignarhald. Þar sem að ákvæði laga um tekjuskatt hafa breyst verulega eftir að ákvæði þetta var sett og hnykk hefur verið á banni við framsali valds á þessu sviði til stjórnvalda í Stjórnarskrá eru ekki efni til að fara út í greiningu ákvæðisins hér heldur látið nægja að vekja athygli á því og auk þess kom þessi reglugerð í stað eldri reglugerða..

séu þeir heimilisfastir hér á landi. Skattaleg heimilisfesti er því byggð á heimilisfesti sem ekki er skilgreind í lögnum sjálfum. Þá hefur hugtakið heimilisfang verið fellt burt úr 2. tl. 1. mgr. 1. gr. en í stað þess hefur komið skýr tilvísun til reglna laga um lögheimili, þ.e. í 2. mgr. 1. gr. kemur fram að við ákvörðun á heimilisfesti skuli miða við reglur laga um lögheimili eftir því sem við á. Þetta virðist í samræmi við áherslu eldri reglna á heimilisfang en skerpt er á því að verið er að vísa til laga um lögheimili.

Efnislega er mikil breyting á 2. tl. 1. mgr. 1. gr. í samanburði við 2. mgr. fyrri ákvæða. Hugtakanotkun er, sem fyrir segir, samræmd þannig að einungis er vísað til heimilisfesti en ekki heimilisfangs. Þá er bætt við reglu um eltiskatt (e. trailing tax<sup>12</sup>) þannig að einstaklingur telst áfram skattalega heimilisfastur á Íslandi þrátt fyrir að flytja af landi brott í allt að þrjú ár nema viðkomandi verið skattalega heimilisfastur í öðru ríki.

Í 3. tl. 1. mgr. 1. gr. er tekin upp svipuð regla og með lögnum frá 1935, sem felld var út með breytingarlögnum frá 1939, um það að 183 daga dvöl, innan almanaksárs, á Íslandi nægi til þess að einstaklingur teljist hér skattalega heimilisfastur.

Í 4. tl. 1. mgr. 1. gr. er svo nýmæli þar sem einstaklingar sem starfa á skipum eða loftförum<sup>13</sup> umfram 183 daga, innan almanaksárs, verði skattalega heimilisfastir á Íslandi.

Í 2. mgr. 1. gr. kemur svo fram að ríkisskattstjóri hafi úrskurðarvald um það hverjir teljist skattalega heimilisfastir á Íslandi en tekið fram að við slíka ákvörðun skuli miða við reglur laga um lögheimili, eftir því sem við á.

Í frumvarpi<sup>14</sup> til laganna kemur fram, sbr.

athugasemdir við 1. gr. þess, að nýja ákvæðið um skattalega heimilisfesti eigi að vera afdráttarlausara<sup>15</sup>. Þá kemur fram að íslenskir ríkisborgarar sem starfa erlendis á vegum ríkis eða alþjóðastofnana teljist skattalega heimilisfastir hér með vísan til þágildandi lögheimilislaga. Auk þess kemur fram sú skýring á eltiskattlagningunni að samkvæmt eldri reglum hefðu brottfluttir einstaklingar mögulega orðið hvergi skattlagðir. Sú skýring frumvarpshöfunda er í samræmi við efni reglunnar, þ.e. ef viðkomandi er orðinn skattskyldur í öðru ríki, og uppfyllir þá skyldu sína, þá er hann ekki lengur skattalega heimilisfastur á Íslandi. Að því er varðar 183 daga reglu 3. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna virðast frumvarpshöfundar telja að skýrari reglu sé þörf fyrir því að búseta vegna skammtímadvalar sé fyrir hendi og í samræmi við þá tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert. Engin skýring kemur hins vegar fram á reglu 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna. Hins vegar kemur fram að reglur 1. mgr. 1. gr. séu ekki að öllu leyti í samræmi við lagareglur um lögheimili og því fari ríkisskattstjóri með úrskurðarvald um skattalega heimilisfesti.

## 2.8. Lög um tekjuskatt og eignarskatt frá 1981

Í lögum nr. 75/1981 um tekju og eignarskatt er ákvæðið frá 1978 óbreytt.

## 2.9. Breytingalög frá 1995

Með lögum nr. 145/1994 var 1. gr. þágildandi laga breytt þannig að sex mánaða dvalartíminn sem kveðið var á um í lögum miðaðist ekki lengur við almanaksár heldur sérhvert 12 mánaða tímabil.

Breytingin var ekki hluti af upphaflegu frumvarpi<sup>16</sup> sem varð að lögum nr. 145/1994

<sup>12</sup> Eltiskattur og flutningsskattur (e. exit tax) eru mismunandi hugtök, t.d. má sjá skilgreiningar á þessu í International Tax Glossary (Fifth Edition), IBFD 2005 bls. 421 og 162.

<sup>13</sup> Höfundur notar hugtakið loftfar til samræmis við lagaákvæðið. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort hugtakið nái út fyrir það sem í hefðbundnum skilningi er kallað flugvél. Ef svo er verður ekki séð að ástæða sé til að mæla fyrir um mögulega skattskyldu einstaklinga sem starfa t.d. um borð í

loftbelgjum og geimflaugum sem skráðar eru á Íslandi.

<sup>14</sup> Pskj. 600, 99. þ. 282. mál.

<sup>15</sup> Rétt er að taka það fram vegna mismunandi sjónarmiða þessarar greinar og greinar Ásmundar G. Vilhjálmssonar um sama efni að í greinargerð kemur fram að ákvæði frumvarpsins séu svipuð reglum annarsstaðar á Norðurlöndum.

<sup>16</sup> Pskj. 174, 120. þ., 147. mál.

heldur hluti af breytingartillögu<sup>17</sup> eftir aðra umræðu á Alþingi. Í nefndaráliti<sup>18</sup> kemur fram að breytingin sé gerð til samræmis við breytingu á 3. gr. þágildandi laga um tekjuskatt. Í frumvarpinu er engin skýring gefin á breytingunni úr almanaksár í sérhvert 12 mánaða tímabil utan þess að vísað er til þess að almennt séu breytingar sem mælt er fyrir í frumvarpinu til samræmis ákvæði tvísköttunarsamninga<sup>19</sup>.

### 2.10. Nügildandi lög um tekjuskatt frá 90/2003

Í nügildandi lögum um tekjuskatt er sama ákvæðið og lögfest var 1978 með breytingunni sem gerð var 1995 utan þess að tilvísun til eigna var felld út með lögum nr. 129/2004 þar sem eignarskattskylda var felld niður:

*Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað hvílir á þessum mönnum:*

1. Þeim sem heimilisfastir eru hér á landi.
2. Þeim sem heimilisfastir hafa verið hér á landi en flutt úr landi og fellt hafa niður heimilisfesti sitt hér, nema þeir sanni að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.
3. Þeim sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, þar með talin eðlileg fjarvera héðan af landi vegna orlofs og þess háttar.
4. Þeim sem eigi falla undir ákvæði 1.–3. tölul. þessarar greinar en starfa samtals lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, þar með talin eðlileg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.

*Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hverjir skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. Við ákvörðun á heimilisfesti skal miðað við reglur laga um lögheimili, eftir því sem við á. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.*

Inntak þessa ákvæðis er viðfangsefni greinarinnar.

### 2.11. Einkenni þróunar ákvæða um skattalega heimilisfesti einstaklinga

Í fyrsta ákvæðinu um skattalega heimilisfesti frá 1877 er búseta á Íslandi skilyrði heimilisfesti. Í þeim ákvæðum sem á eftir koma er vísað til heimilisfesti og heimilisfangs jöfnum höndum þangað til 1978 þegar hugtakið heimilisfesti er eingöngu notað en vísað til þess að reglur laga um lögheimili séu til viðmiðunar við ákvörðun heimilisfesti. Búseta, heimilisfesti og heimilisfang eru því hugtökin sem miðað hefur verið við frá því á 19. öld og fram á seinni hluta 20. aldar þegar hugtakið heimilisfesti er eingöngu notað með vísan til lögheimilis<sup>20</sup>. Af þessu verður ekki annað ráðið en að við mat á því hvar einstaklingur sé heimilisfastur í skilningi laga um tekjuskatt verði að miða við þær reglur sem fram koma í lögum nr. 21/1990 um lögheimili (lögheimilislög) nema eitthvað sérstakt komi til.

Sú afstaða að miða við reglur lögheimilis-laga er bæði í samræmi við texta nügildandi ákvæða um skattalegt heimilisfesti sem og skýringar frumvarpshöfunda ákvæðisins frá 1978 á fyrirmynd nügildandi reglu<sup>21</sup>.

<sup>17</sup> Pskj. 431, 120. lþ., 147. mál.

<sup>18</sup> Pskj. 430, 120. lþ., 147. mál.

<sup>19</sup> Væntanlega eru frumvarpshöfundar að vísa til reglu sambærilegri nügildandi a-lið 2. mgr. 15. gr. samningsfyrirmyndar OECD að því er tímamælinguna varðar sbr. OECD Model Convention With Respect to Taxes on

Income and on Capital 2005.

<sup>20</sup> Þær reglugerðir sem settar hafa verið með heimild í viðkomandi lögum hafa kveðið á um sömu viðmið.

<sup>21</sup> Pskj. 600, 99. lþ. 282. mál., sjá skýringar við 1. gr. frumvarpsins.



### 3. EINSTAKLINGAR HEIMILISFASTIR HÉR Á LANDI

*3.1. Heimilisfesti – þýðing lögheimilislaga*  
1. tl. 1. mgr. 1. gr. tekjuskattslaga inniheldur engar skýringar á því hvaða einstaklingar geta talist skattalega heimilisfastir á Íslandi. Í ákvæðinu kemur aðeins fram að þeir sem eru heimilisfastir hér á landi séu skyldugir til þess að greiða tekjuskatt af öllum sínum tekjum hvar sem þeirra er aflað.

Hins vegar fyllir 2. mgr. 1. gr. upp í þessa eyðu með því að kveða á um að við ákvörðun á skattalegu heimilisfesti skuli miða við reglur laga um lögheimili eftir því sem við á. Í ljósi þess að lagaákvæði um skattalega heimilisfesti hafa ávallt byggst á tilvísunum til heimilisfangs, búsetu og lögheimilis virðist nærtækasta skýringin á þessum ákvæðum laganna sú að reglur lögheimilislaga séu ráðandi við matið. Þá verður einungis litið framhjá þeim reglum að því marki sem sérstakar reglur 1. mgr. 1. gr. tekjuskattslaga krefjast þess<sup>22</sup>. Einu dæmin um slíka nauðsyn eru reglur um eltiskattlagningu sem kveðið er á um í 2. tl. 1. mgr. 1. gr., reglur um skattalega heimilisfesti vegna dvalar í 3. tl. 1. mgr. 1. gr. og 4. tl. 1. mgr. 1. gr. tekjuskattslaga sem veldur skattalegri heimilisfesti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum þó einstaklingur hafi jafnvel aldrei komið til Íslands.

Því verður ekki annað séð, miðað við ummæli í frumvarpi og texta laganna, en að reglur lögheimilislaga séu að öllu jöfnu ráðandi við mat á skattalegri heimilisfesti. Því er óheimilt að vika frá efnisreglum þeirra nema skýr heimild sé til þess í lögum um tekjuskatt.<sup>23</sup> Í úrskurði yfirséðanefndar nr. 149/2006 kemur fram að ríkisskattstjóri virðist taka sömu afstöðu og vísar beinlínis til efnisreglna lögheimilislaga við úrskurð embættisins varðandi skattalega

heimilisfesti. Við gerð lögheimilislaga hefur þess vegna verið horft til hagsmuna að því er varðar skattalög og hagsmuni skattyfirvalda í tengslum við áreiðanlega skráningu. Í frumvarpi<sup>24</sup> til lögheimilislaga kemur m.a. fram:

*Nauðsynlegt er að skapa meiri festu um ákvörðun lögheimilis en verið hefur. Þetta er ákaflega brýnt vegna þess hve lögheimilisskráning skiptir miklu um framkvæmd ýmissa laga, sérstaklega skattalaga<sup>25</sup>...*

Hæstiréttur hefur tekið óbeina afstöðu í samræmi við skoðun höfundar að ofan en í málinu nr. 97/2000 staðfestir rétturinn niðurstöðu héraðsdóms, m.a. með vísan til forsendna hans. Í rökstuðningi héraðsdóms segir orðrétt:

*Orðið heimilisfastur í 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 75/1981 ber með hliðsjón af 2. mgr. 1. gr. laganna að skýra þannig að átt sé við fasta búsetu í skilningi 2. mgr. 1. gr. lögheimilislaga nema sérstakt komi til. Samkvæmt 1. gr. geta þó fleiri verið skattskyldir hér á landi en þeir sem teljast heimilisfastir í framangreindum skilningi þar sem í 2.-4. tl. 1. mgr. er mælt fyrir um skattskyldu fleiri manna en þeirra sem teljast hafa hér fasta búsetu í skilningi lögheimilislaga.*

Miðað við ofangreint er ljóst að skattaleg heimilisfesti á Íslandi fer alla jafna saman við reglur lögheimilislaga nema í undantekningartilfellum sem sérstaklega eru upp talin í 1. mgr. 1. gr. tekjuskattslaga eigi við.

*3.2. Efnisreglur lögheimilislaga*  
Þó efnisreglur lögheimilislaga séu almennt ráðandi varðandi skattalega heimilisfesti, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt er mikilvægt

<sup>22</sup> Sbr ummæli í frumvarpi til laga nr. 40/1978, þskj. 600, 99. lþ. 282. mál.

<sup>23</sup> Ósammála, Ásmundur G. Vilhjálmsson, bls. 221 og 222, en embætti ríkisskattstjóra virðist sammála sbr. Handbók um tekjuskatt og eignarskatt, 1. útgáfa, mars 1996 þar sem

segir á bls. 11 "Fellur heimilisfesti samkvæmt þessum tölulíð því saman við hugtakið lögheimili samkvæmt 1. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili."

<sup>24</sup> Þskj. 135, 112. lþ., 131. mál.

<sup>25</sup> Undirstríkun höfundar.

að hafa í huga að samkvæmt sama ákvæði fer ríkisskattstjóri með úrskurðarvald um skattalega heimilisfesti þannig að ekki þarf að líta til formlegrar skráningar í þjóðskrá heldur er litið til þess hvort einstaklingur telst falla undir efnisreglur<sup>26</sup> lögheimilislaga og vera skattalega heimilisfastur á Íslandi.

Í 1. gr. lögheimilislaga er kveðið á um þá meginreglu að lögheimili manns sé þar sem hann hefur fasta búsetu en föst búseta er skilgreind sem sá staður þar sem að viðkomandi (i) hefur bækistöð sína, (ii) dvelst að jafnaði í tómsundum, (iii) hefur heimilismuni sína og svefnstað. Séu þessi skilyrði uppfyllt breytir það ekki niðurstöðunni þó viðkomandi sé fjarverandi tímabundið vegna orlofs, vinnuferða, veikinda o.s.frv.

Með þessari meginreglu um lögheimili er vikið frá hugtakinu heimili í áður gildandi lögum sem viðmið en tekið upp hugtakið föst búseta. Samkvæmt skýringum í framvarpi til lögheimilislaga er þetta gert þar sem að hugtakið heimili er óljóst og einstaklingar geti átt fleiri en eitt slíkt<sup>27</sup>. Því er horft til svefnstaðar viðkomandi og því skiptir ekki máli hvort hann geti talist átt fleiri en eitt heimili.

Af þessu leiðir að það er ekki ákvörðunaratriði varðandi mat á skattalegri heimilisfesti hvort einstaklingur á húsnaði eða heimili á Íslandi.<sup>28</sup> Þess í stað ber að horfa til allra aðstæðna viðkomandi einstaklings, þ.e. hvar hann hefur bækistöð, dvelst í tómsundum og á sinn svefnstað.

Því segir fasteign eða heimili á Íslandi eitt og sér ekkert um skattalega heimilisfesti einstaklings<sup>29</sup>. Þessi niðurstaða er í samræmi við afstöðu ríkisskattstjóra sem kemur fram í úrskurði yfirsattanefndar nr. 149/2006 þar sem ríkisskattstjóri úrskurðaði þannig að einstaklingur sem starfaði og bjó erlendis væri ekki skattalega heimilisfastur á Íslandi þrátt fyrir að viðkomandi ætti hér heimili þar sem að maki og börn bjuggu<sup>30</sup>. Í úrskurði ríkissattanefndar nr. 123/1992 kemur einnig fram að hjón geti verið skattalega heimilisföst sitt í hvoru ríkinu.

### 3.3. Þýðing tíma

Tímalengd dvalar sem telst búseta og valda skattalegu heimilisfesti getur skipt verulegu máli þegar metið er hvort einstaklingur teljist skattalega heimilisfastur á Íslandi eða ekki. Óvissa að því er varðar tímalengd ætti þó eingöngu að koma upp vegna skammtímadvalar einstaklings á Íslandi sem ekki hefur verið skattalega heimilisfastur hér fyrir komu sína til landsins. Því á umfjöllun um tíma betur heima í 5. kafla.

### 3.4. Óvissa um skattalega heimilisfesti

Í ljósi þess að einstaklingar geta átt margar fasteignir og margar þeirra mögulega uppfyllt það skilyrði að teljast heimili getur augljóslega verið óljóst hvar skattaleg heimilisfesti er fyrir hendi. Í lögheimilislögum eru settar reglur í 4. gr. sem leysa eiga úr slíkri óvissu.

Þar kemur fram einstaklingur geti aðeins átt lögheimili á einum stað í einu.<sup>31</sup> Ef óljóst er hvar einstaklingur telst eiga lögheimili

**26** Lögheimilislög hafa að geyma efnisleg skilyrði sem heimilisfestin miðast við, ríkisskattstjóri ætti því að líta til þeirra óháð því hvernig skráning er í þjóðskrá.

**27** Sjá athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins, sbr. þskj. 135, 112. lþ., 131. mál.

**28** Í úrskurði ríkissattanefndar nr. 541/1991 er fjallað um einstakling sem flutti frá Íslandi til Bandaríkjanna en átti húsnaði sitt áfram á Íslandi. Skattyfirvöld halda því, réttilega, ekki fram að það hafi áhrif á skattaleg heimilisfesti heldur er deilt um önnur atriði. Í úrskurði ríkissattanefndar nr. 967/1991 taka skattstjóri og ríkisskattstjóri þá afstöðu að rétt sé að hafa beiðni um skattalega heimilisfesti en umsækjendur áttu fasteign á Íslandi.

**29** Ósammála, Ásmundur G. Vilhjálmsson, sérstaklega bls. 209 – 214 og 222 – 234.

**30** Þetta er í samræmi við afstöðu embættisins þar sem gert er ráð fyrir því að annar aðili hjónabands geti verið skattalega heimilisfastur utan Íslands sem fram kemur t.d. í verklagsreglum RSK við útreikning gjalda Síðari hluti Afbrigðileg álagning frá 22 maí 1997, bls. 29 sbr. og Vinnureglur og leiðbeiningar varðandi úthlutun barnabóta, RSK Október 1996, bls. 6.

**31** Rétt er að vekja athygli á því að reglan visar til lögheimilis hér á landi. Það getur hæglega komið upp að reglur annarra ríkja séu ekki í samræmi við reglur lögheimilislaga og því verði skörun, þ.e. að einstaklingur uppfylli skilyrði laganna fyrir lögheimili en jafnframt sambærileg skilyrði í öðru ríki/ríkjum.

skv. þeim viðmiðum sem sett eru fram í 3.2. skal líta til þess hvar viðkomandi dvelst meiri hluta árs. Liggi það fyrir þá ræður sú dvöl lögheimilinu. Sé dvöl ekki fyrir hendi meirihluta árs á neinum einum stað ræður sá staður sem viðkomandi hefur aðal atvinnu sína, þ.e. sú atvinna sem gefur tvo þriðju hluta af árstekjum viðkomandi eða meira, enda eigi hann þar bækistöð. Viðmið um tímalengd dvalar innan árs er nokkuð skýrt. Hins vegar er ástæða til þess að velta upp spurningu um á hvaða stað einstaklingur telst hafa atvinnu sína. Í ljósi áherslu lögheimilislaga á dvalarstað, þ.e. þann stað sem einstaklingur er staddur á, sbr. tilvísun til bækistöðvar í þessu sambandi, verður að gera ráð fyrir því að verið sé að vísa til þess staðar sem einstaklingur hefur starfsstöð á<sup>32</sup>. Af því leiðir að það skiptir ekki máli í hvaða ríki vinnuveitandinn er staddur, þannig getur einstaklingur sem starfar hjá íslensku fyrirtæki en hefur starfsstöð utan Íslands verið skattalega heimilisfastur utan Íslands. Staðsetning vinnuveitandans hefur engin áhrif á matið.

Tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert geta haft áhrif á það hvar einstaklingur telst skattalega heimilisfastur í skilningi þess tvísköttunarsamnings sem verið er að beita hverju sinni, sbr. 4. gr. samningsfyrirmyndar OECD. Ákvæði tvísköttunarsamninga falla utan efnissviðs þessarar greinar svo hér er látið nægja að vekja athygli á þessu og benda á að ákvæði þeirra um heimilisfesti kveða ekki sjálfstætt á um heimilisfesti heldur vísa til landsréttar ríkja en kveða sjálfstætt upp úr með heimilisfesti þegar samningsríki deila um það vegna þess að einstaklingur uppfyllir skilyrði landsréttar beggja ríkja um skattalega heimilisfesti.

### 3.5. Flutningur til Íslands

1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt gerir það að verkum að einstaklingar sem fæddir

eru og búa áfram á Íslandi teljast skattalega heimilisfastir á Íslandi. Að sama skapi verða einstaklingar sem flytja hingað og búa um lengri tíma skattalega heimilisfastir samkvæmt greininni að uppfylltum efnislegum skilyrðum lögheimilislaga. Að því er varðar einstaklinga sem flytja en uppfylla ekki efnisleg skilyrði lögheimilislaga þá geta þeir samt talist skattalega heimilisfastir á Íslandi í krafti 3. og 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt. Um þau tilfelli er fjallað í köflum 5 og 6.

## 4. EINSTAKLINGAR SEM FLYTJA ÚR LANDI

### 4.1. Skattaleg heimilisfesti þrátt fyrir flutning úr landi

Í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt kemur fram sú regla að einstaklingur sem er skattalega heimilisfastur á Íslandi, óháð því hvernig sú staða kom til, verði áfram skattalega heimilisfastur hér í þrjú ár, miðað við næstu áramót frá flutningsdegi. Meginreglan er því sú að einstaklingur sem flytur úr landi er áfram skattskyldur á Íslandi af öllum sínum tekjum hvar sem þær eru upprunnar eins og hann væri enn búsettur á Íslandi, enda telst viðkomandi skattalega heimilisfastur í skilningi laga um tekjuskatt.

Í lögnum koma engar frekari reglur fram, þ.e. skattalegt heimilisfesti á Íslandi fyrir flutning til annars lands er í senn nauðsynlegt og nægjanlegt skilyrði fyrir því að skattaleg heimilisfesti haldist þrátt fyrir flutning milli landa. Að sama skapi verður einstaklingur sem flytur frá einu landi utan Íslands til annars ekki felldur undir þetta ákvæði, nema viðkomandi hafi verið skattalega heimilisfastur á Íslandi þrátt fyrir búsetu í öðru ríki, sbr. t.d. kafli 6. Því skiptir engu hvort brott fluttur einstaklingur á hér (eða í öðrum ríkjum) húsnæði, fjölskyldutengsl, aðrar eignir eða

<sup>32</sup> Í þessu sambandi reynir á atvik máls hverju sinni þannig að takmarkatilvik geta valdið vafa, sönnun á því hvar aðal starfsstöð sé þarf þá að nást.

starfar hjá íslenskum aðila heldur verður viðkomandi skattalega heimilisfastur næstu þrjú ár eingöngu á grundvelli undanfarandi skattalegrar heimilisfesti á Íslandi.

Afstaða ríkisskattstjóra, sem fram kemur í úrskurði yfirskattanefndar nr. 230/2004 er í samræmi við ofangreint. Í úrskurðinum kemur fram að í kröfugerð ríkisskattstjóra hafi sagt:

*Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, þjóðskrá var kærandi með skráð lögheimili í Libanon frá 3. janúar 2000 til 1. september s.á. Kærandi hefur ekki lagt fram staðfestingu á því að hann hafi borið fulla og ótakmarkaða skattskyldu í öðru ríki [...] eftir að hann skráði lögheimili sitt erlendis. Af þeim sökum bar hann fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. þágildandi laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (nú lög nr. 90/2003)*

#### 4.2. Skilyrði þess að skattaleg heimilisfesti falli niður

Eftir að einstaklingur hefur flutt frá Íslandi telst hann enn skattalega heimilisfastur á Íslandi í þrjú ár miðað við áramót frá brottflutningsdegi. Þetta á við nema viðkomandi uppfylli tvíþætt skilyrði 2. t. l. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt, þ.e. að viðkomandi sé skattalega heimilisfastur í öðru ríki og að skattskyldum þar sé fullnægt.

##### 4.2.1. Skattskylda

Skilyrðið að um skattskyldu sé að ræða gerir kröfu um tvennt. Annars vegar þarf að vera um að ræða ótakmarkaða skattskyldu á grundvelli heimilisfesti, sbr. orðalagið „á sama hátt og menn heimilisfastir þar“. Hins vegar þarf slík skattskylda að vera fyrir hendi í því ríki sem flutt er til.

Ótakmörkuð skattskylda á grundvelli

heimilisfesti samkvæmt íslenskum lögum er skattskylda einstaklings af öllum sínum tekjum hvar sem þeirra er aflað sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Til þess að skattaleg heimilisfesti í öðru ríki dugi til þess að hún falli niður á Íslandi þarf skattskyldan þó ekki að vera með sama hætti og á Íslandi.<sup>33</sup> Ákvæði 2. t. l. 1. mgr. 1. gr. vísar berum orðum til reglna í viðkomandi ríki, þ.e. reglur sem gilda um einstaklinga heimilisfasta í viðkomandi ríki. Því gerir skilyrðið ekki kröfu til efnis viðkomandi reglna heldur verður viðkomandi einstaklingur aðeins að falla undir almennar reglur annars ríkis um skattalega heimilisfesti. Þetta skiptir miklu máli þar sem að verulegur munur getur verið á því milli ríkja hvernig og af hvaða tekjum einstaklingar eru skattlagðir þegar þeir eru skattalega heimilisfastir. Af þessu leiðir að þó einstaklingar flytji til ríkja sem nota skattkerfi sem eru verulega frábrugðin því íslenska þá fellur skattalegt heimilisfesti hér niður óháð mismunandi reglum að því gefnu að viðkomandi verði skattalega heimilisfastir samkvæmt almennum reglum viðkomandi ríkis. Þá skiptir ekki máli þótt sérreglur séu fyrir hendi sem t.d. veiti skattafslátt til aðfluttra sérfræðinga, skattundanþágu fyrir ákveðna tekjutegund, byggi skattlagningu á því hvar tekjur verða til og hvar þær verða nýttar o.s.frv. Skilyrðið lýtur aðeins að því að einstaklingur falli undir almennar reglur viðkomandi ríkis um skattalega heimilisfesti.

Því mætti orða skilyrðið um skattskyldu í öðru ríki þannig að brottfluttur einstaklingur verður að vera skattskyldur í viðkomandi ríki með sambærilegum hætti og aðrir einstaklingar sem (i) búsettir eru í sama ríki og (ii) eru í sambærilegri stöðu og viðkomandi.

Í ljósi orðalags 2. t. l. 1. mgr. 1. gr. er að sama skapi ljóst að skattaleg heimilisfesti

<sup>33</sup> Skýring embættis ríkisskattstjóra í Handbók um tekjuskatt og eignarskatt, bls. 12, á þessu ákvæði er að það hafi verið sett fram "í þeim tilgangi að tryggja að menn geti ekki vikið

sér undan skattlagningu tekna og eigna sem þeir afla erlendis eftir brottflutning með því einu að bregða um stundarsakir heimilisfesti hér á landi."

samkvæmt almennum reglum þess ríkis sem flutt er til þarf að vera fyrir hendi. Því dugir takmörkuð skattskylda ekki til, þ.e. skattskylda á grundvelli þess að tekjur séu upprunnar í viðkomandi ríki. Yfirsakta- nefnd tekur sömu afstöðu í úrskurði nr. 230/2004 þar sem segir:

*Skýra verður ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 75/1981 þannig samkvæmt hljóðan þess, sbr. orðalagid „skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar“, að ákvæðið áskilji sönnun fyrir skattskyldu í öðru ríki vegna búsetu eða dvalar þar og að takmörkuð skattskylda í öðru ríki vegna tekna frá því ríki eða eigna þar komi ekki til álita í þessu sambandi.*

#### 4.2.2. Skattskyldu fullnægt

Ekki er nægjanlegt að einstaklingur flytji frá Íslandi og verði skattalega heimilisfastur í öðru ríki til þess að skattalega heimilisfesti hér falli niður. Auk þess verður viðkomandi að fullnægja skattskyldum sínum í viðkomandi ríki skv. 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt. Í ákvæðinu kemur hins vegar ekkert fram um það hve langt þetta skilyrði nær. Það er líklega nær ómögulegt að ganga úr skugga um það hvort brottfluttur einstaklingur uppfylli skattskyldur sínar í öðru ríki að fullu og öllu alveg eins og það getur verið nær ómögulegt að ganga úr skugga um slíkt að íslenskum rétti<sup>34</sup>.

Af þessu leiðir að mat á því hvort þessi hluti skilyrðis tekjuskattslaga telst uppfylltur hlýtur að ráðast af því hvort viðkomandi sé almennt farinn að greiða skatta í því ríki sem flutt er til með sambærilegum hætti og aðrir einstaklingar í sambærilegri stöðu og búsettir þar.

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 97/2000 var fjallað um einstakling (A) sem flutti frá Íslandi til Bretlands vorið 1996 og aftur til Íslands vorið 1999, því væri hún skattalega

heimilisföst á Íslandi allan tímann nema skilyrði 2. tl. 1. mgr. 2. gr. um skattskyldu og fullnægju hennar í viðkomandi ríki væru uppfyllt. Í málinu kemur fram að A bjó í Bretlandi með börnum sínum og sum þeirra gengu þar í skóla auk þess að nýta þar heilbrigðisþjónustu. Hins vegar hafi hún ekki greitt skatta í Bretlandi en fengið þar einhver laun fyrir vinnu. Rétt er að hafa í huga að málið snérist um hvort A ætti rétt til barnabóta á grundvelli þágildandi skattalaga. Ef A hefði verið skattalega heimilisföst á Íslandi á umræddu tímabili hefði hún átt rétt til slíkra bóta. Við rekstur málsins er hún krafín um sönnun fyrir því að hafa ekki greitt skatta í Bretlandi en því hafi hún ekki sinnt með fullnægjandi hætti. Héraðsdómur taldi því ósannað að skattskyldu hafi ekki verið fullnægt í Bretlandi. Þá sagði Hæstiréttur:

*Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi til aðurgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. nú lög nr. 75/1981, var ákvæði 2. tl. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins lögtekið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að menn teldust hvergi skattskyldir, í þeim tilvikum að vafi léki á um skattskyldu manns í öðru ríki.*

Í ljósi þessa og málsatvika taldi Hæstiréttur ljóst að A væri skattskyld í Bretlandi og með vísan til forsendna héraðsdóms hafnaði rétturinn því að A væri skattalega heimilisföst á Íslandi.

Tvennt er áhugavert við niðurstöðu Hæstaréttar. Í fyrsta lagi vísar hann til tvísköttunarsamnings Íslands og Bretlands, þ.e. 4. gr., til stuðnings þess að A væri skattalega heimilisföst í Bretlandi. Þau rök réttarins fyrir niðurstöðu um skattalega heimilisfesti í Bretlandi halda ekki. Nefnt ákvæði tvísköttunarsamningsins kveður ekki á um hvort einstaklingur sé skattalega heimilisfastur á Bretlandi eða Íslandi heldur

<sup>34</sup> Það nærir að vísa til 7. gr. laga um tekjuskatt að því er varðar skattskyldu gjafa, þ.e. nær ómögulegt að meta nákvæmlega hvenær gjöf samkvæmt þeirri grein er skattskyld

og hvenær ekki. Því er jafnframt nær ómögulegt að meta hvort einstaklingur uppfylli skattskyldu sína samkvæmt því ákvæði að fullu og öllu.

er það hannað til að leysa úr deilu um tvöfalt heimilisfesti svo samningnum verði réttilega beitt ef svo vill til að einstaklingur telst skattalega heimilisfastur í báðum ríkjum samkvæmt landsrétti þeirra. Hins vegar kemur ekkert fram í dómi réttarins um stöðu A samkvæmt breskum lögum og virðist hún ekki hafa verið upplýst í málinu. Frekari umfjöllun um þetta efni fellur þó utan gildissviðs þessarar greinar enda á sviði sértækra ákvæða tvísköttunarsamninga.

Í öðru lagi er sönnunarbyrði lögð á A fyrir því að hún hafi ekki uppfyllt skattskyldur sínar í Bretlandi en þar sem sú sönnun tókst ekki virðist hún talin hafa uppfyllt þær og því hafi skattalegu heimilisfesti hennar á Íslandi lokið þegar við flutning af landi brott. Eftir stendur spurningin um hvort sönnunarbyrðin sé almennt með þessum hætti þegar 2. tl. 1. mgr. 1. gr. er beitt. Ef sönnunarbyrðin er almennt með sama hætti og fram kemur í dómnum þá þarf einstaklingur að sanna að ekki hafi verið greiddur skattur í búsetulandi þegar því er haldið fram að skattaleg heimilisfesti sé á Íslandi. Jafnframt ættu skattfyrirvöld þá að þurfa að sanna að viðkomandi hafi ekki greitt skatta erlendis í þeim tilvikum sem þau vilja halda fram skattalegri heimilisfesti á Íslandi, að því gefnu að viðkomandi búi í öðru landi.

#### 4.3. Sönnun um skattskyldu

Þar sem að skattskylda og fullnægja hennar í öðru ríki er í senn nauðsynlegt og nægjanlegt skilyrði fyrir því að skattskyldu ljúki við flutning úr landi getur verið nauðsynlegt fyrir einstakling að sanna skattskyldu sína í öðru ríki. Eins og fram kemur í 4.2. þarf að uppfylla tvíþætt skilyrði svo skattaleg heimilisfesti á Íslandi falli niður innan þriggja ára frá flutningi af landi brott. Annars vegar þarf einstaklingur að verða skyldugur til þess að greiða skatta á grundvelli heimilisfesti í öðru

ríki og hins vegar þarf hann að hafa uppfyllt þær skyldur sínar.

Vottorð um skattskyldu á grundvelli heimilisfesti í viðkomandi ríki frá bærum stjórnvöldum ætti í öllu falli að duga sem sönnun. Sé jafnframt fánlegt sambærilegt vottorð sem sýnir fram á að einstaklingur hafi jafnframt fullnægt skattskyldu sinni væri komin fullnægjandi sönnun fyrir því að skilyrði tekjuskattslaga séu uppfyllt og því sé skattaleg heimilisfesti á Íslandi fallin niður. Hins vegar getur komið upp sú staða að einstaklingur geti ekki lagt fram slík vottorð af einhverjum ástæðum. Það getur átt við um bæði vottorðin og sérstaklega gæti reynst erfitt að fá vottorð um að skattskyldu hafi verið fullnægt þar sem að deilur um slíkt geta komið upp síðar.

Ef viðkomandi er þó skattalega heimilisfastur í viðkomandi ríki verður að gera ráð fyrir því að hægt sé að sanna það með öðrum hætti, enda er skilyrði 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt skilyrði um efni en ekki form<sup>35</sup>. Þar sem að í lögum um tekjuskatt koma ekki fram neinar formkröfur um hvernig einstaklingur á að sanna skattalegt heimilisfesti sitt verður að gera ráð fyrir því að það megi geri með hverjum þeim hætti sem teljist fullnægjandi á grundvelli almennra sönnunarregla réttarfars. Í þessu sambandi mætti nefna sem mögulega sönnun launaseðla sem bera með sér að staðgreiðsla hafi verið greidd, útskrift úr staðgreiðsluskrá, vottorð um búsetu, sönnun á skilyrðum laga og staðreyndum, o.s.frv. Afstaða yfirskattanefndar virðist vera í samræmi við ofangreint í úrskurði nr. 230/2004 þar sem nefndin segir:

*...þar sem kærandi hefur, þrátt fyrir áskorun skattstjóra í bréfi, dags. 17. apríl 2002, ekki lagt fram nein gögn um skattskyldu í Líbanon vegna starfa þar í landi á árinu 2000 verður ekki talið*

35 Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 230/2004 kemur fram sú afstaða ríkisskattstjóra að "Fullnægjandi sönnun á skattskyldu í öðru ríki fæst eingöngu með framlagningu á vottorði frá þar

til bærum yfirvöldum í viðkomandi ríki." Telja verður ljóst að þessi krafa sé of ströng.

*að kærandi hafi sýnt fram á að ótakmarkaðri skattskyldu hans hér á landi hafi lokið við brottflutning hans frá landinu 3. janúar 2000, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 75/1981. Verður krafa hans því ekki tekin til greina á þeim grundvelli.*

Ef efnisleg skilyrði skattskyldu í öðru ríki eru uppfyllt og það er sannanlegt með einhverjum hætti verður að lita til þess hvort skattskyldu hafi verið fullnægt. Eins og ákvæðið er orðað og fyrri hluti skilyrðisins um skattskyldu hefur verið skýrt virðist sönnunarbyrðin hvíla á viðkomandi einstakling, þ.e. reglan kveður á um að viðkomandi sé skattalega heimilisfestur á Íslandi í þrjú ár eftir flutning nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hins vegar virðist Hæstiréttur taka þá afstöðu í málinu nr. 97/2000 að ef aðstæður eru með þeim hætti að líkur teljist fyrir því að skattaleg heimilisfesti utan Íslands sé fyrir hendi þá þurfi einstaklingur ekki lengur að sanna að skattskyldu hafi verið fullnægt heldur sé reiknað með því nema hið andstæða sé sannað.

## 5. EINSTAKLINGAR SEM DVELJA LENGUR EN 183 DAGA HÉR Á LANDI

183 daga regla 3. t. l. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt miðast ekki við almanaksárið eða skattárið heldur sérhvert 12 mánaða tímabil, þ.e. þeir teljast skattalega heimilisfastir á Íslandi sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, þar með talin eðlileg fjarvera héðan af landi vegna orlofs og þess háttar. Af reglunni leiða ýmsar spurningar, þ.e.:

- *Hvað telst til dvalar á Íslandi?*
- *Hve langur tími er einn dagur?*
- *Hve langt er tólft mánaða tímabil?*
- *Hvað telst, og hve lengi er, eðlileg fjarvera af Íslandi vegna orlofs og þess háttar?*

— *Við hvaða dagsetningu miðast upphaf skattalegrar heimilisfesti?*

### 5.1. Dvöl á Íslandi

Dvöl á Íslandi er ekki fyrir hendi nema einstaklingur sé líkamlega staddur á Íslandi. Hvort nærveran ein nægi til þess að einstaklingur teljist dvelja á Íslandi í skilningi laga um tekjuskatt kemur ekki sérstaklega fram í lögnum. Hins vegar gefur texti ákvæðisins ekki mikið svigrúm til vafa. Í ljósi orðalags hans verður því að telja að sé einstaklingur staddur á Íslandi teljist hann uppfylli skilyrðið um dvöl á Íslandi óháð því í hvaða tilgangi sú dvöl er.

Því verður að gera ráð fyrir því að einstaklingur sem kemur í fri til Íslands geti orðið hér skattalega heimilisfastur í krafti 3. t. l. 1. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt alveg eins og sá sem kemur hingað til starfa eða í hvaða öðrum tilgangi sem er.

### 5.2. Hve langur er einn dagur?

Lengd dags í skilningi laga um tekjuskatt getur skipt miklu máli þegar 183 daga reglunni er beitt. Ef dvöl hér hluta úr sólarhring telst dvöl í einn dag þá verður talning daga í skilningi ákvæðisins með öðrum hætti heldur en ef einungis dvöl í heilan sólarhring nægir til að einstaklingur teljist dvelja hér í einn dag. Þessir tveir skýringar möguleikar virðast koma helst til greina, þ.e. að aðeins heill sólarhringur nægi til þess að teljast dagur í skilningi laga um tekjuskatt eða hver dagshluti teljist nægja.

Engin bein skýring er í lögum um tekjuskatt sem gerir það mögulegt að slá því alveg föstu hvor skýringin sé rétt. Hins vegar kemur fram í 2. mgr. 69. gr. laga um tekjuskatt að í skilningi laganna séu 365 dagar í skattárinu, það virðist benda til þess að dagur í skilningi laganna sé einn heill sólarhringur. Sé hugtakið skýrt í ljósi þessa og þannig að það verði að vera ljóst hvort einstaklingur sem í einhverju marki á leið um Ísland verði hér skattalega heimilisfastur

eða ekki þá virðist of mikil óvissa leiða af því að miða við styttri tíma en einn sólarhring. Ella gæti t.d. einstaklingur sem millilenti oft á Íslandi talist dvelja hér fjölda daga á hverju tólf mánaða tímabili en slík skýring virðist ganga of langt<sup>36</sup>.

Höfundur telur því rétt að miða talninguna aðeins við þá heilu sólarhringa sem dvalist er á Íslandi. Dagur í skilningi laga um tekjuskatt er því heill sólarhringur, t.d. telst þá einstaklingur sem kemur til Íslands á sunnudegi en fer af landi brott aftur á þriðjudegi dveljast hér í einn dag. Að sama skapi telst einstaklingur sem kemur á sunnudagskvöldi en fer aftur á mánudagsmorgni ekki hafa dvalist á Íslandi í neinn dag í skilningi laga um tekjuskatt.

**5.3. Hve langt er tólf mánaða tímabil**  
Lengd tólf mánaða tímabils skiptir, eins og lengd dags, höfuðmáli þegar ákvarða á hvort einstaklingur verður skattalega heimilisfastur á Íslandi vegna ákveðinnar dvalar hér. Lög um tekjuskatt skýra ekki nánar hvað telst vera tólf mánaða tímabil en aftur virðast tveir skýringarmöguleikar helst koma til greina. Annars vegar getur verið um að ræða tímabil sem aðeins miðast við upphaf og lok mánaðar en hins vegar getur verið um að ræða sérhverja 365 daga.

Þar sem að í ákvæðinu er notað hugtakið tólf mánaða tímabil en ekki 365 dagar eins og 2. mgr. 69. gr. laganna verður að telja að fyrri skýringarkosturinn sé réttur. Því verður aðeins litið til dvalardaga innan tólf mánaða tímabils sem hefst á fyrsta degi fyrsta mánaðar en lýkur með síðasta degi tólfta mánaðar<sup>37</sup>.

Við talningu verður að hafa í huga að tímaramminn færir, þ.e. hann getur verið

frá byrjun janúar til loka desember sama árs, frá byrjun febrúar til loka janúar næsta árs o.s.frv. Því geta verið mis margir dagar eftir því hvaða tólf mánaða tímabil er til skoðunar. Að sama skapi getur þetta leitt til þess að sundurslitin dvöl einstaklings á tveimur almanaksárum getur leitt til ótakmarkaðrar skattskyldu viðkomandi á Íslandi. Þannig uppfyllir einstaklingur skilyrðið um dvöl ef hann kemur hér sem skiptinemi í eina önn eða 100 daga í lok árs 2007 ef hann vinnur hér í 60 daga veturinn 2008 og kemur svo í sumarfrí til Íslands í 25 daga sumarið 2008.

#### 5.4. Fjarvera frá Íslandi

Síðasti hluti 3. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna gerir það að verkum að töluverð óvissa getur verið um það hvenær einstaklingur telst hafa uppfyllt 183 daga reglu laganna. Það er mögulegt að skýra ákvæðið þannig að einstaklingur geti verið fjarverandi vegna orlofs í 24 daga, sem er algengur orlofstími, auk þess að vera mögulega fjarverandi um einhverjar helgar, jöl o.þ.h. Slík skýring gæti hæglega leitt til þess að á 12 mánaða tímabili gæti fjarvera orðið 40 – 50 dagar og 183 daga reglan því uppfyllt þó einstaklingur sé raunverulega aðeins staddur á Íslandi í 133 – 143 daga á tímabilinu.

Höfundur telur þessa skýringu ekki útilokaða. Hins vegar virðist niðurstaðan í tilfelli hvers einstaklings hljóta að vera verulega háð öllum aðstæðum hverju sinni og þar yrði að hafa til hliðsjónar reglur lögheimilislaga þó 183 daga regla laga um tekjuskatt þurfi ekki að vera í samræmi við efnisreglur þeirra. Í ljósi þessa verður að telja að mikil óvissa ríki um merkingu þessa hluta 3. tl. 1. mgr. 1. gr.

**36** Á þetta hefur ekki reynt í þessu samhengi en aðrir túlkunarmöguleikar eru augljósir þó höfundur telji mikilvægi þess að reglan sé skýr leiða til þess að túlka verði dag sem heilan sólarhring. Áhugavert er að embætti ríkisskattstjóra virðist ekki hafa skýra afstöðu að því er þetta varðar í Handbók um tekjuskatt og eignarskatt, 1. útgáfa, mars 1996, bls. 11 er vísað til þess að dvöl í 184 daga á 12 mánaða tímabili valdi skattalegu heimilisfesti en ekkert er fjallað um hvaða tími falli undir það að vera einn dagur, hins vegar kemur fram á blaðsíðu 13 í sama riti að dvalartími teljist frá komudegi til

brottfaradags. Ríkisskattstjóri virðist þannig ekki telja að viðmiðið sé “frá og með” og “til og með” heldur frá og til sem er í samræmi við afstöðu höfundar þessa greinar. Sem dæmi um annan skýringarmöguleika má benda á athugasemdir OECD við núgildandi tvísköttunarsamningsfyrirmynd þar sem komudagur og brottfaradagur eru taldir með, sbr. Model Tax Convention on Income and on Capital, Condensed Version, OECD, Júlí 2005, bls. 206.

**37** Á þetta hefur ekki reynt og aðrir túlkunarmöguleikar augljósir en texti laganna visar til mánaða en ekki dag.



### 5.5. Dagsetning upphafs skattalegrar heimilisfesti

Það verður grundvallarbreyting á stöðu einstaklings samkvæmt lögum um tekjuskatt sem verður skattalega heimilisfastur á Íslandi miðað við þann sem ekki er skattalega heimilisfastur. 183 daga reglan getur leitt til þess að skattaleg heimilisfesti verður fyrir hendi hjá einstaklingi sem dvelst hér í 20 daga 2007 og 164 daga 2008. Í lok 2007 er slíkur einstaklingur ekki skattalega heimilisfastur á Íslandi og ekki heldur þegar skattframtali er skilað fyrir það ár. Á seinni tímamarki kemur í ljós að aðstæður eru þannig að viðkomandi er hér skattalega heimilisfastur. Ef dagsetning skattalegrar heimilisfesti er við komu hingað 2007 þá getur viðkomandi, án þess að vita af því á sínum tíma, hafa brotið gegn ákvæðum laga um tekjuskatt að því er varðar framtal og mögulega ýmsum efnisákvæðum laganna. Ef dagsetningin miðast við þann dag sem 183 daga reglan er uppfyllt þá er staðan allt önnur.

Í lögum um tekjuskatt kemur ekki fram hvor afstaðan er rétt, eða hvort einhver annar möguleiki getur átt við. Þetta verður að teljast mjög bagalegt enda um mikla hagsmuni viðkomandi einstaklings að ræða. Í ljósi þessa getur verið að velja verði þann möguleika sem er minnst íþyngjandi fyrir viðkomandi í hverju tilfalli. Í öllu falli fær höfundur ekki séð að hægt sé að kveða upp úr með þetta með skýrum hætti á grundvelli laganna.

### 6. EINSTAKLINGAR SEM STARFA UM BORÐ Í LOFTFARI EÐA SKIPI SKRÁÐU HÉR Á LANDI

Sérregla 4. tl. 1. mgr. 1. gr. tekjuskattslaga á aðeins við um einstaklinga sem starfa um borð í skipum og flugvélum. Miðað við orðalag ákvæðisins verður að ætla að það taki til hvers þess sem starfar að staðaldri á þessum farartækjum. Enginn greinarmunur er gerður á því hvar viðkomandi einstaklingar búa, hvort þeir vinni alltaf í sömu flugvélinni eða skipinu eða mismunandi flugvélum og skipum, o.s.frv. Þvert á móti gerir ákvæðið það að verkum að einstaklingar sem starfa að staðaldri um borð í nefndum farartækjum verði skattalega heimilisfastir á Íslandi starfi þeir samtals lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, þar með talin eðlileg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í þeim að því gefnu að þau séu skráð er hér á landi. Af þessu leiðir fræðilegur möguleiki á því að einstaklingar sem aldrei hafa komið til Íslands teljist samt skattalega heimilisfastir hér.

Athygli vekur tilvísun til fjarveru frá starfi vegna orlofs eða þess háttar. Ætla mátti að ákvæðið tæki aðeins til þess tíma sem viðkomandi eru um borð í skipum eða flugvélum við störf sín. Tilvísun til fjarveru vekur upp spurningar hvort horft sé til ráðningartíma frekar heldur en starfs um borð í skipi eða flugvél. Þá vekur athygli að horft er til 183 daga en gera verður ráð fyrir því að áhafnir flugvéla séu við störf um borð í minna en sólarhring hverju sinni en allt annað getur átt við um áhafnir skipa. Í ljósi þessa virðist ólíklegt að flugliði geti nokkurn tíma uppfyllt skilyrði ákvæðisins og orðið skattalega heimilisfastur á Íslandi<sup>38</sup>.

Staðan getur verið allt önnur varðandi áhafnir skipa sem geta eytt verulegum tíma um borð þeirra. Þar sem að fjarvera frá skipi

38 Rétt er að vekja athygli á því að niðurstaðan gæti orðið önnur ef klukkutímar innan dags teldust heill dagur í skilningi laganna.

vegna orlofs eða þess háttar verður að telja með í skilningi reglunnar verður aftur að gera ráð fyrir því að einhverjir tugir daga vegna slíkra fjarveru teljist með við mat á því hvort áhafnar meðlimur telst skattalega heimilisfastur á Íslandi. Því gætu störf í verulega færri daga en 183 um borð í skipi skráðu á Íslandi nægt til þess að viðkomandi teljist hér skattalega heimilisfastur. Telja verður að þessi staða geti hæglega komið upp. Svo virðist hins vegar sem ekki hafi reynt á þetta í framkvæmd.

Að því er varðar talningu daga, ákvörðun tímaramma o.s.frv. vísast að öðru leyti til umfjöllunar 5. kafla. En gera verður ráð fyrir að flugliðar falli því alla jafna undir ákvæði 1. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt starfi þeir í flugvélum skráðum á Íslandi, sbr. úrskurð yfirséðanefndar nr. 268/2006, og verði því takmarkað skattskyldir á samkvæmt lögnum frekar en skattalega heimilisfastir hér á landi.

## 7. ÚRSKURÐARVALD RÍKISSKATTSTJÓRA

Í 2. mgr. 1. gr. laga um tekjuskatt kemur fram að ríkisskattstjóri eigi úrskurðarvald um skattalega heimilisfesti. Einstaklingar geta leitað til dómstóla varðandi úrlausn í deilum um skattalega heimilisfesti. Þá hefur ákvæðið verið skilið þannig í framkvæmd að slíkar deilur falli ekki undir valdsvið yfirséðanefndar sem hafnar því að leysa úr slíkum deilum. Í úrskurði yfirséðanefndar nr. 149/2006 segir nefndin:

*Ágreiningur um heimilisfesti samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003 heyrir þannig ekki undir valdsvið yfirséðanefndar. Samkvæmt þessu verður ekki hróflað við skattalegri heimilisfesti kæranda með úrskurði þessum.*

Jafnframt virðist yfirséðanefnd telja að deiluefni um skattaleg heimilisfesti falli ekki undir valdsvið nefndarinnar þrátt fyrir að

enginn úrskurður ríkisskattstjóra liggja fyrir, sbr. úrskurð nr. 88/2004 þar sem nefndin gefur sér að einstaklingur með skráð lögheimili á Íslandi en við nám í bandaríkjunum sé skattalega heimilisfastur á Íslandi og segir:

*Af þessu tilefni skal tekið fram að samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 75/1981 hefur ríkisskattstjóri úrskurðarvald um hverjir teljist heimilisfastir hér á landi samkvæmt greininni. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármála-ráðherra. Samkvæmt þessu á ágreiningur um heimilisfesti samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981 ekki undir valdsvið yfirséðanefndar.*

Þá hefur nefndin tekið þá afstöðu að skattstjóra beri að fara eftir lögheimilisskráningu hafi ríkisskattstjóri ekki úrskurðað um heimilisfesti. Þetta kemur fram í úrskurði nr. 546/1998 þar sem að einstaklingur sem bjó í Bandaríkjunum í rétt rúmt ár en var skráður hér á landi allan tíma, þ.e. frá miðju ári 1996 fram á mitt ár 1997, taldist skattalega heimilisfastur hér enda hafði ríkisskattstjóri ekki kveðið upp úrskurð um annað. Í úrskurði nefndarinnar segir:

*Kærandi var með skráð lögheimili hér á landi allt árið 1996, en eins og fram kom í athugasemdadálki í skattframtali hennar og kæru til yfirséðanefndar dvaldist kærandi í Bandaríkjunum frá 5. júlí 1995 til 18. júlí 1996.*

*Samkvæmt því sem að framan greinir verður að telja að kærandi hafi haft skattalega heimilisfesti hér á landi allt árið 1996, enda liggur ekki fyrir úrskurður ríkisskattstjóra um aðra tilhögun að þessu leyti, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 75/1981. Allt að einu byggði skattstjóri á því að kærandi hefði aðeins verið heimilisföst hér á landi hluta ársins 1996, þ.e. bersýmilega síðari helming þess, og beitti í raun ákvæðum 2. mgr. 70. gr. laga nr. 75/1981. Virðist skattstjóri hafa gripið til þessarar álagningarmæðferðar þar sem upplýsingar um tekjur kæranda og skattgreiðslur í Bandaríkjunum*

*lágu ekki fyrir, sbr. úrskurð skattstjóra um endurákvörðun, dags. 22. september 1997. Þessi meðferð skattstjóra var andstæð lögum. Meðan ekki lá fyrir úrskurður ríkisskattstjóra um skattalega heimilisfesti kæranda í samræmi við viðhorf skattstjóra varð ekki hjá því komist að skattstjóri byggði á því að kærandi hefði verið heimilisföst hér á landi allt árið 1996 og hagaði álagningu í samræmi við það.*

Af þessu leiðir að á stjórnýslustiginu getur einstaklingur talist skattalega heimilisfastur á Íslandi á grundvelli skráningar í þjóðskrá nema ríkisskattstjóri úrskurði um hana. Í því tilfalli ber embættinu að fara að efnisreglum lögheimilislaga nema ákvæði 1. gr. tekjuskattslaga kveði á um frávik frá þeim. Innan stjórnýslunnar verður þá ekki vikið frá niðurstöðu slíks úrskurðar. Fyrir dómstólum verður hins vegar deilt og skorið úr um deilu varðandi skattalega heimilisfesti. Því er ljóst að mikilvægt sé að embætti ríkisskattstjóra vandi til verka við úrskurð um skattalegt heimilisfesti enda getur verið um gríðar mikla hagsmuni viðkomandi einstaklings að ræða auk þess sem möguleikar hans á að fá úrskurði breytt eru takmarkaðir.





**Anna Linda Bjarnadóttir hdl.,**  
LL.M í alþjóðlegum og bandarískum skattarétti

# SKATTAREGLUR OG EES-SAMNINGURINN

*Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. janúar 2007 í málinu  
nr. E-3650/2006: Hrafnhildur Njálisdóttir gegn íslenska ríkinu.*

1	MÁLAVEXTIR	54
2	ÚRSKURÐUR YFIRSKATTANEFNDAR	54
3	DÓMUR HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR	54
4	DÓMUR HÆSTARÉTTAR	56

## 1. MÁLAVEXTIR

Málavextir eru þeir að stefnandi seldi rekstur sinn hér á landi á árinu 2001 í tengslum við flutning hans til Danmerkur sama ár. Ekki var stofnað sérstakt félag um reksturinn fyrir sölu enda ekki búið að lögfasta reglum um skattfrjálsa yfirfærslu einkarekstrar yfir í einkahlutafélag á þessum tíma. Stefnandi frestaði skattlagningu á söluhagnaði á skattframtali 2002 skv. heimild í 14. gr. núgildandi laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Téd lagagrein kveður á um að eigi skattaðili ekki eignir sem hann getur fyrnt á því ári þegar sala fer fram, getur hann farið fram á frestun skattlagningar á söluhagnaði um tvenn áramót enda afli hann sér eigna sem fyrna megi innan þess tíma og fyrni þær um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Verði eignanna ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því hann myndaðist, að viðbættu 10% álagi.

Haustið 2002 fjárfesti stefnandi í hárgreiðslustofu í Danmörku fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags. Í fylgibréfi með skattframtali stefnanda 2003 var gerð grein fyrir endurfjárfestingunni og að stefnandi teldi sig þar með hafa fullnægt lagaskilyrðum til fyrningar um fjárhæð sem nam söluhagnaði á skattframtali 2002. Um frekari lagarök var vísað til stofnsetningarréttar og meginreglunnar um frjálst flæði fjármagns samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem lögfestur var á Íslandi 1993 (nr. 2/1993). Það er skemmst frá því að segja að rökstuðningur stefnanda fékk engar undirtektir hjá skattstjóra sem taldi ofangreindan rökstuðning ekki eiga við um tekjufærslu á söluhagnaði vegna sölu á rekstri stefnanda.

## 2. ÚRSKURÐUR YFIRSKATTANEFNDAR

Úrskurður skattstjóra var kærður til

yfirs kattane fndar sem kvað upp úrskurð sinn þann 26. október 2005 (nr. 300/2005). Yfirs kattane fnd féllst ekki á kröfur stefnanda en úrskurður hennar var mjög ítarlegur og greinargóður. Er t.d. tekið sérstaklega fram að nú sé almennt viðurkennt að aðildarríkjum Evrópusambandsins beri að haga skattareglum sínum, þ.m.t. reglum um tekjuskatt og aðra beina skatta, þannig að þær samrýmist frelsisákvæðum Rómarsamningsins, sbr. dómaframkvæmd dómstóls EB þar sem innlendar reglur aðildarríkja um tekjuskatt hafa verið taldar stangast á við einstök frelsisákvæði samningsins. Þá er tekið fram í úrskurðinum að „... því er varðar mál kæranda, sbr. framangreinda umfjöllun um þýðingu EES-samningsins, verður ekki séð að neitt fordæmi dómstóls EB liggja fyrir sem gefi sérstakt tilefni til að ætla að niðurstaðan í máli hennar feli í sér mismunun í skattalegu tilliti sem brjóti gegn frelsisákvæðum EES-samningsins.”

## 3. DÓMUR HÉRAÐSDÓMS REYKJAVÍKUR

Mál var höfðað á hendur íslenska ríkinu til ógildingar á þessum úrskurði yfirs kattane fndar. Jafnframt var þess krafist að stefnanda hefði verið heimilt að nota frestaðan söluhagnað vegna tekjuársins 2001 til endurfjárfestingar í fyrnanlegum eignum í Danmörku á árinu 2002. Stefnandi byggði kröfur sínar á því að í 14. gr. tekjuskattslaga, sbr. 33. gr. sömu laga, væri ekki tekið sérstaklega fram að endurfjárfesting í fyrnanlegum eignum þyrfti að fara fram hér á landi. Skýra yrði lagaákvæðin í samræmi við önnur ákvæði laga um tekjuskatt. Að auki yrði að skýra þágildandi 13. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, á þann hátt að ekki skipti máli hvort endurfjárfesting í fyrnanlegum eignum ætti sér stað hér á landi eða erlendis. Í því sambandi vísaði stefnandi til 31. gr. EES-samningsins þar sem segir að innan ramma ákvæða hans skuli engin

höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Stefnandi vísaði einnig til 40. gr. samningsins sem bannar höft á fjármagnsflutningum eða nokkra mismunun, byggða á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar fé væri notað til fjárfestingar. Stefnandi taldi að hafa yrði 4. gr. samningsins, sem bannar hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs á gildissviði samningsins nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans, til hliðsjónar við skýringar á framangreindum ákvæðum. Loks vísaði stefnandi til þess að úrskurður skattstjóra og yfirskattanefndar bryti í bága við 27. gr. samnings milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun, sbr. augl. nr. 11/1997.

Í fyrrnefndum úrskurði yfirskattanefndar var byggt á því að hinar sérstöku fyrningarreglur 14. gr. laga nr. 90/2003 hefðu í för með sér skattaegar afleiðingar og með því talið að heimildin sem um ræðir sé byggð á þeirri forsendu að hagnaður af sölu eigna, sem endurfjárfesting taki til, falli til skattlagningar hér á landi. Þessi niðurstaða var staðfest fyrir dómi með þeim orðum að fallast yrði á þau rök stefnda að rekstur stefnanda í Danmörku sé utan íslenskrar skattalögsögu og að heimild til fyrningar eigna í rekstri, sem skattskyldar eru í öðru ríki, fari alfarið eftir þeim lögum sem þar gilda. Var samkvæmt framansögðu ekki fallist á rök stefnanda og því jafnframt hafnað að með því að túlka umrædd lagaákvæði á þennan hátt hefði yfirskattanefnd tekið ákvörðun, sem hún hefði ekki verið bær til að taka, sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Rökstuðningur fyrir þessari niðurstöðu dómsins hefði mátt vera öllu ítarlegri. Ekki er minnst einu orði á þá málsástæðu stefnanda að túlkun skattfirvalda á 14. gr. laga nr. 90/2003 kunní brjóta gegn 77. gr. stjórnarskrárinnar heldur er niðurstaðan fengin með vísan í forsendur yfirskattanefndar þannig að dómurinn tekur ekki

sjálfstætt á álitæfninu. Jafnframt er ekki tekið á þeirri málsástæðu stefnanda að nauðsynlegt sé að túlka ákvæði tekjuskattslaganna innbyrðis og í stefnu er nefnd 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003 í dæmaskyni. Á grundvelli þeirrar reglu hafa skattfirvöld heimilað endurfjárfestingu í erlendum hlutabréfum fyrir skattskyldan söluhagnað af íslenskum hlutabréfum, þrátt fyrir að ákvæðið heimili það ekki berum orðum.

Samkvæmt 2. kafla EES-samningsins, 2. mgr. 31. gr., felur staðfesturéttur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þaðan sem staðfestan er fengin. Staðfesturéttinum er því ætlað að tryggja ákveðna réttarstöðu þess sem vill hefja og stunda atvinnustarfsemi í viðkomandi ríki en leggur ekki beinar skyldur á ríkið sem hann flytur frá í því sambandi. Dómurinn taldi að reglan tryggði ekki að skattareglum hér á landi yrði beitt á þann hátt sem stefnandi taldi að leiddi af þessu ákvæði EES-samningsins. Ekki var heldur fallist á að þarna væri um að ræða mismunun vegna ríkisfangs eða af öðrum ástæðum sem samningurinn tekur til. Að þessu virtu væri ekki unnt að fallast á að stefnandi ætti rétt á því samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum EES-samningsins að heimildir í skattalögum á Íslandi til að fyrna eignir vegna skattskylds söluhagnaðar verði túlkaðar með þeim hætti að ekki skipti máli, hvort endurfjárfesting í fyrnanlegum eignum eigi sér stað hér á landi eða erlendis.

Í munnlegum málflutningi málsins var vísað til dóms Evrópuðómstólsins frá 26. október 2006 þar sem framkvæmdastjórn ESB höfðaði mál gegn Portúgal til staðfestingar á því að ákvæði þarlendrar skattalaga, þar sem skattaundanþága vegna öflunar íbúðarhúsnæðis var bundin því skilyrði að nýtt húsnæði yrði keypt í Portúgal, bryti gegn 18., 39. og 43. gr. Rómarsamningsins og 28. og 31. gr. EES-samningsins. Var þessi túlkun

framkvæmdastjórnarinnar staðfest fyrir Evrópudómstólnum. Í dómi Héraðsdóms kom hins vegar fram, án frekari rökstuðnings, að ekki yrði fallist á að í fyrrnefndum dómi Evrópudómstólsins hefðu sambærileg atriði verið til umfjöllunar. Þessi niðurstaða dómsins er umdeilanleg í ljósi þess að bæði málin fjalla um undanþágu á skattlagningu skattskylds söluhagnaðar með endurfjárfestingu innan ákveðinna tíamarka í eignum í heimalandi. Þá er til þess að lita að margstaðfest er af Evrópudómstólnum að ekki er gerð sú krafa að lagareglur aðildarríkja beinlínis komi í veg fyrir virkni fjórfrelsisins, til þess að brotið sé gegn samningnum, heldur er nægilegt að lagaumhverfið letji fólk og fyrirtæki í EES-riki til að nýta sér fjórfrelsin og þar með tækifæri í öðru EES-riki.

Að lokum hafnaði dómurinn þeirri málásæðu stefnanda að þar eð skattaleg heimilisfesti hefði verið á Íslandi tekjuárið 2001, bæri að meðhöndla ráðstafanir sem leiddu af framtali þess tekjuárs, svo sem frestun skattlagningar og endurfjárfesting, eins og stefnandi bæri fulla og ótakmarkaða skattskyldu samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, en ekki takmarkaða skattskyldu á grundvelli 3. gr. sömu laga. Jafnframt féllst dómurinn ekki á það með stefnanda, án skýringa, að framangreindur úrskurður yfirsattaneftndar bryti í bága við 27. gr. samnings milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun.

Athyglivert er að dómurinn féldi niður málskostnað með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem skýrir að hluta til rýran efnislegan rökstuðning dómsins.

#### 4. DÓMUR HÆSTARÉTTAR

Stefnandi áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar og óskaði eftir því að Hæstiréttur leitaði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, sbr. lög nr. 21/1994, um öflun álits EFTA-

dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 2. mgr. 34. gr. samningsins. Því var hafnað af hálfu Hæstaréttar þrátt fyrir að stefndi (Íslenska ríkið) legðist ekki gegn því að ráðgefandi álits yrði aflað. Var það mat Hæstaréttar að úrlausnir dómstóls Evrópubandalaganna, sem á undanförunum árum hefðu fjallað um álitæfni af þessu tagi, taki nægilega skýra afstöðu til þeirra atriða, sem áhrif gætu haft á niðurstöðu þessa máls þannig að ekki sé nauðsynlegt að neyta heimildar samkvæmt lögum nr. 21/1994 til að afla ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í tengslum við úrlausn þess.

Þann 7. febrúar sl. kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu þar sem Íslenska ríkið var sýknað af kröfu stefnanda. Niðurstaðan var byggð á þeirri forsendu að í málinu hafi ekki verið gögn um þann rekstur, sem stefnandi sagðist hafa hafið í Danmörku og af þeim skattgögnum frá Danmörku sem lögð hafi verið fram í málinu hafi ekki verið ráðið að stefnandi hefði haft skattskyldar rekstrartekjur þar í landi. Af yfirlýsingu stefnanda í stefnu til héraðsdóms hafi þó verið ljóst að skilyrði 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1981 hafi ekki verið fullnægt. Að mati Hæstaréttar reyndi ekki á reglur samnings um Evrópska efnahagssvæðið í máli þessu.

Í forsendum dómsins kemur fram að stefnandi hafi lagt fram í málinu dagsettan og undirritaðan kaupsamning um hárgreiðslustofu í Danmörku (þar sem kaupverð og sundurlíðun þess er sérstaklega tilgreint) en þrátt fyrir það virðist Hæstiréttur bera brögð á að stefnandi hafi byrjað rekstur í Danmörku, sbr. orðalagið „Áfrýjandi kveðst hafa hafið rekstur í Danmörku haustið 2002, en um hann eru engin gögn í málinu”. Þess skal getið að hvorki skattstjóri Reykjanesumdæmis, yfirsattaneftnd né Héraðsdómur Reykjavíkur gerðu athugasemd við það ekki væru lögð fram nægileg gögn í þessu máli til að sýna fram á að stefnandi hafi raunverulega hafið rekstur í



Danmörku. Stefnandi fyrndi ekki frestaðan íslenskan söluhagnað í Danmörku af þeirri einföldu ástæðu að það var ekki heimilt samkvæmt dönskum tekjuskattslögum.

Þá vakti það athygli greinarhöfundar að Hæstiréttur víkur í forsendum sínum ekki að neinu leyti að dómi Evrópudómstólsins frá 26. október 2006 sem framkvæmdastjórn ESB höfðaði gegn Portúgal né öðrum sambærilegum málum. Dómsmál þetta snerist um það hvort stefnandi hafi fullnægt skilyrðum þágildandi 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1981 með endurfjárfestingu frestaðs söluhagnaðar í fyrnanlegum eignum í Danmörku. Að mati greinarhöfundar tók Hæstiréttur ekki á því álitafni og eftir stendur sama réttaróvissan og áður um það hvort núgildandi 14. gr. tekjuskattslaga standist ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið hvað varðar staðfesturétt og frjálsa fjármagnsflutninga.





Ragna Björk Ragnarsdóttir,  
lögfræðingur úr fyrsta útskriftarhópi við  
lagadeild Háskólans í Reykjavík

# VIÐURLÖG VIÐ SAMKEPPNISBROTUM

D

59

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	60
<b>2</b>	<b>VIÐURLÖG VIÐ BROTUM Á SAMKEPPNISLÖGUM</b>	60
<b>3</b>	<b>SEKTARÁKVÆÐI SAMKEPPNISLAGA</b>	60
	3.1 Almenn t um stjórnsýsluviðurlög	60
	3.2 Almenn t um stjórnvaldssektir	61
	3.3 Almenn t um sektarheimildir Samkeppniseftirlitsins	61
	3.4 Breytingar á sektarákvæðum samkeppnislaga	61
	3.5 Fellur 37. gr. SKL. undir gildissvið 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu?	65
<b>4</b>	<b>REFSIÁKVÆÐI SAMKEPPNISLAGA</b>	67
	4.1 Almenn t um refsíabyrgð lögaðila	67
	4.2 Almenn t um refsíabyrgð einstaklinga	68
	4.3 Breytingar á refsíakvæði samkeppnislaga	69
	4.3.1 Eldri samkeppnislög nr. 8/1993	69
	4.3.2 Samkeppnislög nr. 44/2005 fyrir breytingu með lögum nr. 52/2007	69
	4.3.3 Núgildandi réttur	70
	4.4 Ákvæði 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005	74
	4.4.1 Almenn t	74
	4.4.2 Hugtakið fyrirtæki	74
	4.4.3 Athafnir eða athafnaleysi	74
	4.4.4 Tilgangur og uppruni ákvæðisins	75
<b>5</b>	<b>LOKAORÐ</b>	77

## 1. INNGANGUR

Í þessari grein er fjallað um viðurlög við brotum gegn 37. og 41. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir skammstöfuð SKL), sem eru nánar tiltekið stjórnvaldssektir og refsingar. Ýmis álitæfni hafa sprottið í tengslum við viðurlög við samkeppnisbrotum og þá sérstaklega deilt um inntak áðurnefndra ákvæða eins og þau voru fyrir breytingarlög nr. 52/2007. Sökum þess að breytingarlögin hafa nýlega tekið gildi þykir nauðsynlegt að fjalla um lögin eins og þau eru samkvæmt núgildandi rétti sem og fyrir breytingar.

Fyrst verður vikið að sektarákvæði samkeppnislaga og í því sambandi litið til Evrópuréttar sem og Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir skammstafað MSE) til frekari skýringa á ákvæðinu. Þá er gerð grein fyrir refsíákvæðum samkeppnislaga og þar sérstaklega fjallað um ákvæði samkeppnislaga fyrir síðustu breytingar með lögum nr. 52/2007. Loks er varpað fram hugleiðingum um hina nýju löggjöf og hvort hún sé í raun til bóta fyrir íslensk samkeppnisfyrirvöld og fyrir þá sem fylgja þurfa lögnum í starfsemi sinni. Í umfjölluninni verður stuðst við ákvarðanir og úrskurði íslenskra samkeppnisfyrivalda og niðurstöður samkeppnisfyrivalda sem heyra undir Evrópubandalagid, bæði niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar og dómstóla bandalagsins, til frekari skýringa. Þess ber þó að geta að umfjöllun um Evrópurétt er aðallega til skýringarauka þar sem íslensk samkeppnisfyrirvöld í úrskurðum sínum lita til þeirra viðmiða sem þar koma fram auk þess sem íslensk löggjöf tekur mið af evrópskri löggjöf meðal annars vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér eftir skammstafað EES).

## 2. VIÐURLÖG VIÐ BROTUM Á SAMKEPPNISLÖGUM

Skilgreina má viðurlög sem hvers konar lagaúrræði vegna réttarbrota í þjóðfélaginu.<sup>1</sup> Um viðurlög við brotum á samkeppnislögum er fjallað í 9. kafla SKL. Þau viðurlög sem kveðið er á um í lögnum eru stjórnvaldssektir og refsingar, en að auki er þar kveðið á um að unnt sé að beita dagsektum í ákveðnum tilvikum. Tilgangur dagsekta er að knýja fram efndir eða fullnustu skyldu og því eru dagsektir í raun ekki viðurlög heldur óbein þvingunaráðgerð.<sup>2</sup> Því er ekki vikið að dagsektum í grein þessari heldur einungis gerð grein fyrir stjórnvaldssektum og refsingum.

## 3. SEKTARÁKVÆÐI SAMKEPPNISLAGA

*3.1 Almenn um stjórnsluviðurlög*  
Hugtakið stjórnsluviðurlög er samheiti yfir önnur viðurlög en refsiréttarviðurlög sem stjórnvöld geta lagt á hinn brotlega vegna réttarbrota í stjórnslunni og hefur að markmiði að valda þjáningum eða óþægindum og hafa varnaðaráhrif.<sup>3</sup> Skipta má stjórnsluviðurlögum í þrjá meginflokkka, þ.e. fjárhagslegar álögur, réttindasviptingu og áminningu.<sup>4</sup> Stjórnsluviðurlög teljast ekki til refsinga í skilningi V. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.<sup>5</sup> Hins vegar geta sum lögbrot sem sæta stjórnsluviðurlögum talist refsiverð brot í skilningi MSE, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Þó ríkir enn óvissa um hvernig skýra beri ákvæði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þegar stjórnvöld leggja stjórnsluviðurlög á borgarana.<sup>6</sup>

1 Björn P. Guðmundsson, Lögbokin þín, bls. 519

2 Sama heimild, bls. 122.

3 Páll Hreinsson, Stjórnsluviðurlög, bls. 253.

4 Sama heimild, bls. 256.

5 Sama heimild, bls. 253.

6 Skýrsla nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum, útgefin af forsætisráðuneytinu, Reykjavík, 2005.

### 3.2 Almennt um stjórnvaldssektir

Stjórnvaldssektir eru lögbundin stjórn-sýsluviðurlög sem stjórnvöld geta með stjórnvaldsákvörðun lagt á einstaklinga eða lögaðila. Stjórnvaldssektir eru í eðli sínu viðurlög við lögbroti. Í þeim felst að viðkomandi aðila er gert skylt að greiða til hins opinbera ákveðna fjárhæð vegna brota á ákvæðum laga, reglugerða eða stjórnvaldsákvæðanna, sem samkvæmt lögum varðar stjórnvaldssektum. Að jafnaði renna innheimtar stjórnvaldssektir í ríkissjóð.<sup>7</sup>

### 3.3 Almennt um sektarheimildir Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið er stjórnvald<sup>8</sup> sem byggir valdheimildir sínar á ákvæðum samkeppnislaga.<sup>9</sup> Ákvæði 37. gr. SKL. geymir heimild til að sekta fyrir brot gegn bannákvæðum laganna sem er að finna í 10., 11. og 12. gr. laganna sem fjalla um samráð, misnotkun á markaðsráðandi stöðu sem og samkeppnishamlandi samninga. Þá er heimild til að sekta fyrir brot gegn ákvörðunum sem teknar eru af Samkeppniseftirlitinu samkvæmt IV. og V. kafla laganna. Sem dæmi má nefna fyrirmæli á grundvelli 16. gr. laganna um fjárhagslegan aðskilnað. Gildissvið samkeppnislaga er mjög víðtækt, en samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna taka þau til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún sé rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Sektarheimildir Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 37. gr. SKL. eru því mjög víðtækar þar sem þau fyrirtæki sem hægt er að beita sektum á grundvelli þeirra eru öll þau sem falla undir gildissvið samkeppnislaga, sbr. 2. gr. SKL.

### 3.4 Breytingar á sektarákvæðum samkeppnislaga

Frá því að sektarákvæði var fyrst lögfest með samkeppnislögum nr. 8/1993, hefur það tekið nokkrum breytingum. Í stuttu máli má segja að ákvæðið hafi verið mótað í samræmi við breytt umhverfi reksturs á Íslandi og til samræmis við EES/EB-samkeppnisrétt. Ekki þykir ástæða til að rekja allar þær breytingar sem orðið hafa á ákvæðinu heldur aðeins gerð grein fyrir núgildandi löggjöf enda ekki tók á öðru í stuttri grein sem þessari.

Með breytingarlögum nr. 52/2007 var ákvæði 37. gr. SKL. gert skýrara en áður, þ.e. að nú er tilgreint hvaða brot gegn ákvæðum laganna varði stjórnvaldssektum. 1. mgr. 37. gr. SKL., hljóðar svo:

„Samkeppniseftirlitið leggur stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn:

- a. banni skv. 10. eða 12. gr.,
- b. banni skv. 11. gr.,
- c. fyrirmælum samkeppnisyfirvalda á grundvelli 14. gr.,
- d. skilyrðum sem samkeppnisyfirvöld hafa sett fyrir veitingu undanþágu á grundvelli 15. gr.,
- e. ráðstöfunum, aðgerðum eða bráðabirgða-ákvörðunum á grundvelli 16. gr.,
- f. ihlutun, fyrirmælum eða skilyrðum samkeppnisyfirvalda á grundvelli 1., 5. og 6. mgr. 17. gr.,
- g. tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr.,
- h. sátt milli Samkeppniseftirlitsins og aðila, sbr. 17. gr. a,
- i. skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr.,
- j. banni skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins.“

Eins og skv. aðurgildandi ákvæði leggur Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök þeirra ef þau hafa brotið

<sup>7</sup> Páll Hreinsson, Stjórnsýsluviðurlög, bls. 253.

<sup>8</sup> Með hugtakinu stjórnvald er átt við þau embætti, stofnanir og aðra þá aðila sem fara með framkvæmdarvald, sbr. frumvarp til laga nr. 37/1993. Alþingistiðindi, 116. löggj.

þing, 1992, þskj. 505, 313 mál. Almennar athugasemdir við frumvarpið. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

<sup>9</sup> Ólafur Jóhannes Einarsson, Pagnarréttur og meðferð samkeppnismála, bls. 58.

gegn bannákvæðum laganna, þ.e. 10., 11., eða 12. gr., sbr. 53. og 54. gr. EES-samningsins. Þá leggur Samkeppniseftirlitið einnig á sektir vegna brota gegn ákvörðunum eftirlitsins á grundvelli 14., 15., 16. og 17. gr. SKL. Súbreyting er hins vegar gerð að Samkeppniseftirlitið leggur nú stjórnvaldssektir á þau fyrirtæki sem brjóta gegn 19. gr. SKL. Þar sem það hefur borið á því í framkvæmd að skylda til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr. SKL. hefur ekki verið virt í hvívetna.

Eitt helsta nýmælið er að lögfest er heimild til handa Samkeppniseftirlitinu að ljúka málum með sátt, sbr. 17. gr. a. SKL., en áður hafði slíka heimild verið að finna í 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins.<sup>10</sup> Í því felst að í sátt Samkeppniseftirlitsins og fyrirtækja geti m.a. verið kveðið á um skilyrði fyrir samruna eða aðgerða til breytinga á atferli eða skipulagi. Fari fyrirtæki eða samtök þeirra ekki eftir ákvæðum sáttarinnar leggur Samkeppniseftirlitið á sektir.<sup>11</sup> Heimild þessi nær ekki einungis til þess þegar um er að ræða brot gegn ákvæðum SKL. heldur einnig þegar um er að ræða brot gegn ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Þá er Samkeppniseftirlitinu jafnframt heimilt að ljúka samrunamálum með sátt með samþykki málsaðila, t.d. með því að setja samruna ákveðin skilyrði. Sáttir skv. ákvæðinu eru ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds heldur koma viðkomandi fyrirtæki einnig að þeim. Því er kveðið skýrt á um að sáttirnar séu bindandi fyrir fyrirtækin þegar þær hafa verið samþykktar og staðfestar með undirritun.<sup>12</sup>

Erfitt er að meta áhrif lögfestingar fyrir en reynsla er komin á þessa heimild Samkeppniseftirlitsins. Þó má ætla að lögfesting heimildarinnar stuðli að auknu gagnsæi og styrki heimildir stofnunarinnar sem hún

hafði þó áður. Þá má segja að lögfesting heimildarinnar bendi til þess að það sé von löggjafans að fleiri málum muni ljúka með sátt.

Fyrirkomulag þetta hefur bæði kosti og galla. Kostirnir eru þeir að málsmeðferð er að jafnaði skjótari og ódýrari en þegar málin eru rekin á hefðbundin hátt. Leiða má að því líkur að sektir sem ákvarðaðar eru með sátt verði lægri heldur en sáttir sem úrskurðaðar eru af samkeppnisyfirdöldum eða dæmdar af dómstólum þar sem aðilar eru að reyna í sameiningu að leiða mál til lykta.<sup>13</sup> Í ljósi þess að ekki eru gerðar strangar formkröfur eða efniskröfur til sáttar, skv. 17. gr. a. SKL., má hugsa sér að í sáttum geti falist úrlausn á tilteknu álitafni sem ekki hefði verið hægt að ná fram með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Þá eru sáttir í eðli sínu hagstæðari fyrir fyrirtæki en einhliða stjórnvaldsákvarðanir þar sem þær eðli málsins samkvæmt eru byggðar á samkomulagi aðila um ákveðin málalok. Þannig eru sáttir síður til þess fallnar að skaða ímynd fyrirtækja en ákvarðanir og úrskurðir samkeppnisyfirvalda. Jafnframt er líklegt að sáttir valdi minni röskun í starfsemi fyrirtækja þar sem fyrirtækin með aðkomu sinni að sáttinni geta haft hliðsjón af henni í framtíðaráformum sínum. Því mætti ætla að fyrirtæki væru fúsari til samstarfs við samkeppnisyfirdöld og viljugri til að ná sáttum frekar en að reka mál með öllum tiltækum vörnum á öllum málsmeðferðarstigum. Þá kann að fara svo að ef málum lýkur fremur með sátt en með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins muni málsmeðferðtími allra mála hjá samkeppnisyfirdöldum stytast sem ætti að gera þeim kleift að fást við fleiri mál en ella.

<sup>10</sup> Sbr. reglur um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005.

<sup>11</sup> Sama heimild.

<sup>12</sup> Frumvarp til samkeppnislaga nr. 44/2005. Alþingistiðindi, 131. löggj.þing, 2004-2005, þskj. 883, 590. mál. Athugasemdir við einstakar greinir frumvarpsins. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

<sup>13</sup> Sbr. ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 9/2005 þar sem VÍS og TM gengust við sátt og hlutu lægri stjórnvaldssektir en Sjóvá sem fór með málið bæði fyrir samkeppnisráð og úrskurðarnefnd samkeppnimála og hlaut mun hærra stjórnvaldssekt en hin tvö félögin.

Á hinn bóginn fylgir sá böggull skamrifi að sáttir eru samkomulag á milli tveggja aðila og hafa því ekki neitt fordæmisgildi. Þannig veita sáttir ekki einhliða vísbendingu um það hvernig tekið yrðu á sambærilegum málum sem kynnu að koma upp. Þá kann það og að vera óheppilegt að tiltekin mál hljóti ekki úrlausn hjá samkeppnisfyrvöldum eða dómstólum þar sem mikilvægt kann að vera að fá skorið endanlega úr um tiltekið deilumál. Í sáttum getur því falist vísbending um það hvaða athafnir eða athafnaleysi samkeppnisfyrvöld setta sig við en í ljósi þess að um er að ræða samkomulag á milli aðila um tiltekið álitafni kann að vera óheppilegt að treysta um of á slíkt. Á það hefur verið bent að slíkt fyrirkomulag sé í samræmi við meðferð mála sem lokið er með lögreglustjórásátt, fyrirkomulag sem á sér talsvert langa sögu og hefur reynst vel. Ennfremur er þetta í samræmi við nýlegar heimildir skattrannsóknarstjóra ríkisins til að ljúka málum með sátt, sbr. lög nr. 134/2005, um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og fleiri lögum í stað þess að vísa málum til refsimeðferðar.<sup>14</sup>

Fyrir gildistöku nügildandi laga nýtti Samkeppniseftirlitið sér þá heimild sem er að finna í 22. gr. málsmeðferðarreglnanna. Er ekki annað að sjá en að þessi leið hafi almennt verið farsæl. Því til stuðnings má benda á eftirfarandi dæmi:

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, mál Landsvirkjunar, Fjarska ehf. og Símans hf. vegna viðskipta tengdum Fjarska ehf.<sup>15</sup>, var málinu lokið með sátt. Málsatvik voru í stuttu máli þau að Síminn og Landsvirkjun gerðu með sér samning um samvinnu á sviði fjarskiptaþjónustu með kaupum Símans á eignarhlut í Fjarska ásamt kaupum á sex þorum í ljósleiðarastreng Fjarska á milli Hrauneyjafosstöðvar og Akureyrar. Í kjölfar þessa óskaði Samkeppnisstofnun eftir upplýsingum og gögnum varðandi þennan

samning. Fyrirtækin héldu því fram að með samningnum væri stefnt að auknu öryggi í fjarskiptum og hagkvæmni í rekstri Fjarska og að samningarnir væru ekki samkeppnishamlandi. Í frummati Samkeppniseftirlitsins var hins vegar talið að með kaupum Símans á eignarhlut í Fjarska og á sex ljósleiðarapörum hefðu aðilar haft það að markmiði að takmarka samkeppni milli Landsvirkjunar/Fjarska og Símans og með því brotið gegn 10. gr. SKL. Aðgerðirnar hefðu falið í sér markaðsskiptingu sem væri til þess fallin að raska samkeppni á markaði. Í kjölfarið leituðu Síminn og Landsvirkjun til Samkeppniseftirlitsins með það fyrir augum að setta málið. Landsvirkjun féllst á að greiða 25 milljóna króna sekt og Síminn 50 milljóna króna sekt. Þá féllust aðilar á að grípa til aðgerða til þess að ganga út úr umræddum samningum.

Í þessu máli voru það því fyrirtækin, sem voru til rannsóknar, sem leituðu eftir því að ljúka málinu með sátt. Það sýnir að heimildin er í raun virkt úrræði, þar sem fyrirtæki kunna að sjá sér hag í að ljúka málum á einfaldari hátt en ella sem og að hluta á eigin forsendum. Er líklegt að mál þetta hefði ekki hlotið jafn skjóta úrlausn og raun bar vitni, til hagsbóta fyrir alla aðila, ef ekki hefði verið unnt að ljúka því með sátt. Þá er ekki að sjá að löng málaferli hefðu getað leitt til málefnalegri niðurstöðu né að slíkt hefði verið betra fyrir samkeppni á markaðnum eða viðskiptalífið almennt.

Í ákvörðun samkeppnisráðs um ólögmaett samráð tryggingafélaganna við að taka upp Cabas-tjónamatskerfið við bifreiðaréttingar- og sprautun var sátt gerð við Vátryggingafélag Íslands (VÍS) og Tryggingamiðstöðina (TM) en Sjóvá-Almennar tryggingar (Sjóvá) leitaði ekki eftir því að ganga frá málinu með sátt og var gert að greiða mun hærri stjórnvaldssekt en hin tvö félögin.<sup>16</sup> Málavextir voru þeir að aðili sem starfaði við bifreiðaréttingar- og

<sup>14</sup> Umsögn Boga Nilsonar ríkissaksóknara um breytingar á samkeppnislögum nr. 44/2005, barst Alþingi 19. febrúar 2007.

<sup>15</sup> Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 6/2007.

<sup>16</sup> Ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 9/2005.

sprautun leitudu til Samkeppnisstofnunar þar sem hann taldi svokallað Cabas-tjónamatskerfi, sem tryggingafélögin voru að setja upp, færi gegn ákvæðum SKL. Þegar Samkeppnisstofnun leitaði umsagnar félaganna var því hafnað að þeirra hálfu að við innleiðingu kerfisins hefði verið brotið gegn SKL. Í frumathugun Samkeppnisstofnunar taldi stofnunin gögn málsins sýna að félögin hefðu haft með sér samráð við innleiðingu Cabas-kerfisins. Áður en samkeppnisráð gaf tryggingarfélagunum kost á að tjá sig munnlega leitaði VÍS eftir viðræðum við Samkeppnisstofnun um að ljúka málinu með sátt. Niðurstaða þeirra viðræðna leiddi til þess að félagið gekkst við því að hafa brotið gegn 10. gr. SKL. og féllst á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð krónur 15 milljónir. Sáttin var send TM og Sjóvá til upplýsinga. Í kjölfarið óskaði TM eftir að ljúka málinu með sátt þar sem félagið gekkst við því að hafa brotið gegn 10. gr. SKL. og féllst á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð krónur 18,5 milljónir. Sjóvá mótmælti hins vegar að hafa tekið þátt í ólögumætu samráði með VÍS og TM. Samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála komust að sömu niðurstöðu, þar sem þau töldu sannað samkvæmt gögnum málsins að tryggingarfélagin hefðu haft með sér samráð. Þá kom fram að brot Sjóvá hafi í eðli sínu verið til þess fallið að valda viðskiptavinum félagsins tjóni, sem einkum hafi falist í að samræma verð, m.a. með ákvörðun um verktíma. Brotin voru ekki talin óveruleg og var Sjóvá gert að greiða 27 milljóna króna stjórnvaldssekt.<sup>17</sup>

Ætla má að niðurstaða þessa máls verði fyrirtækjum hvatning til að leita sátta þegar

upp kemst um brot á samkeppnislögum og jafnframt að aðstoða samkeppnisyfirvöld við rannsókn mála þar sem í því kann að felast ávinningur fyrir þau. Á þann hátt kunna sáttaheimildirnar að vera mikilvægt ráð til að upplýsa brot á samkeppnislögum.

Samsvarandi reglum Evrópuréttar hefur verið beitt af hálfu framkvæmdastjórnar bandalagsins með góðum árangri, jafnvel í stórum málum eins og IBM<sup>18</sup>, Microsoft<sup>19</sup>, Digital<sup>20</sup> og Deutsche Telekom Tariffs.<sup>21</sup>

Með hliðsjón af framangreindu er hugsanlegt að með lögfestingu sáttaheimilda Samkeppniseftirlitsins hafi verið stigið skref sem muni hafa veruleg áhrif á meðferð mála hjá samkeppnisyfirvöldum í framtíðinni.

Annað nýmæli er að nú skal Samkeppniseftirlitið sekta fyrirtæki sem tilkynna ekki um samruna, þar sem nokkuð hafði borið á því í framkvæmd að fyrirtæki hafi skirrst við að tilkynna um samruna, þrátt fyrir skýra skyldu þar að lútandi í 17. gr. SKL.<sup>22</sup> Sem dæmi má nefna ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli Merkúr efh. og Steypustöðvarinnar hf. undir merkjunum Mest ehf.<sup>23</sup> Í því máli hafði átt sér stað tilkynningarskyldur samruni, milli fyrrnefndra fyrirtækja, í skilningi 17. gr. SKL. en ekki hafði borist lögboðin tilkynningarskylda til Samkeppniseftirlitsins, þrátt fyrir að eftirlitið hefði ítrekað vakið athygli á skyldu þeirra skv. SKL. Sökum þessa lagði Samkeppniseftirlitið dagsektir á Mest ehf., með heimild í 38. gr. SKL. Var félaginu gert að greiða 250 þúsund krónur á dag þar til fullnægjandi samrunatilkynning bærir Samkeppniseftirlitinu.

Máætla að þessi breyting auki enn líkurnar á því að fyrirtæki láti ekki undir höfuð

17 Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2005, bls. 17-18.

18 3 CMLR 147, 1983.

19 IP/94/653.

20 IP/97/868.

21 27 skýrsla framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um samkeppnisrétt frá árinu 1997, part 77, aðgengilegt á [http://europa.eu.int/comm/competition/annual\\_reports/rap97\\_en.html](http://europa.eu.int/comm/competition/annual_reports/rap97_en.html).

22 Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 44/2005.

Alþingistiðindi, 133. löggj.þing, 2006-2007, þskj. 788, 522. mál.

Um 2. gr. frumvarpsins. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

23 Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 9/2007.



leggjast að sinna tilkynningarskyldu sinni skv. SKL. um samruna þar sem annars geti þau átt yfir höfði sér háar stjórnvaldssektir.

Loks ber að nefna það nýmæli að heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemlauk.<sup>24</sup> Ekki var kveðið á um fyrningu í eldri samkeppnislögum nr. 8/1993 og því ekki skýrt hvaða reglur giltu. Var meðal annars deilt um fyrningarfresti í „Olíusamráðsmálinu“.<sup>25</sup>

Er augljóst að það er til bóta að lagaóvissu að þessu leyti var eytt með ákvæði 37. gr. a. SKL.<sup>26</sup>

### 3.5 Fellur 37. gr. SKL. undir gildissvið 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu?

Mannréttindadómstóll Evrópu (hér eftir skammstafað MDE) hefur talið að álagning ákveðinna stjórnsýsluviðurlaga teljist viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. MSE.<sup>27</sup> Í 1. mgr. 6. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 segir: „Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manna að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstóli.“ Í máli Delcourt gegn Belgíu<sup>28</sup> kvað MDE upp úr um að rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar væri svo mikilsverður í lýðræðisþjóðfélagi, að þröng skýring á 1. mgr. 6. gr. MSE samrýmdist

ekki tilgangi og markmiðum greinarinnar. Er hér því áhugavert að kanna hvort sektir þær sem samkeppnisfyrirvöld leggja á fyrirtæki skv. 37. gr. SKL. falli undir gildissvið 6. gr. MSE.

Við mat á því hvort brot telst refsivert eða ekki, skv. 1. mgr. 6. gr. MSE, styðst MDE einkum við þrjú atriði. Í fyrsta lagi ber að líta til þess hvernig háttsemin er skilgreind samkvæmt lögum viðkomandi lands, í öðru lagi ber að líta til eðlis brotsins og loks hversu ströng hugsanleg viðurlög kunna að vera. Í dómi MDE í Engel-málinu<sup>29</sup> var þessum viðmiðum fyrst beitt en í því máli kom fram að „ef aðildarríki gætu, að eigin vild, skilgreint verknad sem agabrot í stað refsiverðs brots eða ákveðið að maður, sem gerst hefði sekur um þessi tvenns konar brot, yrði saksóttur eins og aðeins væri um að ræða agabrot, en ekki afbrot, yrði beiting meginreglnanna í 6. og 7. gr. sáttmálans háð geðþótta þeirra.“<sup>30</sup> Af þessu leiðir að hugtakið refsiverð háttsemi er sjálfstætt og ekki skiptir sköpum við mat á því hvort 6. gr. MSE eigi við umrætt brot að það hafi verið lýst refsivert að landsrétti.<sup>31</sup> Í þeim tilvikum þar sem tiltekin háttsemi hefur verið lýst refsiverð að landsrétti fellur sú háttsemi undir gildissvið 6. gr. MSE.<sup>32</sup> Ef landsréttur tekur ekki af skarið um þetta, eða í tilvikum þar sem háttsemi eða viðurlögum er gefið annað heiti, ber að horfa fram hjá skilgreiningu löggjafans og meta

**24** Nýju ákvæði var bætt inn í SKL. með breytingarlögum 52/2007, sbr. 37. gr. a. SKL.

**25** Sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 þar sem ekki var tekið undir þau sjónarmið olíufélaganna að um fyrningu brota skyldi fara eftir alm. hgl. meðal annars með þeim rökum að stjórnvaldssektir teljast ekki refsing í skilningi refsiréttar. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004 var hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að beita 80. gr. alm. hgl. með lögjöfnun um fyrningar þar sem um eðlislik tilvik væri að ræða. Skrif héraendra fræðimanna um fyrningu brota gegn samkeppnislögum hafa komist að sömu niðurstöðu og áfrýjunarnefndin þar sem þeir telja að ákvæði alm. hgl. um fyrningu taki til brota gegn samkeppnislögum, sbr. Þórunn Guðmundsdóttir, Fyrning samkeppnislagabrota lögaðila, bls. 89 og Eiríkur Tómasson, Sérstjónarmið hljóta að gilda á sviði samkeppnisréttar eins og á öðrum réttarsviðum, bls. 124-125.

**26** Á annari skoðun er Þórunn Guðmundsdóttir. Í grein hennar, Fyrning samkeppnislagabrota lögaðila, kemst hún að þeirri niðurstöðu að engin ástæða er til að setja sérstakt ákvæði um fyrningu samkeppnislagabrota inn í samkeppnislögin þar sem hún telur ákvæði alm. hgl. skýr um þetta atriði, sbr. bls. 101.

**27** Skýrsla nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum, útgefin af forsætisráðuneytinu, Reykjavík, 2005.

**28** Dómur MDE í máli Delcourt gegn Belgíu frá 17. janúar 1979. Aðgengilegur á [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

**29** Dómur MDE í máli Engel o.fl. gegn Hollandi frá 8. júní 1976. Aðgengilegur á [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

**30** Hér er notuð þýðing Eiríks Tómassonar: Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, bls. 41.

**31** Francis G. Jacobs og Robin C.A. White, The European Convention on Human Rights, bls. 134.

**32** P van Dijk og G J H van Hoof, Theory and Practice of the European Convention on Human Rights, bls. 410.

inntak þeirrar háttsemi eða viðurlaga sem til skoðunar eru hverju sinni, sbr. sjónarmið MDE í Engel-málinu.

Þó svo MDE hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort stjórnvaldssektir samkeppnisyfirvalda vegna brota á samkeppnislögum falli undir gildissvið 6. gr. sáttmálans, má færa fyrir því rök að svo sé. Í því sambandi má í fyrsta lagi nefna niðurstöðu Mannréttindanefndar Evrópu í máli *Société Stenuit* gegn Frakklandi.<sup>33</sup> Forsaga málsins var sú að fyrirtækið *Société Stenuit* hafði verið sakað um það af viðskiptaráðuneytinu í Frakklandi að hafa haft samráð við önnur félög um tilboð í opinberum útboðum. Eftir að álits hafði verið leitað hjá frönskum samkeppnisyfirvöldum var fyrirtækið sektað um 100.000 franka. Í kjölfar þessarar niðurstöðu krafðist fyrirtækið endurskoðunar á ákvörðun samkeppnisyfirvalda þar sem það taldi að það hefði ekki fengið réttláta málsmeðferð. Var þeim kröfum vísað á bug af viðskiptaráðuneytinu með þeim rökum að sú málsmeðferð sem fyrirtækið krafðist ætti eingöngu við um brot sem refsingar lægju við en í þessu tilviki væri einungis um stjórnvaldssektir að ræða.

*Société Stenuit* vísaði þá málinu til Mannréttindanefndar Evrópu sem komst að þeirri niðurstöðu að málsmeðferðin hefði ekki verið í samræmi við 6.gr. MSE. Meta verður það svo að til þess að komast að þessari niðurstöðu hafi nefndin þurft að fella þá hegðun sem fyrirtækið var sakað um undir hugtakið refsiverð háttsemi í skilningi ákvæðisins. Í niðurstöðum nefndarinnar var sérstaklega vísað til þess að samkvæmt frönsku samkeppnislögunum, eins og þau voru á þessum tíma, mátti beita sektum sem næmu allt að 5% af veltu fyrirtækja. Var það sérstaklega talið styrkja þá niðurstöðu að um refsingar væri að ræða. Sættir tókust

siðan milli fyrirtækisins og franska ríkisins sem leiddi til þess að málið var afturkallað áður en það gekk til dóms.

Í öðru lagi nefna mál *Bendenoun* gegn Frakklandi.<sup>34</sup> Þar komst MDE að þeirri niðurstöðu að brot kæranda á ákvæðum skattalaga teldist refsivert brot í skilningi 6. gr. MSE þrátt fyrir að brotið væri ekki skilgreint með þeim hætti í frönskum rétti. Töldu dómendur að með skattsektum þeim sem kæranda var gert að greiða hafi í raun og veru verið beitt refsingum. Í forsendum dómsins var einkum litið til fjögurra atriða sem talin voru ráða úrslitum. Í fyrsta lagi var tiltekið að umrætt skattalagaákvæði tæki til allra skattgreiðenda en ekki tiltekens þröngs hóps og í ákvæðinu væri skilgreint hvaða háttsemi gæti leitt til viðurlaga. Í öðru lagi væri þeim greiðslum sem hægt væri að leggja á skattgreiðendur ekki ætlað að bæta tjón heldur væru þær viðurlög sem ætlað væri að hafa varnaðaráhrif. Í þriðja lagi væru viðurlögin sett á grundvelli almennrar reglu í þeim tilgangi að refsa og hafa varnaðaráhrif. Í fjórða lagi var litið til þess að sektirnar væru umtalsverðar og gætu leitt til fangelsisdóms væru þær ekki greiddar.

Loks má nefna dóm í máli *Özturk* gegn Þýskalandi.<sup>35</sup> Þar komst MDE að þeirri niðurstöðu að ýmis minniháttar brot, sem ekki voru talin til refsiverðrar háttsemi samkvæmt þýskum lögum, féllu engu að síður undir 6. gr. MSE. Í þessu tilviki var um að ræða sektarákvörðun lögreglustjóra sem gripið hafði verið til án þess að gætt væri ákvæða 6. gr. MSE. Meirihluti dómsins lagði áherslu á að almennt séu þau brot refsiverð í skilningi greinarinnar sem frelsissvipting eða sektir eru lagðar við í varnaðarskygni. Það breytir með öðrum orðum engu þótt löggjafinn hafi kosið að kalla umræddar sektir stjórnvaldssektir en ekki fésektir,

33 Álit frá 30. maí 1991 í máli nr. 11598/85, (1992) 14EHRR 509.

34 Dómur MDE í máli *Bendenoun* gegn Frakklandi frá 24. febrúar 1994. Aðgengilegur á [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

35 Dómur MDE í máli *Özturk* gegn Þýskalandi frá 21. febrúar 1984. Aðgengilegur á [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

það sem máli skiptir er eðli og innihald lagaákvæðanna.

Af niðurstöðu þessa dóma má sjá að mörg þau sjónarmið sem þar koma fram má heimfæra á sektarheimildir samkeppnisyfirvalda. Orðalag 37. gr. SKL. ber glögglega með sér að sektarákvörðun er ætlað að vera víti til varnaðar, auk þess sem ákvæðið er mjög almennt í þeim skilningi að þau fyrirtæki sem hægt er að beita sektum eru öll fyrirtæki sem falla undir gildissvið samkeppnislaga skv. 2. gr. laganna.

Með hliðsjón af því mætti draga þá ályktun að nákvæmlega sömu sjónarmið ættu við um ákvæði 37. gr. SKL., þ.e. þegar litið er til ákvæðisins sjálfs, þeirra sekta sem unnt er að leggja á fyrirtæki fyrir brot gegn bannákvæðum laganna og þeirra varnaðaráhrifa sem löggjafinn og samkeppnisyfirvöld hafa lýst yfir að sektarheimildum samkeppnislaga sé ætlað að hafa.<sup>36</sup> Í svonefndu „Oliusamráðsmálinu“<sup>37</sup> var m.a. tekist á um þá túlkun samkeppnisráðs að álagðar sektir á oliufélögin vegna ólögmeats samráðs væru ekki refsing.<sup>38</sup>

#### 4. REFSIÁKVÆÐI SAMKEPPNISLAGA

*4.1 Almennt um refsiaþbyrgð lögaðila*  
Meginreglan um hefðbundna refsiaþbyrgð er sú að sakhæfur einstaklingur ber persónulega ábyrgð á ámælisverðum verkum sínum. Í meginreglunni felast nokkrar mikilvægar reglur um sakhæfi og sagnæmi sem skilyrði refsiaþbyrgðar, um að aðeins einstaklingar beri einungis refsiaþbyrgð á eigin verkum og að þeir geti ekki fært ábyrgðina á annan einstakling eða borið hana með öðrum.<sup>39</sup>

Í lögum er að finna heimild um margs konar frávik frá ofangreindri meginreglu

og er þar reglan um refsiaþbyrgð lögaðila aðalfrávik. Um refsiaþbyrgð lögaðila er fjallað í II. kafla A. alm. hgl. og er hugtakið lögaðili skilgreint í 19. gr. b. laganna. Frávik frá hefðbundinni refsiaþbyrgð verður að koma skýrt fram í lögum.<sup>40</sup>

Hrein hlutlæg refsiaþbyrgð fyrirvarsmanna lögaðila er regla sem leiðir til þess að fyrirvarsmáður getur orðið refsiaþbyrgur vegna refsiverðra verka starfsmanna sinna, í starfsemi lögaðilans. Hlutlæg ábyrgðarregla verður ekki leidd af almennu orðlagi lagaákvæðis, eða af ákvæði um refsiaþbyrgð lögaðila, jafnvel þótt gera megi ráð fyrir því að það hafi verið ætlun löggjafans.<sup>41</sup> Strangar kröfur eru gerðar til skýrleika refsheimilda, lagaheimildir um hlutlæga refsiaþbyrgð þurfa að vera skýrar og afdráttarlaugar í samræmi við grundvallarregluna um lögbundnar refsheimildir.<sup>42</sup> Hefur þessi skilningur hlotið staðfestingu Hæstaréttar í máli nr. 442/1999, frá 27. janúar 2000. Málavextir voru í stuttu máli þeir að skipstjóri var talinn bera hlutlæga refsiaþbyrgð skv. 3. mgr. 123. gr. tollalaga nr. 55/1987 þar sem um ólögmeitan áfengisflutning var að ræða, en eigandi hafði ekki fundist af áfenginu. Taldi dómurinn með vísan til 1. mgr. 69. gr. stjkskr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu að undantekningar frá þeirri meginreglu refsiréttar, að refsiaþbyrgð yrði aðeins byggð á sök brotamannsins, yrðu að vera skýrt orðaðar í lögum. Ekki var talið koma nægilega skýrt fram í lagatextanum, að stjórnandi fars bæri hlutlæga refsiaþbyrgð eða að refsiaþbyrgð gæti yfirleitt byggst á hlutlægum grundvelli. Refsiheimild 3. mgr. 123. gr. tollalaga var ekki talin nægilega skýr, til þess að sakkfella mætti skipstjórann, og var hann því sýknaður.

36 Áfrýjunarnefnd samkeppnismála í Englandi (Competition Appeal Tribunal) komst að þeirri niðurstöðu í svokölluðu Napp máli að ákvæði MSE eigi við um brot sem sektir liggja við samkvæmt ákvæðum ensku samkeppnislaganna. Mál nr. 1001/1/1/01 [2002] CAT 1.

37 Sjá reifun í kafla 5.6.6, bls. 23.

38 Sbr. ákvörðun samkeppnisráð nr. 21/2004 og úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004.

39 Jónatan Þórmundsson, Afbrot og refsiaþbyrgð II, bls. 29.

40 Sama heimild, bls. 30.

41 Sama heimild, bls. 35.

42 Sama heimild, bls. 34.

Telja verður viðtæka lögfestingu á hlutlægrri refsíabyrgð varhugaverða, þó svo að ekki sé girt fyrir slík ákvæði í stjórnarskrá né mannréttindareglum. Má ætla að þetta sé einnig skoðun löggjafans því í athugasemdum með frumvarpi því er varð að tollalögum nr. 88/2005, kom fram að felld yrði niður óskýr ráðagerð löggjafans um hlutræna refsíabyrgð stjórnanda fars þegar smyglvarningur finnst í fari en eigandi varnings finnst ekki.<sup>43</sup>

Fram að breytingu SKL, með lögum nr. 52/2007., var svo kveðið á um í 3. mgr. 42. gr. laganna að sektir samkvæmt ákvæðinu mætti gera lögáðila sem einstaklingi og að lögáðila mætti ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök yrði sönnuð á starfsmann lögáðilans. Ákvæðið hafði að geyma valkvæða ábyrgð. Sekt og svipting starfsréttinda var tengd hagnaðarásætningi eða öflun ávinnings. Lögáðili bar ábyrgð á greiðslu sekta sem starfsmanni var gerð. M.ö.o. 3. mgr. 42. gr. SKL. hafði ekki að geyma eiginlega refsíabyrgð lögáðila heldur einungis greiðsluábyrgð lögáðila á sektum. Hins vegar var kveðið skýrt á um það í 1. mgr. 42. gr. SKL. að brot gegn samkeppnislögum varðaði fésektum eða fangelsi og þegar litið er til hins viðtæka gildissviðs samkeppnislaga sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna er ljóst að lögáðilar fellu þar undir. Óhætt er að segja að ákvæðið var ekki eins skýrt og æskilegt er. Með breytingum á ákvæðinu, sbr. 41. gr. a., var bætt úr þessum óskýrleika ákvæðisins.

Af lestri áðurgildandi 42. gr. samkeppnislaga var ljóst að ekki var um fullmótað refsíákvæði að ræða heldur hafði ákvæðið að geyma almenna refsireglu vegna brota á lögnum. Svo virtist sem við samningu ákvæðisins hafi það verið skilið eftir sem sjálfstætt lögskýringarsjónarmið hvort einstakar háttnerisreglur í lögnum hefðu að geyma verknaðarlýsingu í refsiréttarlegum

skilningi og þá ennfremur að hverjum slík lýsing beindist.

Það fyrirkomulag að refsíabyrgð beindist bæði að fyrirtækjum og einstaklingum var breytt með lögum nr. 52/2007 á þann veg að refsíabyrgð hvílir nú aðeins á einstaklingum.

#### 4.2 Almenn um refsíabyrgð einstaklinga

Eins og getið er í kafla 4.1 þá felst í hefðbundinni refsíabyrgð að sakhæfur einstaklingur ber persónulega ábyrgð á ámælisverðum verkum sínum. Nánar tiltekið getur einstaklingur aðeins bakað sér refsíabyrgð að hann sé sakhæfur og hafi gerst sekur um refsínæma, ölögmæta og saknæma háttsemi, enda komi ekki tilteknar refsíleysisástæður til.

Í refsínæmi felst að háttsemi verður að vera lýst í refsíheimild og við henni verður að liggja refsing, m.ö.o. háttsemin verður að varða við ákveðin refsíákvæði. Með ölögmæti er átt við að verknaður sé andstæður réttarreglu. Hvortveggja eru svonefnd hlutlæg refsiskilyrði.<sup>44</sup>

Saknæmi er huglægt refsiskilyrði og skiptist í saknæmissstig ásetning og gáleysi. Með ásetningi er átt við að einstaklingur fremur afbrot vitandi að háttsemi hans leiðir óhjákvæmilega til afbrots eða að yfirgnæfandi líkur séu á því. Það telst hins vegar gáleysi þegar einstaklingur fremur afbrot vegna þess að hann gætir ekki þeirrar varkárni sem lög leggja honum á herðar. Í alm. hgl. er jafnan gerð krafa um að verk sé unnið af ásetningi til að saknæmisskilyrðinu sé fullnægt en í sérrefsilögum er ásetningur og gáleysi yfirleitt lagt að jöfnu.<sup>45</sup>

Einstaklingur er sakhæfur ef hann getur borið refsíabyrgð að lögum en ósakhæfir geta einstaklingar verið sökum ungs aldurs eða andlegra annmarka. Háttsemi kann að vera refsílaus ef hún er unnin í neyðarvörn eða samkvæmt neyðarrétti.<sup>46</sup>

<sup>43</sup> Frumvarp til tollalaga nr. 88/2005. Alþingistiðindi, 131 löggj.þing, 2004-2005, þskj. 753, 493. mál. Almennar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

<sup>44</sup> Björn P. Guðmundsson, Lögbokin þín, bls. 342.

<sup>45</sup> Jónatan Þórmundsson, Afbrot og refsíabyrgð II., bls. 12

<sup>46</sup> Sama heimild.

Með hliðsjón af framangreindu þykir ljóst að almennt ættu einstaklingar að geta borið refsíabyrgð vegna háttsemi sem andstæð er ákvæðum SKL. Samkvæmt 41. gr. a. SKL. varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum að brjóta gegn tilgreindum ákvæðum SKL. Skilyrðum um refsinaemi er því fullnægt. Þá liggur fyrir að einstaklingar geta framkvæmt, hvatt til eða stuðlað að háttsemi sem er andstæð ákvæðum SKL. og þannig gerst sekir um verknað sem er andstæður réttarreglu, þ.e. uppfyllt skilyrðið um ólögmati.

Með hliðsjón af orðlagi ákvæða 10., 12. og 41. gr. a. SKL. verður ekki annað séð en að ekki sé krafist ásetnings til að einstaklingur beri refsíabyrgð, gáleysi dugi til.<sup>47</sup>

Almennt má ætla að þeir einstaklingar sem brjóti gegn ákvæðum SKL., séu sakhæfir. Helgast það að því að harla ólíklegt er að einstaklingar undir 18 ára aldri séu sökum ungs aldurs, komnir í þá aðstöðu hjá fyrirtæki eða öðrum aðila að þeir geti haft áhrif á þær ákvarðanir eða háttsemi sem leitt geta til brota á SKL. Að sama skapi má ætla að einstaklingar sem haldnir eru svo alvarlegum andlegum annmörkum að þeir teljist ósakhæfir komist í þá aðstöðu geta stuðlað að brotum á SKL. Þó er ekki útilokað að einstaklingar sem háðir eru andlegum annmörkum geti verið blekktir til afbrota eða gínttir til að vera í fyrirsvari fyrir aðila sem brýtur gegn ákvæðum SKL.

Þá er erfitt að ímynda sér þær aðstæður þar sem brot gegn ákvæðum SKL. teljist refsilaust vegna nauðvarnar eða neyðarréttar.

#### 4.3 Breytingar á refsíakvæði samkeppnislaga

**4.3.1 Eldri samkeppnislög nr. 8/1993**  
Refsíakvæði laga nr. 8/1993 var að finna í 57. gr. þeirra. Ekki þótti ástæða, með breytingum á þeim lögum nr. 107/2000, að

breyta refsíakvæði samkeppnislaga. Ákvæðið stóð óbreytt með lögum nr. 44/2005. Það var ekki fyrr en með lögum nr. 52/2007 að ástæða þótti til að afmarka refsíabyrgð skv. ákvæðinu nánar. Óhætt er að segja að þar hafi löggjafinn verið að bregðast við dómi Hæstaréttar Íslands í „Olíusamráðsmálinu“<sup>48</sup> þar sem löggjöfin þótti óskýr og ekki ljóst af ákvæðum laganna hvort heimilt væri að refsa einstaklingum.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir refsíakvæði samkeppnislaga eins og það var fyrir gildistöku laga nr. 52/2007 þar sem segja má að annmarkar þess ákvæðis hafi valdið því að nügildandi ákvæði var lögfest.

**4.3.2 Samkeppnislög nr. 44/2005 fyrir breytingu með lögum nr. 52/2007**  
Áður en ákvæði 42. gr. SKL. var breytt með lögum nr. 52/2007, var mælt fyrir um viðurlög við brotum gegn lögnum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Ákvæðið hljóðaði svo:

„Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum en fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi. Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal seta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga. Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögáðila sem einstaklingi. Lögáðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögáðilans. Hafi starfsmaður lögáðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögáðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögáðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögáðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er

<sup>47</sup> Björn P. Guðmundsson, Lögbokin þín, bls. 342.

<sup>48</sup> H frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007.

dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.<sup>49</sup>

Samkvæmt ákvæðinu varðaði brot gegn lögnum fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum en allt að fjórum árum ef sakir væru miklar. Þar sem brot gegn ákvæðum SKL. eru oft þess eðlis að brotamaður hefur aflað sér fjár með brotinu, var vísað til 49. gr. alm. hgl. þar sem kveðið er á um að í slíkum tilvikum megi, þegar sérstaklega stendur á, dæma fjársekt jafnframt refsivist sem við brotinu kann að liggja. Þá má dæma sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl. Röng skýrslugjöf er refsiverð skv. XV. kafla alm. hgl., sem fjallar um rangan framburð og rangar sakargiftir.<sup>49</sup>

Fyrir breytingu laganna mátti gera jafnt lögaðila sem einstaklingi sektir. Lögaðila mátti ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafði starfsmaður lögaðilans gerst brotlegur mátti einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda væri brotið drýgt til hagsbóta fyrir hann eða hann hefði notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili bar ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans var dæmdur til að greiða vegna brota á lögnum enda væru brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum, sbr. 3. mgr. 42. gr. SKL fyrir breytingu laga nr. 52/2007.

Önnur viðurlög samkvæmt ákvæðinu gátu verið réttindasvipting um tiltekinn tíma eða ævilangt, sbr. 68. gr. alm. hgl. og upptaka eigna samkvæmt 69. gr. alm. hgl.

Í samkeppnislögum fyrir breytingu þeirra, var ekkert fjallað um samspil stjórnsvaldssekta, samkvæmt 37. gr. SKL. og viðurlagaheimilda 42. gr. SKL. sem virtist vera nokkuð

óljóst. Í lögnum var ekkert sem girti fyrir það að sami aðili væri rannsakaður á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Fyrir breytingu gátu því öll brot einstaklinga og fyrirtækja á samkeppnislögum varðað refsingu, skv. 42. gr. SKL. Ekki hefur komið til þess að dæmt hafi verið efnislega á grundvelli refsíakvæðis samkeppnislaga. Í máli því er höfðað var á hendur forstjórum oliufélaganna<sup>50</sup>, var í fyrsta skipti ákært fyrir brot á 1. mgr. 42. gr. SKL. en málið hlaut ekki efnismeðferð í Hæstarétti þar sem málinu var vísað frá dómi. Dómurinn taldi að ákvæði SKL. væri ekki nægilega skýrt um meðferð máls ef grunur vaknaði um að brotið hefði verið gegn lögnum. Þar af leiðandi væru lögín óskýr um hvernig með skyldi fara ef tilefni þætti til opinberrar rannsóknar, jafnhliða meðferð samkeppnisyfirvalda og hvenær beita ætti refsiviðurlögum.<sup>51</sup>

#### 4.3.3 Núgildandi réttur

Með frumvarpi að lögum nr. 52/2007, um breytingar á samkeppnislögum, er lagt til að refsíabyrgð einstaklinga vegna brota gegn SKL. verði afmörkuð nánar. Í frumvarpinu með lögnum lagði nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum til, að gerðar yrðu breytingar á refsíakvæði samkeppnislaga sem miðaði að því að einungis lægju refsingar við þeim brotum á efnisreglum samkeppnislaga sem alvarlegust mætti telja.<sup>52</sup> Taldi nefndin óskynsamlegt að lögfesta fangelsi sem möguleg viðurlög við of mörgum brotum þegar slíkrí refsingu væri sjaldan beitt nema vegna fárra og alvarlegra brota. Lögfesting strangra refsiviðurlaga væri til þess fallin að draga úr almennum varnaðaráhrifum refsinga og ekki væri sjálfgefið að slík viðurlög væru ávalt hófleg og sanngjörn.<sup>53</sup> Lagði nefndin því til að aðeins veigamestu brotin yrðu talin refsiverð. Sú breyting var

<sup>49</sup> Frumvarp til samkeppnislaga nr. 8/1993. Alþingistiðindi, 116 löggj.þing, 1992, þskj. 9, 9. mál. Almennar athugasemdir við frumvarpið. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

<sup>50</sup> H frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007.

<sup>51</sup> Sama heimild, bls. 1.

<sup>52</sup> Skýrsla nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum, bls. 17.

<sup>53</sup> Sama heimild, bls. 26.

Því gerð á refsíakvæði SKL. að einungis liggur refsing við þeim brotum á efnisreglum SKL. sem mestum skaða geta valdið, sem eru nánar tiltekið brot gegn 10. og 12. gr. SKL.

Helstu rökin fyrir því að brot gegn ákvæðum 10. og 12. gr. SKL. eru gerð refsiverð eru þau að ólögmætt samráð keppinauta um verð og önnur viðkvæm viðskiptaleg málefni, eru ótvírætt til þess fallin að hafa í för með sér verulegan efnahagslegan skaða bæði fyrir neytendur og atvinnulífið.<sup>54</sup> Refsíakvæði SKL. tekur einungis til brota fyrirtækja eða samtaka þeirra á sama sölustigi, þ.e. einungis er kveðið á um lárétt samráð í 4l. gr. a. SKL. Þá er það og gert refsivert þegar ólögmætt samráð milli fyrirtækja hefur það að markmiði að fyrirtæki hefji ekki samkeppni í atvinnustarfsemi. Ólögmætt samráð er áfram refsivert gagnvart einstaklingum og jafnframt er refsirammki SKL. hækkaður í 6 ára refsihámark vegna brota gegn ofangreindum ákvæðum.<sup>55</sup>

Brot gegn 1l. gr. SKL., um misnotkun á markaðsráðandi stöðu, er ekki gert refsivert eftir breytingu laganna. Ljóst er að misnotkun á markaðsráðandi stöðu getur haft í för með sér umtalsvert tjón fyrir samfélagið og því standa rök til þess að misnotkun á markaðsráðandi stöðu skuli varða refsingu líkt og ólögmætt samráð. Þar sem framkvæma getur þurft flókna hagfræðilega greiningu til að komast að raun um hvort viðkomandi fyrirtæki sé í markaðsráðandi stöðu eður ei getur það valdið vandkvæðum við beitingu refsíakvæðis. Auk þess kann í undantekningartilvikum að vera vandasamt fyrir fyrirtæki að gera sér grein fyrir því hvort það sé í markaðsráðandi stöðu í skilningi 1l.

gr. SKL. Þá ber að geta þess að í 1l. gr. SKL. er lagt bann við hegðun sem getur verið eðlileg og jafnvel samkeppnishvetjandi ef um er að ræða fyrirtæki sem ekki er í markaðsráðandi stöðu. Að ofangreindu virtu þótti því ekki ástæða til þess að leggja refsingu við misnotkun á markaðsráðandi stöðu heldur brot gegn ákvæðinu einungis látið varða stjórnvaldssektum.<sup>56</sup>

Breyting þessi er í samræmi við breskan og bandaríska samkeppnisrétt.<sup>57</sup> Þá er í norsku samkeppnislögunum<sup>58</sup> ekki mælt fyrir um refsingu við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Hins vegar er breytingin ekki í samræmi við dönsku samkeppnislögin nr. 539/2002, þar sem skv. 23. gr. er unnt að leggja fésektir vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu.<sup>59</sup> Norræn lagasetning er því ekki samræmd að þessu leyti.

Eins og að framan er getið gat refsíabyrgð beinst bæði að fyrirtækjum og einstaklingum fyrir breytingu á SKL. Nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum taldi nauðsynlegt að einstaklingar sættu áfram refsíabyrgð vegna þátttöku í ólögmætu samráði og var slíkt ákvæði, að mati nefndarinnar, talið geta haft í för með sér sterk varnaðaráhrif. Einnig var, að mati nefndarinnar, talið þýðingarmikið að fyrirtæki sætti viðurlögum vegna ólögmæts samráðs.<sup>60</sup> Við samningu frumvarpsins er varð að lögum nr. 52/2007 var mikið lítið til niðurstöðu þessarar nefndar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hugað var að því hvort fella bæri refsíabyrgð lögðila niður.<sup>61</sup> Í greinargerðinni eru talin upp þrjú atriði sem talin eru skipta mestu við mat á því. Í fyrsta lagi var kveðið á um nauðsyn þess

**54** Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögunum, nr. 44/2005. Alþingistiðindi, 133 löggj.þing, 2006-2007, þskj. 788, 522. mál. Almennar athugasemdir við frumvarpið. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

**55** Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögunum, nr. 44/2005. Alþingistiðindi, 133 löggj.þing, 2006-2007, þskj. 788, 522. mál. Almennar athugasemdir við frumvarpið. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

**56** Sama heimild.

**57** Sama heimild.

**58** Sjá hér 30. gr. laga nr. 12/2004, aðgengilegt á <http://lovdata.no/all/nl-20040305-012.html>.

**59** Lögin aðgengileg á [http://www.thomson.dk/pls/pdb/katpage.laesoni2?p\\_produkt\\_id=64&p\\_menu\\_id=47](http://www.thomson.dk/pls/pdb/katpage.laesoni2?p_produkt_id=64&p_menu_id=47).

**60** Skýrsla nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum, bls. 11-12.

**61** Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögunum, nr. 44/2005. Alþingistiðindi, 133 löggj.þing, 2006-2007, þskj. 788, 522. mál. Almennar athugasemdir við frumvarpið. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

að viðurlagakerfi samkeppnislaga tryggji hámarks varnaðaráhrif, í öðru lagi nauðsyn að tryggja eftir föngum að íslenskur samkeppnisréttur sé túlkaður í samræmi við EES/EB-samkeppnisrétt og í þriðja lagi að sérfræðipækkning samkeppnisyfirvalda nýttist sem best. Komist var að þeirri niðurstöðu að heppilegasta aðferðin til að tryggja nauðsynlegt samræmi milli íslensks réttar og EES/EB-samkeppnisréttar væri að brot fyrirtækja og samtaka þeirra á 10. og 12. gr. SKL. mundi einungis varða stjórnvaldssektum. Þá var einnig talið mikilvægt að tryggja samræmi í beitingu SKL. óháð því hvort mál kynnu að vera refsiverð eða ekki, þ.e. viðurlög gagnvart fyrirtækjum væru ákveðin af sömu stofnun í réttarvörslukerfinu óháð því hversu alvarleg þau væru. Því var talið rétt að öll mál sem vörðuðu brot fyrirtækja á SKL. væru ákveðin á grundvelli sjónarmiða stjórnisýsluréttar og fengju prófun sem stjórnisýslumál og að refsíabyrgð fyrirtækja yrði afnumin. Refsíabyrgð vegna ölögmæts samráðs mundi hins vegar aðeins hvíla á einstaklingum sem þátt tækju í samráði fyrirtækja.

Að framgreindu virtu var með lögum nr. 52/2007 nýju ákvæði bætt inn í SKL, ákvæði 41. gr. a., þar sem kveðið er á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi einstaklinga í tengslum við samráð sem brýtur gegn 10. gr. og/eða 12. gr. SKL. Framsetningu ákvæðisins er breytt frá áðurgildandi 42. gr. SKL., þar sem refsíabyrgð einstaklinga er afmörkuð nánar. Jafnframt er kveðið á um sex ára refsihámark, en skv. áðurgildandi lögum var refsihámark 4 ár. Í 1. mgr. 41. gr. a. er kveðið á um að refsíabyrgð er einskorðuð við starfsmenn eða stjórnarmenn fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja sem framkvæma, hvetja til eða láta framkvæma samráð.

Í 2. mgr. 41. gr. a. er nánar tiltekið hvaða

brot gegn lögnum varða refsíabyrgð. Í a-f lið ákvæðisins er upptalning á því hvaða brot fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja á sama sölustigi varða refsingu. Er hér um að ræða nánari tilgreiningu brota en gildi skv. áðurgildandi lögum, þar sem aðeins var kveðið á um að brot gegn lögnum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varðaði fésektum eða fangelsi. Brot gegn reglum og fyrirmælum dettur því út. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að refsíakvæði 1. mgr. taki einnig til ölögmæts samráðs milli fyrirtækja sem hefur það að markmiði að fyrirtæki hefji ekki samkeppni í atvinnustarfsemi. Í 4. mgr. er að finna skilgreiningu á hugtakinu samráð en með því er átt við samninga, samþykktir, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja. Slíka skilgreiningu var ekki að finna í áðurgildandi lögum.

Í 5. mgr. er kveðið á heimild til sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl. og upptöku eigna samkvæmt 69. gr. sömu laga í málum er risa vegna brota á 10. og 12. gr. SKL. Samkvæmt 6. mgr. er ekki girt fyrir að aðrir en starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækja geti orðið refsíabyrgir þar sem aðrir geta orðið ábyrgir vegna brota gegn SKL., á grundvelli III. kafla alm. hgl. um tilraun og hlutdeild. Er hér um breytingu að ræða þar sem ekki var kveðið á um tilraun eða hlutdeild í áðurgildandi refsireglu SKL.

Eins og að framan er getið var ekki fjallað um, í ákvæðum SKL., hvernig skyldi fara með brot gegn SKL. sem bæði gátu valdið stjórnvaldssektum og refsingu. Úr þessu var bætt með lögum nr. 52/2007. Í 42. gr. SKL er nú kveðið á um verklag við rannsókn mála sem beinast bæði gegn einstaklingum og fyrirtækjum og um samskipti milli samkeppnisyfirvalda og lögreglu og ákærvalds.<sup>62</sup> Með þessu er bætt úr þeim galla sem var á áðurgildandi ákvæðum

<sup>62</sup> Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005. Alþingistiðindi, 133 löggj.þing, 2006-2007, þskj. 788, 522. mál. Um 5. gr. frumvarpsins. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).



þannig að nú kemur ekki til þess að mál sama aðila verði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu.

Í 1. mgr. 42. gr. SKL. er kveðið á um að brot gegn SKL. sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kærú Samkeppniseftirlitsins til lögreglu. Í 2. mgr. er kveðið á um það að ef meint brot varðar bæði stjórnvaldssektum og refsingum meti Samkeppniseftirlitið með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusljónarmiða hvort sá hluti málsins sem varðar refsíabyrgð einstaklings skuli kærður til lögreglu eður ei. Eðlilegt þykir að það sé í höndum stjórnvalds að ákvarða hvort ljúka beri máli með stjórnsluviðurlögum eða hvort það skuli sæta opinberri rannsókn hjá lögreglu.

Að ofangreindu virtu er með hinni nýju refsireglu í 41. gr. a. SKL., um grundvallarbreytingu að ræða frá þeirri refsireglu sem var að finna í aðurgildandi ákvæði 42. gr. SKL. Í fyrsta lagi er tekin með skýrum hætti afstaða til þess hvers konar brot það eru sem varðað geta einstaklinga refsíabyrgð, þ.e. brot gegn 10. og 12. gr. SKL. Brot gegn bannákvæði 11. gr. SKL. er undanskilið í hinum nýju lögum. Í öðru lagi er tekið fram með skýrum hætti hvaða einstaklingar það eru sem verknáðarlýsing í 10. og 12. gr. tekur til, þ.e. starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækja og samtaka fyrirtækja. Þá er í þriðja lagi tekin afstaða til þess hvers konar þátttaka í brotinu skuli vera refsiverð, þ.e. það tekur til þeirra sem framkvæma, hvetja til eða láta framkvæma samráð sem brýtur í bága við 10. eða 12. gr. SKL. og tilraun og hlutdeild í slíkum brotum er lýst refsiverð skv. alm. hgl.

Af þessum breytingarlögum má draga þá ályktun að framkvæmdavaldið hafi metið það sem svo að slíkra breytinga hafi verið þörf til að einstaklingum yrði gerð refsing vegna

þátttöku í samráði. Vart hefði þurft að grípa til breytinga á SKL. ef aðurgildandi ákvæði, sem staðið hafði óbreytt frá árinu 1993, teldist innihalda fullnægjandi refsheimildir.

Þá er áhugavert að líta til þess hvernig þessum málum er háttað í nágrannalöndum okkar, Danmörku og Noregi. Í 6. gr. dönsku samkeppnislaganna nr. 539/2002<sup>63</sup> er kveðið á um bann við samráði. Í 23. gr. þeirra laga er tekið fram að það varði hvern þann sektum sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn nánar tilteknum ákvæðum laganna. Samráðsákvæði 6. gr. er þar sérstaklega tilgreint.

Í 10. gr. norsku samkeppnislaganna nr. 12/2004<sup>64</sup> er kveðið á um bann við samráði. Refsiákvæði laganna er að finna í 30. gr. þar sem tekið er fram að 3 ára fangelsi liggja við broti gegn nánar tilteknum ákvæðum laganna og er þar sérstaklega vísað til 10. gr. laganna. Í 2. mgr. er kveðið á um að ef sakir eru miklar geta brot gegn 10. gr. varðað allt að 6 ára fangelsi. Orðalag ákvæðisins er það sama og í dönsku lögnum, þ.e. sá sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn nánar tilteknum ákvæðum laganna. Í lokamálslið 30. gr. laganna er ennfremur tiltekið að hlutdeild í broti gegn 10. gr. laganna sé refsiverð.

Þegar íslenska refsíákvæðið er borið saman við ákvæði norsku og dönsku laganna er ljóst að framsetning þeirra er ólík. Bæði í norsku og dönsku lögnum er sérstaklega tiltekið að það varði hvern þann sektum sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn nánar tilteknum ákvæðum laganna.<sup>65</sup> Í íslenska ákvæðinu er hins vegar ekki kveðið á um saknæmisskilyrði. Í ljósi þess getur það leitt til þess að dómstólar sem líta til meginreglunnar um að allan vafa skuli skýra sakborningi í hag, muni túlka textann þannig að hann vísi til ásetnings.<sup>66</sup>

<sup>63</sup> Lógin aðgengileg á [http://www.thomson.dk/pls/pdb/katpage.laesonl2?p\\_produkt\\_id=64&p\\_menu\\_id=47](http://www.thomson.dk/pls/pdb/katpage.laesonl2?p_produkt_id=64&p_menu_id=47).

<sup>64</sup> Lógin aðgengileg á <http://lovdata.no/all/nl-20040305-012.html>.

<sup>65</sup> Sbr. 30. gr. norsku samkeppnislaganna nr. 12/2004 og 23. gr. dönsku samkeppnislaganna nr. 539/2002.

<sup>66</sup> Sbr. minnisblað sem barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 7. mars 2007 frá Helga Magnússyni, saksóknara efnahagsbrota. Hann benti á að með því að kveða á um saknæmisskilyrði í lagatextanum yrði tekinn af allur vafi um hvernig skýra bæri ákvæðið.

Eins og ákvæðið er úr garði gert byggir mat um það hvaða saknæmiskröfur eru gerðar á lögskýringarreglu sem gengur út á það að þegar ekkert er tekið fram um það í sérrefsilögum hver saknæmisskilyrði eru, nægi gáleysi.<sup>67</sup>

#### 4.4 Ákvæði 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005

##### 4.4.1 Almenn

Með lögum nr. 52/2007 var, eins og að framan er getið, refsíabyrgð einskorðuð við starfsmenn eða stjórnarmenn fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja sem hvetja til eða láta framkvæma samráð. Núgildandi refsíákvæði SKL. tekur því af öll tvímæli um það að einstaklingar geti borið refsíabyrgð vegna brota á SKL.

Ákvæði 10. og 12. gr. SKL., um ólögmaett samráð má telja til alvarlegustu samkeppnishamlana. Í því opinbera máli sem höfðað var gegn forstjórnum oliufélaganna<sup>68</sup> reyndi í fyrsta skipti hvort unnt væri að fella refsíabyrgð á einstaklinga skv. þágildandi ákvæði 42. gr. SKL. m.o.ö. var deilt um hvort starfsmenn fyrirtækja gætu sjálfstætt og persónulega sætt refsíabyrgð vegna athafna sinna sem taldar voru liður í brotum fyrirtækis á 10. gr. SKL. Til að varpa nánari ljósi á núgildandi refsíákvæði SKL. er rétt að gera nokkra grein fyrir áðurgildandi rétti.

##### 4.4.2 Hugtakið fyrirtæki

Verknaðarlýsing 10. gr. SKL. er svohljóðandi: „Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar“. Ákvæði 10 gr. SKL. nr. 44/2005 er efnislega samhljóða áðurgildandi 10. gr. SKL. nr. 8/1993, þótt

nokkrar orðalagsbreytingar hafi verið gerðar á ákvæðinu, sbr. lög nr. 107/2000 þar sem orðalag var fært til samræmis við ákvæði EES samningsins og Rómarsamningsins um þetta efni. Hins vegar var engin breyting gerð á lýsingu í ákvæðinu á því að hverjum verknaðarlýsingin beinist.

Hugtakið fyrirtæki er skilgreint í 4. gr. SKL. en þar segir: „Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur“. Hugtakið atvinnurekstur er einnig skilgreint í 4. gr. en það er „hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi“. Þessar skilgreiningar í 4. gr. SKL. eru í samræmi við 2. gr. laganna þar sem gildissvið laganna er skilgreint með þeim hætti að þau taki til „...hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum“. Ákvæði 10. gr. SKL. getur því samkvæmt skýru orðalagi einungis tekið til einstaklinga í tilvikum þar sem þeir stunda sjálfir atvinnurekstur á eigin kennitölu þannig að þeir geti talist til fyrirtækja í skilningi 4. gr. laganna.

Með lögum nr. 52/2007 var refsíákvæði SKL. breytt og loks tekin skýr afstaða til þess hvers konar brot það eru sem varða einstaklinga refsíabyrgð, þ.e. brot gegn 10. og 12. gr. SKL.

##### 4.4.3 Athafnir eða athafnaleysi

Fyrir breytingu á refsíákvæði SKL. var mjög óljóst hvort ákvæðið tæki í raun til einstaklinga.<sup>69</sup> Því er vert að skoða bann-ákvæðin sérstaklega til þess að finna merki þess hvort verknaðarlýsing eigi við athafnir eða athafnaleysi einstaklinga og hvort það geti orðið grundvöllur refsíabyrgðar.

Í 10. gr. SKL. er ekki vikið einu orði að

<sup>67</sup> Sama heimild, bls. 3.

<sup>68</sup> Sbr. H frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007.

<sup>69</sup> Sbr. H frá 16. mars 2007 þar sem fyrirkomulag samkeppnislaga var ekki talið nægilega skýrt um hvernær beita ætti refsivíðurlögum.

athöfnum eða athafnaleysi einstaklinga, engar tilvisanir til fyrirvarsmanna eða starfsmanna fyrirtækja eða greinarmunur gerður á mismunandi aðkomu einstakra starfsmanna að því háttarni sem lýst er í ákvæðinu. Ekki er tekið fram í 10. gr. SKL. né heldur var kveðið á um í refsireglu SKL., fyrir breytingu hennar, hvaða saknæmiskröfur væru gerðar, né heldur var kveðið á um tilraun eða hlutdeild í áðurgildandi refsíákvæði. Með hliðsjón af því er skiljanlegt að vafi hafi verið um refsíabyrgð einstaklinga. Með breytingarlögum nr. 52/2007 er ljóst að refsíabyrgð getur fallið á einstaklinga hvort sem er vegna athafna þeirra eða athafnaleysis enda tekið fram í 41. a. gr. SKL. að starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð skal sæta sektum eða fanglesi allt að sex árum.

**4.4.4 Tilgangur og uppruni ákvæðisins**  
Markmiðið með setningu 10. gr. og annarra ákvæða SKL. var að lögleiða hér á landi samkeppnisreglur EES samningsins og Rómarsamningsins og koma á virku eftirlits- og viðurlagakerfi á stjórnsýslustigi vegna starfsemi fyrirtækja.<sup>70</sup>

Bein textaskýring á ákvæði 10. gr. SKL. leiðir til þeirrar niðurstöðu að ákvæðið taki einungis til fyrirtækja en ekki til athafna einstaklinga. Jafnvel þótt einhverjar vísbendingar mætti finna annars staðar frá, svo sem í lögskýringargögnum, um að ætlun löggjafans hafi verið sú að beina verknaðarlýsingu 10. gr. SKL. til starfsmanna fyrirtækja þá má ljóst vera að sú grundvallarregla sem lögfest er í 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um lögbundnar refsíheimildir og skýrleika refsíheimilda stendur því í vegi að refsingum

verði beitt á grundvelli slíkra lögskýringa.<sup>71</sup> Með hliðsjón af hefðbundnum sjónarmiðum við lögskýringar og lögskýringargögn virðist þessi niðurstaða rökrétt.

Í fyrsta lagi er áberandi við skoðun lögskýringargagna með lögum nr. 8/1993, 107/2000 og 44/2005 að þar er hvergi að finna stafkrök um það að einstaklingum hafi verið ætlað að bera refsíabyrgð vegna háttsemi af því tagi sem lýst er í 10. gr. SKL. Með lögskýringargögnum með lögum nr. 52/2007 er hins vegar allur vafi tekinn af um að einstaklingar skuli bera refsíabyrgð.<sup>72</sup> Það er athyglisvert að löggjafinn hefur séð sérstaka ástæðu til þess að tiltaka sérstaklega í 2. mgr. 12. gr. SKL. að bann 1. mgr. þess ákvæðis, sem tekur til samkeppnishindrana á vegum samtaka fyrirtækja, taki einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtaka.

Í athugasemdum við 12. gr. SKL. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 8/1993, en ákvæðið hefur ekki tekið breytingum frá gildistöku þeirra laga, sagði: „Til þess að koma í veg fyrir allan vafa um túlkun er tekið fram í 2. mgr. að bannið taki einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna samtaka og manna sem gegna trúnaðarstörfum hjá eða á vegum samtaka fyrirtækja.“

Með ákvæði 12. gr. SKL. tekur löggjafinn af allan vafa um túlkun með því að tiltaka sérstaklega í ákvæðinu sjálfu að það taki einnig til nánar tiltekinna einstaklinga. Samsvarandi skírskotun til einstaklinga er ekki að finna í 10. gr. SKL. og verður, í samræmi við viðurkenndar lögskýringaradferðir í refsirétti, að telja orðalag 2. mgr. 12. gr. SKL. styrkja enn þá niðurstöðu að 10. gr. laganna

**70** Frumvarp til samkeppnislaga nr. 44/2005. Alþingistiðindi, 131. löggj.þing, 2004-2005, þskj. 830, 590. mál. Almennar athugasemdir við frumvarpið. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

**71** Í sérattkvæði Ólafar Barkar Þorvaldssonar í H frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007 er þó komist að annarri niðurstöðu, en þar segir: „...Bannið beinist því ótvírætt að starfsmönnum

fyrirtækja og skiptir ekki máli þótt þeir séu ekki nefndir sérstaklega í tittnefndri 10. gr...”

**72** Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005. Alþingistiðindi, 133 löggj.þing, 2006-2007, þskj. 788, 522. mál. Um 4. gr. frumvarpsins. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

taki ekki til starfsmanna fyrirtækja.<sup>73</sup>

Í öðru lagi er áhugavert að líta til uppruna 10. gr. SKL. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins sem aftur er samhljóða 81. gr. Rómarsamningsins og er framkvæmd Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, auk dómstóla EB og framkvæmdastjórnar ESB, leiðbeinandi við túlkun ákvæðisins eftir því sem við á um markaðsaðstæður hér á landi.<sup>74</sup>

Með samkeppnisreglum Rómarsamningsins var hugsunin sú að koma á fót öflugum eftirlitskerfi á stjórnsýslustigi þar sem stofnanir ESB hefðu víðtækar heimildir til íhlutunar í starfsemi fyrirtækja og til að ákvarða viðurlög í formi stjórnvaldssekta. Það er síðan ákvörðunaratriði í hverju aðildarríki fyrir sig hvort brot gegn samkeppnislögum verði lýst refsiverð að landslögum.<sup>75</sup> Í 23. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 er tekið skýrt fram að sektarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar vegna brota gegn 81. og 82. gr. Rómarsamningsins falli ekki innan efnisreglna refsiréttar.

Deilt hefur verið um það í málum er risið hafa vegna meintra brota gegn 81. gr. Rómarsamningsins hvort ákvæðið taki til starfsmanna fyrirtækja. Má í þessu sambandi nefna dóm dómstóls EB í máli Jean Claude Beu<sup>76</sup> þar sem til skoðunar var ráðningar-samband milli hafnarverkamanna og þeirra fyrirtækja sem þeir unnu hjá. Komist var að þeirri niðurstöðu að hafnarverkamennirnir teldust tilheyra þeim fyrirtækjum sem þeir störfuðu hjá og gætu því ekki talist til fyrirtækja sjálfir í skilningi 81. gr. Rómarsamningsins. Þá má nefna álit aðallögsögumannsins í máli Albany International<sup>77</sup> þar sem er að finna ítarlegan rökstuðning fyrir

því að starfsmenn geti ekki talist til fyrirtækja í skilningi 81. gr. Rómarsamningsins. Í álitinu vísað að allögsögumaðurinn m.a. til skýrs orðalags ákvæðisins um að það taki til fyrirtækja, staða starfsmanna annars vegar og fyrirtækja hins vegar sé ólík í grundvallaratriðum og að samkeppnisreglur Rómarsamningsins séu sniðnar að starfsemi fyrirtækja en ekki starfsmönnum.<sup>78</sup>

Að ofangreindu virtu er ljóst að samkeppnisreglur Rómarsamningsins falla ekki undir efnisreglur refsiréttar og tekin hafa verið af öll tvímæli um það hvort verknáðarlýsing 81. gr. samningsins geti tekið til starfsmanna fyrirtækja. Það er því ekki einungis svo að þess sjáist engin merki í texta 10. gr. SKL. eða lögskýringargögnum að ákvæðinu hafi verið ætlað að taka til starfsmanna fyrirtækja heldur má glögglega sjá þegar uppruni ákvæðisins er skoðaður að því er einmitt ekki ætlað að taka til starfsmanna og ekki ætlað að fela í sér efnisreglur refsiréttar. Ákvæði 10. gr. samkeppnisreglna var tekið beint upp eftir 81. gr. Rómarsamningsins án nokkurs fyrirvara eða ummæla sem bentu til þess að ákvæðinu væri ætlað allt annað inntak en ákvæði 81. gr. samningsins.

Þótt leitast sé við að tryggja eftir föngum að íslenskur samkeppnisréttur sé túlkaður í samræmi við EES/EB rétt er vert að hafa nokkur atriði í huga. Í fyrsta lagi er varhugavert að beita ákvörðunum framkvæmdastjórnar eða dómstóls EB gagnrýnilaust í málum sem fallið hafa fyrir 6. desember 2000 þar sem ákvæði 10. gr. SKL. var breytt með lögum nr. 107/2000. Með þeim var, eins og að framan er getið, stefnt að því að færa lögin nær ákvæðum EES samningsins um sama efni. Fordæmin úr EES réttinum,

**73** Í sérákvæði Ólafar Barkar Þorvaldssonar í H frá 16. mars 2007 er komist að annarri niðurstöðu. Þar er vísað í greinargerðina með lögum nr. 8/1993 um ákvæði 12. gr. þar sem tekið er fram að til þess að koma í veg fyrir vafa um túlkun séu stjórnarmenn tilgreindir sérstaklega. Að mati Ólafs bendir þetta til þess að löggjafinn hafi ekki talið slíkan vafa hafa verið uppi um að bann skv. 10. gr. SKL. tæki til starfsmanna fyrirtækja.

**74** Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 8/1993. Alþingistiðindi, 125. löggj.þing. 1999-2000, þskj. 770, 488. mál. Um 3. gr. frumvarpsins. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

**75** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003, frá 16. desember 2002.

**76** C-22/98. ECR 1999, p. I-05665.

**77** C-67/96. ECR 1999, p. I-05751.

**78** Sjá nánar 213-217. málsgrein álitins.

fyrir 6. desember 2000, lúta þannig ákvæðum sem gengu talsvert lengra en ákvæði íslenskra samkeppnislaga fyrir breytingu þeirra.

Annað sem hafa ber í huga við mat á fordæmisgildi úrlausna framkvæmdastjórnarinnar og dómstóls EB eru þau sérstöku sjónarmið sem gilda um túlkun ákvæða EES samningsins og Rómarsamningsins sem ekki verða yfirfærð á íslenskan rétt. Er hér fyrst og fremst vísað til þeirrar áherslu sem lögð er á það við skýringu bæði frumréttar og afleidds EB réttar að þau markmið náist sem að er stefnt með samstarfi þjóða innan ESB. Þessum sérstöku sjónarmiðum verður ekki beitt við skýringu íslenskra samkeppnislaga.

Með lögfestingu 41. gr. a. SKL., þar sem skýrt er tekið fram að refsíákvæðið taki til einstaklinga, er eytt allri réttaróvissu sem kann að hafa verið uppi fyrir breytingu laganna.

## 5. LOKAORÐ

Í þessari grein hefur sjónum verið beint að stjórnvaldssektum og refsingum vegna brota á samkeppnislögum nr. 44/2005. Ákvæði laganna hafa tekið nokkrum breytingum frá setningu fyrstu samkeppnislaga nr. 8/1993. Með síðustu breytingum á samkeppnislögum var meðal annars sektarákvæði laganna gert skýrara og ítarlegra. Lögfest var ákvæði um sáttarheimild samkeppnisyfirvalda en sú heimild hafði áður einungis verið að finna í málsmeðferðarreglum samkeppnisyfirvalda. Jafnframt var Samkeppniseftirlitinu veitt heimild að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem ekki tilkynna tilkynningarskyldan samruna í stað dagsektarheimildar áður. Þá var kveðið á um fyrningu samkeppnislaga brota í samkeppnislögum. Loks má geta þess að refsíákvæði samkeppnislaganna er afmarkað nánar auk þess sem leyst er úr mörgum

álítaefnum varðandi verkaskiptingu lögreglu og Samkeppniseftirlits við rannsóknir mála vegna brota á samkeppnislögum.

Þessar veigamiklu breytingar sýnast heilt á litið vera til mikilla bóta. Má þar fyrst nefna að ítarlegra og skýrara ákvæði um stjórnvaldssektir sé til hagsbóta, bæði í framkvæmd Samkeppniseftirlitsins á lögum og fyrir þá sem fylgja þurfa lögum í starfsemi sinni. Í öðru lagi má nefna að með lögfestingu sáttarheimildar Samkeppniseftirlitsins er væntanlegt að eftirlitið geti annað fleiri málum og sói síður dýrmætum tíma í mál sem teljast ekki flókin og þar sem niðurstaða er fyrirsjáanleg. Með öðrum orðum getur Samkeppniseftirlitið nú lokið einfaldari málum án óþarfa málsmeðferðar. Þá er í þriðja lagi nú að finna fyrningarákvæði í 2. mgr. 37. gr. SKL., þar sem heimild Samkeppniseftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að brotastarfsemi lauk. Á það hefur verið bent að engin haldbær rök eru fyrir því að hafa lengri fyrningarfrest í samkeppnismálum en samkvæmt alm. hgl. sem er 5 ár. Þá væri 5 ára fyrningarfrestur í samræmi við dönsk og sænsk samkeppnislög sem og 25. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003.<sup>79</sup> Þessi niðurstaða er þó eðlileg í ljósi þess hve alvarleg brot gegn samkeppnislögum geta verið en á hinn bóginn má velta fyrir sér hvort ekki hefði verið eðlilegra að miða við 6 ára fyrningarfrest líkt og gert er í 110. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt þannig að efnahagsbrot hefðu almennt sama fyrningarfrest.

Með hinum nýju lögum var refsíabyrgð einstaklinga afmörkuð nánar. Fyrir breytingar laganna var gert ráð fyrir að einstaklingar gætu sætt refsingu vegna hvers konar brota á samkeppnislögum en samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007 var sú refsíheimild ekki nægilega

<sup>79</sup> Sbr. umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna, sem barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 20. mars 2007, bls. 2.

skýr og því vafi hvort einstaklingar yfir höfuð hafi getað borið refsíabyrgð skv. lögnum. Samkvæmt breytingunum geta einstaklingar nú sætt rannsókn og refsingu í opinberu refsímáli, einungis vegna alvarlegra samráðsbrota og vegna háttsemi sem miðar að því að spilla sönnunargögnum og torvelða rannsókn á samkeppnisbrotum. Má telja þessa takmörkun á refsíheimildum eðlilega í ljósi þess að þörfin á því að einstaklingar sæti refsingum vegna samkeppnislagabrotanna sýnist fyrst og fremst vera til staðar í tilfelli alvarlegra samráðsbrotanna auk þess sem takmörkunin eykur skýrleika við framkvæmd laganna og fyrir þá sem starfa samkvæmt þeim. Refsing einstaklinga vegna þátttöku í ólögmatu samráði fyrirtækja var þyngd frá því sem áður gildi eða úr fjögurra ára refsihámarki í sex ár. Við lögfestingu ákvæðisins var sérstaklega höfð hliðsjón af norskum samkeppnislögum. Var sex ára refsihámarkið sérstaklega gagnrýnt af hálfu Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands þar sem þau vildu halda óbreyttum refsiramma.<sup>80</sup> Bent var á að í ljósi þess hve íþyngjandi fangelsisrefsingar eru, verði að gera þá kröfu að harðari refsingar séu ekki lagðar á með lögum nema að vel yfirlögðu ráði og að þörf sé sannanlega á því. Var talið að svo hafi ekki verið gert í frumvarpinu þar sem ekki var útskýrt í frumvarpinu hvers vegna Noregur þætti sérstaklega til fyrirmyndar hvað varðar samkeppnisreglur. Þá hafi ekki verið útskýrt af hverju brot þau er löggin varða teldust alvarlegri nú en fyrir tæpum tveimur árum auk þess sem ekki var bent á dóma þar sem refsiramminn hefði verið nýttur til fulls.<sup>81</sup> Í ljósi þess að aldrei hefur reynt á refsíákvæði samkeppnislaganna er vandséð að sérstök ástæða hafi verið fyrir því að hækka refsirammen nema þá aðeins til að auka varnaðaráhrif refsíákvæðanna. Að auki virðist löggjafinn vera að fylgja stefnu sem átt hefur sér stað á vettvangi OECD.

Fyrirtæki sæta ekki rannsókn og refsingu í opinberu refsímáli, heldur sæta einungis stjórnsýsluviðurlögum. Er þetta breyting frá áðurgildandi ákvæði þar sem skv. þeim gátu fyrirtæki bæði sætt stjórnsýsluviðurlögum og refsingu í opinberu máli.

Í kjölfar breytinganna er verkaskipting milli lögreglu og samkeppnisyfirvalda skýr. Með þeim er komið í veg fyrir að sama málið sé til rannsóknar hjá sitthvorum aðilanum, þ.e. annars vegar hjá samkeppnisyfirvöldum og hins vegar hjá lögreglu. Augljóst er hversu óheppilegt er að meint brot á samkeppnislögum sé til rannsóknar hjá tveimur mismunandi aðilum, sérstaklega í ljósi þess að annars vegar er um að ræða rannsókn er litur reglum stjórnsýslulaga og hins vegar rannsókn sem litur lögum um meðferð opinberra mála. Með þessu ætti að vera tryggt að rannsókn sé línuleg, þ.e. að mál sem koma fyrst til skoðunar samkeppnisyfirvalda. Ef það er mat þeirra að mál þurfi opinbera rannsókn lögregluyfirvalda geti þeir vísað því til lögreglu. Sambærilegt fyrirkomulag hefur tíðkast með rannsókn skattalagabrotanna og reynst vel. Með hliðsjón af eðli efnahagsbrota er eðlilegt að sambærilegar reglur gilda um meðferð þeirra hjá stjórnvöldum og hvenær mál hljóti opinbera rannsókn.

Samkeppniréttur er ung fræðigrein á Íslandi og framþróun á sviði samkeppnisréttar hefur verið mjög ör. Sama má segja um íslenskt viðskiptalíf þar sem á ótrúlega skömmum tíma hafa verið miklar sviptingar og myndast hafa mjög öflugar viðskiptablokkir. Íslendingar hafa notið þess að löggjöf á sviði samkeppnisréttar í erlendum rétti byggir á eldri grunni. Það leiðir til þess að núgildandi löggjöf með síðustu breytingum með lögum nr. 52/2007 ætti að geta stuðlað að eðlilegum viðskiptaháttum og heilbrigðri samkeppni í íslensku viðskiptalífi sem er einmitt markmið laganna.

<sup>80</sup> Sbr. umsögn Viðskiptaráðs Íslands, sem barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 16. febrúar 2007.

<sup>81</sup> Sbr. umsögn Viðskiptaráðs Íslands, sem barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 16. febrúar 2007.

## HEIMILDASKRÁ

- Björn Þ. Guðmundsson, Lögbokin þín, Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., 1989.
- Eiríkur Tómasson, Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, Bókaútgáfa Orators, Reykjavík, 1999.
- Eiríkur Tómasson, Sérstjórnarmíð hljóta að gilda á sviði samkeppnisréttar eins og á öðrum réttarsviðum, Úlfjótur, 1. tbl., 57. árg., 2004, bls. 117-125.
- Francis G. Jacobs og Robin C.A. White, The European Convention on Human Rights, Oxford, 1996.
- Jónatan Þórmundsson, Afbrot og refsíabyrgð II, Háskólaútgáfan, 2002.
- Minnisblað sem barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 7. mars 2007 frá Helga Magnússyni, saksóknara efnahagsbrota.
- Ólafur Jóhannas Einarsson, Þagnarréttur og meðferð samkeppnismála, Tímarit lögfræðinga, 1. h., 56. árg., 2006.
- Páll Hreinsson, Stjórnsýsluviðurlög, Rannsóknir í félagsvísindum VI, (Róbert Spanó ritstj.), Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2005.
- P van Dijk og G J H van Hoof, Theory and Practice of the European Convention on Human Rights, Kluwer Law International, 3. útg., Haag 1998.
- Skýrsla nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum, Reykjavík, 12. október 2006.
- Umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna, sem barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 20. mars 2007.
- Umsögn Boga Nilsonar, ríkissaksóknara, um breytingar á samkeppnislögum nr. 44/2005, barst Alþingi 19. febrúar 2007.
- Umsögn Viðskiptaráðs Íslands, sem barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 16. febrúar 2007.
- Þórunn Guðmundsdóttir, Fyrning samkeppnislaga brota lögaðila, Úlfjótur, 1. tbl., 57. árg., 2004, bls. 87-102.
27. skýrsla framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um samkeppnisrétt frá árinu 1997, part 77, aðgengilegt á [http://europa.eu.int./comm/competition/annual\\_reports/rap97\\_en.html](http://europa.eu.int./comm/competition/annual_reports/rap97_en.html).

### *Alþingistiðindi*

- Frumvarp til samkeppnislaga nr. 8/1993. Alþingistiðindi, 116. löggj.þing, 1992, þskj. 9, 9. mál. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).
- Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 8/1993. Alþingistiðindi, 125. löggj.þing, 1999-2000, þskj. 770, 488. mál. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).
- Frumvarp til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Alþingistiðindi, 116. löggj.þing, 1992, þskj. 505, 313 mál. Almennar athugasemdir við frumvarpið. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).
- Frumvarp til tollalaga nr. 88/2005. Alþingistiðindi, 131. löggj.þing, 2004-2005, þskj. 753, 493. mál. Almennar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).
- Frumvarp til samkeppnislaga nr. 44/2005. Alþingistiðindi, 131. löggj.þing, 2004-2005, þskj. 830, 590. mál. Aðgengilegt á [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

## DÓMAR, ÁLIT, ÁKVARÐANIR OG ÚRSKURÐIR

### *Dómar Hæstaréttar Íslands*

H frá 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007.

### *Dómar dómstóla EB*

Dómar Evrópudómstólsins (European Court of Justice)

C-22/98. ECR 1999, p. I-05665.

### *Álit aðallögsögumanna dómstóla EB*

C-67/96. ECR 1999, p. I-05751.

### *Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu*

Dómur MDE í máli Delcourt gegn Belgíu frá 17. janúar 1970.

Aðgengilegur á [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

Dómur MDE í máli Engel o.fl. gegn Hollandi frá 8. júní 1976.

Aðgengilegur á [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

Dómur MDE í máli Özturk gegn Þýskalandi frá 21. febrúar 1984.

Aðgengilegur á [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

Dómur MDE í máli Bendenoun gegn Frakklandi frá 24. febrúar 1994.

Aðgengilegur á [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).

### *Mannréttindanefnd Evrópu*

Álit Mannréttindanefndar Evrópu, frá 30. maí 1991. Series A. 232.

### *Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins*

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2007.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2007.

Ákvarðanir samkeppnisráðs

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 9/2005.

### *Úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála*

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004.

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 8/2005.

### *Úrskurðir áfrýjunarnefndar samkeppnismála í Englandi (Competition Appeal Tribunal)*

Mál nr. 1001/1/1/01 [2002] CAT 1.





# ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM VEITTAN STUÐNING

ATVINNUHÚS EHF.  
Skúlagötu 30, Reykjavík

AXEL KRISTINSSON HRL.  
Skeggjagötu 4

ÁS FASTEIGNASALA EHF.  
Fjarðargötu 17, 220 Hafnarfjörður

EFLING STÉTTARFÉLAG  
Sætúni 1, Reykjavík

EIGNAMIÐLUN  
Siðumúla 27, 108 Reykjavík

FASTEIGNASALA MOSFELLSBÆJAR  
Þverholti 2, Mosfellsbæ

FOSS, FASTEIGNA- OG SKIPSALA EHF.  
Hátúni 6a, Reykjavík

GÍSLI BALDUR GARÐARSSON HRL.  
Pósthússtræti 13, Reykjavík

HÉRAÐSDÓMUR AUSTURLANDS  
Lyngási 12, Egilsstaðir

HÉRAÐSDÓMUR N-VESTRA  
Ráðhúsinu, 550 Sauðárkrúkur

HÉRAÐSDÓMUR VESTFJARÐA  
Hafnarstræti 9, Ísafjörður

HÉRAÐSDÓMUR VESTURLANDS  
Bjarnarbraut 8, 310 Akranesi

HÚSFRÍÐUNARNEFND RÍKISINS  
Lyngási 7, Reykjavík

HÖFÐI FASTEIGNASALA EHF.  
Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík

IÐNAÐAR OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ  
Arnarhvoli, 101 Reykjavík

J.P.LÖGMENN EHF.  
Lágmúla 5, Reykjavík

JÓHANNES ÁSGEIRSSON HRL.  
Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík

KLAPPARVÖR EHF.  
Tryggvagötu 11, Reykjavík

KR.ST. LÖGMANNSSTOFA EHF.  
Pósthólf 712, Reykjavík

LÖGFRÆÐISTOFA  
INGA TRYGGVASONAR  
Borgarbraut 61, Akranes

LÖGFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA  
Hafnargata 51-55, 230 Keflavík

LÖGMANNSSTOFA JÓNS EGILSSONAR  
/ AUÐAR JÓNSDÓTTUR  
Knarrvogi 4, Reykjavík

LÖGMANNSTOFA ÓLAFS  
GÚSTAFSSONAR  
Kringlunni 7, 103 Reykjavík

LÖGMENN HAFNARFIRÐI EHF.  
Reykjavíkurvegi 60, Reykjavík

LÖGMENN THORSPLAN EHF.  
Fjarðargötu 11, Reykjavík

LÖGSÝN EHF.  
Hafnarstræti 1, 400

MAGNÚS BALDURSSON HRL.  
Engjateig 9, Reykjavík

MÁLFLUTNINGSSTOFA  
SNÆFELLSNESS  
Aðalgötu 2, Stykkishólmi, sími 438 1199

MENTIS HF.  
Sigtún 42, Reykjavík

MORGUNBLAÐIÐ  
Hádegismólum 2, 110 Reykjavík

OPUS LÖGMENN  
Austurstræti 17, 101 Reykjavík

RAGNAR AÐALSTEINSSON  
OG SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR  
Klapparstíg 25-27, Reykjavík

## REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær

## SPARISJÓÐUR MÝRARSÝSLU

Borgarbraut 14, Akranes

## SPARISJÓÐURINN Í KEFLAVÍK

Tjarnargata 12, Keflavík

## SÝSLUMAÐURINN Á AKUREYRI

Hafnarstræti 107, Akureyri

## SÝSLUMAÐURINN Á AKRANESI

Stíllholti 16-18, Akranes

## SÝSLUMAÐURINN Á BLÖNDUÓSI

Hnjúkabyggð 33, Blönduós

## SÝSLUMAÐURINN Í HVOLSVELLI

Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur

## SÝSLUMAÐURINN Í SAUÐÁRKRÓKI

Suðurgötu 1, 550 Sauðárkrókur

## SÝSLUMAÐURINN Í HAFNARFIRÐI

Strandgata 31, Sauðárkróki

## SÝSLUMAÐURINN Í BÚÐARDAL

Miðbraut 11, Búðardal

## SÝSLUMAÐUR SNÆFELLINGA

Aðalgata 7, 340

## TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Tryggvagötu 19, Reykjavík



## Í ÞÍNUM HÖNDUM

Hreint og ómengað drykkjarvatn er dýrmætasta auðlind jarðarinnar. Við getum verið þakklát fyrir hversu rík við erum af því. Stöndum vörð um þennan lífsbrunn okkar.

Þrátt fyrir að við höfum yfir að ráða nægum hreinum orkulindum er loftmengun víða langt yfir viðmiðunarmörkum á Íslandi.



Sigurjónsson & Thor ehf.  
Patentbureau - Attorneys at Law

**LR**  
Lögfræðistofa Reykjavíkur

**LANDSLÖG**  
LÖGFRÆÐISTOFA

**Eigendur:**  
Garðar Garðarsson hrl.  
Jóhannes K. Sveinsson hrl.  
Jón Sveinsson hrl.  
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.  
Viðar Lúðvíksson hrl.

**Fulltrúar:**  
Nökkvi Már Jónsson hdl.  
Grimur Sigurðsson hdl.  
Elíkur Jónsson hdl.

Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 520 2900  
Hafnagötu 31, 230 Keflavík, Sími: 421 1733  
Kirkjubraut 28, 300 Akranes

[www.landslog.is](http://www.landslog.is)



NEYTENDASTOFA

SKATTFRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

Sími 550 8800 • Fax 550 8850  
Gjaldfrjálst númer 800 5088  
Borgartúni 7 • 150 Reykjavík  
[www.skattfrann.is](http://www.skattfrann.is)

**LÖGMÁL**

ÁSGEIR ÞÓR ÁRNASON HRL.  
ELVAR ÖRN UNNSTEINSSON HRL.  
LÚÐVÍK ÖRN STEINARSSON HRL.  
MAGNÚS GUÐLAUGSSON HRL.  
ELÍSABET JÚLÍUSDÓTTIR HDL

Lögmat ehf.  
Skólavörðustíg 12 • 101 Reykjavík  
Sími 511 2000 • Fax 511 2001  
[logmal@logmal.is](mailto:logmal@logmal.is) • [www.logmal.is](http://www.logmal.is)

Mörkin lögmannsstofa hf.

MÁLFLUTNINGSSKRIFSTOFAN

ÓSKAR SIGURÐSSON HDL. GUÐJÓN ÆGIR SIGURJÓNSSON HDL.

Austurvegi 6, 800 SELFOSS  
Sími: 482 2299 Símbréf: 482 2229  
[www.mal.is](http://www.mal.is)



**juris**  
LÖGFRÆÐISKRIFSTOFA

HITAVEITA  
SUÐURNESJA HF

Brekkustíg 36  
260 Reykjanesbær  
Sími: 422 5200  
Fax: 421 4727  
Netfang: [hs@hs.is](mailto:hs@hs.is)

PRICEWATERHOUSECOOPERS 



LÝÐHEILSUSTÖÐ



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



DÓMS OG  
KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ



RÍKISENDURSKOÐUN





HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR



HÉRAÐSDÓMUR  
VESTURLANDS

BBA LEGAL  
FORUM LÖGMANNSTOFA  
SÝSLUMAÐURINN Á SELFOSSI  
SÝSLUMAÐURINN Í KEFLAVÍK  
INNHEIMTUSTOFNUN SVEITAFÉLAGA  
BORGARLÖGMENN  
LÖGMENN ÁRBÆ EHF.  
LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM  
KEFLAVÍKURFLUGVELLI  
SKATTSTOFA NORÐURLANDS EYSTRÁ  
LÖGGARÐUR EHF.  
VEITA


# Tvöfalt afl

Til að styrkja enn frekar sérþekkingu okkar og efla þannig þjónustu við viðskiptavinum, höfum við skipt Fulltingi upp í tvær aðskildar lögfræðistofur.



## FULLTINGI slysa- og skaðabótamál ehf.

Fulltingi hefur viðtæka þekkingu og áralanga reynslu af meðferð skaðabótamála. Sérhæfing og persónuleg þjónusta ásamt óbilandi vilja til að ná árangri í þágu viðskiptavina okkar hafa skapað Fulltingi afdráttarlausa sérstöðu í slysa- og skaðabótamálum.




## FULLTINGI lögfræðipjónusta ehf.

Fulltingi hefur um langt skeið veitt fyrir-tækjum, stofnunum og sveitarfélögum fjölbætta og öflugra þjónustu. Í krafti reynslu sinnar og sérþekkingar kappkostar starfsfólk Fulltingis að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á innlendum og erlendum vettvangi.



## FULLTINGI



F I T O N / S I A



# Hundrað ára forskot

LOGOS rekur sögu sína allt aftur til ársins 1907, þegar Sveinn Björnsson opnaði fyrstu málf lutningsskrifstofu landsins. Áhersla á fagmennsku og framsækni hefur skilað LOGOS forystuhlutverki í þjónustu við viðskiptalífíð.

Við veitum viðskiptavinum okkar alla þá liðveislu sem þeir þarfnast hér heima og vinnum náið með þeim til að uppfylla metnaðarfull áform í útlöndum, með öflugri starfsemi í Reykjavík og einnig London sem Sveinn Björnsson hefði verið afar stoltur af.

Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Iceland  
+354 5 400 300  
+354 5 400 301

42 New Broad Street  
London EC2M 1 JD  
+44 (0) 207 920 3000  
+44 (0) 207 920 3099

Codanhus  
Gl. Kongevej 60, 5. sal  
DK-1850 Frederiksberg C  
Danmark  
+45 70 229 224  
+45 70 274 279

logos@logos.is  
www.logos.is

## LOGOS

LÖGMANNSPJÓNUSTA  
SÍÐAN 1907